

Björgvin G. Sigurðsson
viðskiptaráðherra

- 4.1. Bréf frá rannsóknarnefnd Alþingis – sent 8. febrúar 2010
- 4.2. Bréf vegna framlengingar á fresti til andmæla – sent 17. febrúar 2010
- 4.3. Svarbréf frá Björgvin G. Sigurðssyni til rannsóknarnefndar Alþingis – mótttekið 24. febrúar 2010
 - 4.3.1. Fylgiskjöl með svarbréfi frá Björgvin G. Sigurðssyni

Reykjavík, 8. febrúar 2010.

Afhent 8.2.10, kl. 23.30.
Björgvin G. Sigurðsson

Hr. Björgvin G. Sigurðsson

I.

Með lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, var komið á fót sérstakri rannsóknarnefnd til þess að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Nefndinni var einnig falið að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hefði verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og loks hverjir kynnu að bera ábyrgð á því, sbr. 1. mgr. 1. gr. fyrrnefndra laga.

Samkvæmt 13. gr. sömu laga skal nefndin gera þeim, sem ætla má að orðið hafi á mistök eða orðið hafi uppvísir að vanrækslu í starfi, skriflega grein fyrir afstöðu sinni til atriða sem varða þátt þeirra í málinu og nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu sinni til Alþingis.

Af ofangreindu tilefni og með vísan til 1. mgr. 1. gr. og 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur kostur á að koma að viðhorfum yðar til þeirra atriða sem tilgreind eru í III. kafla bréfsins.

II.

Eins og áður segir skal rannsóknarnefnd Alþingis leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 142/2008 er tekið fram að hér sé athyglinni fyrst og fremst beint að stofnunum ríkisins og ráðuneytum sem starfa á þessum sviðum.¹ Þá er tekið fram að með mistökum og vanrækslu sé ekki aðeins vísað til þess þegar tilteknar athafnir fullnægi ekki lagakröfum eða þegar vanrækt sé að fylgja lagaboði. Fleira geti fallið þar undir svo sem að fyrirliggjandi upplýsingar hafi ekki verið metnar með réttum hætti og ákvarðanir teknar á ófullnægjandi forsendum. Þá geti það talist vanræksla að láta hjá líða að bregðast við upplýsingum um yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt.²

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 skal rannsóknarnefnd Alþingis einnig leggja mat á hverjir beri að hennar mati ábyrgð á mögulegum mistökum og hverjir kunni að

¹ Alpt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

² Alpt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi við framkvæmd laga og reglna um fjármáلامarkaðinn og eftirlit með honum og þá innan þess ramma sem starfi rannsóknarnefndarinnar er markaður í lögum. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 142/2008 er tekið fram að með þessu færast sjónarhorn rannsóknarinnar að einstaklingum og þætti þeirra í töku einstakra ákvarðana. Spurt sé hver hafi tekið tilteknar ákvarðanir eða hver hafi átt að bregðast við upplýsingum sem lágu fyrir. Þessum spurningum þurfi bæði að svara út frá því hvað gerðist í raun svo og út frá reglum um valdbærni.¹ Eins og áður sagði skal rannsóknarnefndin samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008 gefa þeim einstaklingum sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvísir að vanrækslu í starfi, í framangreindum skilningi, skriflega grein fyrir afstöðu sinni og skal nefndin veita viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði. Þetta ákvæði á einvörðungu við um þá einstaklinga sem nefndin telur að kunni að bera ábyrgð á svo alvarlegum athöfnum eða athafnaleysi að hún telur rétt að heimfæra það undir „mistök eða vanrækslu“ í skilningi 1. gr. laganna eins og skýra ber hana með hliðsjón af framangreindum lögskýringarsjónarmiðum. Í skýrslu nefndarinnar kann því að verða fjallað um fleiri atriði vegna starfa yðar sem viðskiptaráðherra sem nefndin telur aðfinnsluverð þótt nefndin telji þau ekki falla undir hugtökin „mistök eða vanrækslu“ í framangreindri merkingu laganna. Nefndin tekur fram að við mat á því hvaða atriði í störfum yðar, athafnir eða athafnaleysi, kunni að falla undir „mistök eða vanrækslu“ í framangreindum skilningi, og yður er hér gefinn kostur á að senda nefndinni athugasemdir um, hefur nefndin sérstaklega horft til hvað telja megi að hafi öðru fremur haft þýðingu í aðdraganda og um orsakir að falli bankanna og afleiðingar af sömu atburðum.

Þau atriði sem yður er hér með veitt tækifæri til að koma skriflegum athugasemdum eru eftirfarandi en nefndin hefur jafnframt rætt mörg af þessum atriðum við yður við skýrslutöku.

III.

1.

Samráðshópi forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins um fjármálastöðugleika og viðbúnað var komið á fót með samkomulagi sömu aðila 21. febrúar 2006. Þar er hlutverk samráðshópsins tilgreint sem „vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta“. Samráðshópurinn er sagður „ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir“. Athygli vekur að í samkomulaginu er ekki sérstaklega tekið fram að það sé hlutverk samráðshópsins að semja tillögu að sameiginlegri viðbúnaðaráætlun stjórnvalda. Skilningur margra þeirra sem skýrslu gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis virðist hafa verið sá að hlutverk samráðshópsins hafi verið, sem ráðgefandi aðila, að gera tillögu að sameiginlegri viðbúnaðaráætlun stjórnvalda, væntanlega til að tryggja tímabær, samhæfð og undirbúin viðbrögð við fjármálaáfalli og koma í veg fyrir misskilning um verkaskiptingu stjórnvalda.

¹ Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

Þegar farið er yfir drög að fundargerðum samráðshópsins og skýrslur meðlima hópsins fyrir rannsóknarnefnd Alþingis verður ekki séð að áhersla hafi verið lögð á gerð viðbúnaðaráætlunar af hálfu hópsins fyrr en á 8. fundi hans 18. mars 2008. Eftir það urðu fundir hópsins mun tíðari. Dagana 18. mars til 21. apríl 2008 hélt hópurinn sjö fundi. Á þeim var m.a. fjallað um gerð viðbúnaðaráætlunar. Með hliðsjón af því sem fram kemur í drögum að fundargerðum samráðshóps stjórnvalda á þessu tímabili virðist sem dregið hafi úr þeirri áherslu sem ríkti frá 18. mars 2008 varðandi gerð viðbúnaðaráætlunar. Á næstu fjórum fundum, dagana 28. apríl til 29. maí, er ýmist lítið eða ekkert fjallað um gerð hennar.

Í skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að bæði Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu reynt að kalla eftir því að mótuð yrði stefna um ákveðin atriði. Sagði hann að minnisblaðið sem hann lagði fram 7. júlí 2008 um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli hefði t.a.m. hlotið litla umræðu. Minnt skal á að eins og áður sagði var samráðshópnum ætlað að vera vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta en ekki að taka ákvarðanir sem slíkur.

Það er ljóst af þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað um starf samráðshópsins, og af því sem fram kom við skýrslutökur fyrir nefndinni, að á fundum hópsins komu ítrekað fram allt frá því í nóvember 2007 og fram að falli bankanna í október 2008 upplýsingar um slæma stöðu og horfur um rekstur íslensku bankanna og sparisjóða með tilheyrandi áhrifum á fjármálastöðugleika hér á landi og efnahagshorfur. Á fundum samráðshópsins var eins og áður greinir rætt um og lagðar fram tillögur frá fulltrúum einstakra stofnana sem áttu aðild að hópnum um nauðsyn þess að gerð yrði viðbúnaðar- og aðgerðaráætlun af hálfu stjórnvalda. Í tengslum við þetta voru lögð fram á fundum samráðshópsins gögn og samantektir, sérstaklega af hálfu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, til undirbúnings því að ráðist yrði í gerð slíkrar áætlunar. Af hálfu fulltrúa þessara stofnana var kallað eftir pólitískri stefnumörkun um ákveðin atriði og þá af hálfu þeirra ráðuneyta sem fulltrúa áttu í samráðshópnum.

Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, sat fund í samráðshópnum 15. nóvember 2007 en var í leyfi frá störfum frá því um miðjan desember 2007 fram til 1. ágúst 2008. Þegar hún mætti aftur til starfa tók hún jafnframt aftur sæti í samráðshópi stjórnvalda. Við skýrslutöku lýsti Jónína því að hún hefði jafnan gert viðskiptaráðherra munnlega grein fyrir því sem fram hefði farið á fundum í samráðshópnum. Í skýrslu Áslaugar Árnadóttur, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu, sem var settur ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins í fjarveru Jónínu, kom fram að Áslaug hefði eftir hvern fund rætt við yður og eftir atvikum aðstoðarmann yðar. Í skýrslu yðar fyrir nefndinni kom fram að þér hefðuð ekki séð skjöl sem voru lögð fram á fundum samráðshópsins en hins vegar hefðuð þér rætt við ráðuneytisstjóra um fundina.² Aðspurður könnuðust þér ekki við að ráðuneytisstjóri hefði vegna setu í samráðshópnum komið til yðar og óskað eftir afstöðu yðar til þess hvort ráðast ætti í gerð viðbúnaðar- og aðgerðaáætlunar í tilefni af framkomnum tillögum innan samráðshópsins og um pólitíska stefnumörkun af því tilefni.

² Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 35.

Af svörum yðar og fulltrúa ráðuneytis yðar í samráðshópnum fyrir rannsóknarnefndinni verður ekki annað ráðið en yður hafi átt að vera ljós hver var framvindan í starfi samráðshópsins og hvaða áhyggjur komu fram þar um stöðu fjármálafyrirtækjanna, sérstaklega af hálfu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Þá hefur því verið lýst fyrir nefndinni af hálfu fulltrúa viðskiptaráðuneytisins sem sátu í samráðshópnum að viðhorfsmunur hafi verið innan hópsins m.a. um það hvernig og hversu langt ætti að ganga í gerð viðbúnaðar- og aðgerðaáætlunar. Þar hafi fulltrúar forsætisráðuneytisins og sérstaklega fjármálaráðuneytisins ekki talið tilefni til að fylgja málinu fram m.a. gagnvart ráðherrum og um gerð áætlunarinnar eins og óskir voru um af hálfu annarra fulltrúa innan hópsins.

Allir þeir sem sæti áttu í samráðshópnum voru störfum hlaðnir. Það var því ekki við því að búast að þeir hefðu mikinn tíma aflögu til þess að semja viðbúnaðaráætlun. Samráðshópurinn varð því að treysta á Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið um slíka aðstoð. Til þess að vinna þá vinnu töldu bæði Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að fá pólitíska stefnumótun um ákveðin atriði. Af hálfu Seðlabankans var jafnframt lagt til að fenginn yrði einstaklingur eða einstaklingar til að stýra undirbúningi að viðbúnaðarstarfi stjórnvalda. Miðlun upplýsinga frá samráðshópnum til ráðherra virðist ekki hafa verið í föstum skorðum. Hlutaðeigandi ráðherrar héldu ekki reglulega fundi til þess að fara yfir verkefni og afrakstur af vinnu samráðshópsins og sinna yfirstjórn á verkefninu að því leyti sem það heyrði undir þá, en hér var um afar mikilvægt verkefni að ræða fyrir íslensku þjóðina. Tillögur og skjöl um nauðsyn viðbúnaðar sem lögð voru fram í samráðshópnum af hálfu einstakra stofnana fengu ekki formlega afgreiðslu hjá þeim ráðherrum sem áttu fulltrúa í hópnum.

Samkvæmt 2. tölul. 13. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands fer viðskiptaráðherra með málefni er varða fjármálamarkaði. Samkvæmt samkomulagi frá 21. febrúar 2006 sat fulltrúi viðskiptaráðherra í samráðshópnum.

Þrátt fyrir framangreint og þær alvarlegu horfur sem lýst hafði verið innan samráðshópsins um stöðu íslensku fjármálafyrirtækjanna hafa engin gögn eða upplýsingar komið fram fyrir rannsóknarnefndinni um að þér sem viðskiptaráðherra hafið á vettvangi ríkisstjórnar eða í samskiptum við aðra ráðherra sem áttu fulltrúa í samráðshópnum tekið til umfjöllunar hver væri staðan í starfi samráðshópsins eða fylgt því eftir að ráðist yrði í gerð viðbúnaðar- og aðgerðaráætlunar af því tagi sem Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið töldu þörf á. Það var fyrst á ríkisstjórnarfundi 12. ágúst 2008 sem þér lögðu fram tillögu um skipun nefndar í því skyni að vinna tillögur til að draga úr líkum á því að fjármálafyrirtæki lenti í erfiðleikum og draga úr áhrifum þess ef það gerðist. Forsvarsmenn Landsbanka Íslands hafa síðan frumkvæði að því að ræða við yður þegar líður á ágústmánuð 2008 vegna þeirrar stöðu sem upp var komin í samskiptum þeirra við bresk stjórnvöld og í framhaldi af því farið þér til fundar ásamt fleirum við fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008.

Að framansögðu athuguðu hefur rannsóknarnefnd það til úrlausnar hvort þér hafið sem viðskiptaráðherra sýnt af yður vanrækslu, í þeirri merkingu sem lýst er í II. kafla hér að framan, með því að hafa ekki brugðist við með úrræðum sem yður voru tiltæk sem

viðskiptaráðherra þrátt fyrir þær upplýsingar sem fram voru komnar innan ráðuneytis yðar um alvarlega stöðu í rekstri fjármálafyrirtækjanna og hættu á fjármálaáfalli. Nefndin vísar þar sérstaklega til þess að engin gögn liggja fyrir um að þér hafið tekið þessi mál upp á vettvangi ríkisstjórnar fyrr en 12. ágúst 2008 eða við þá ráðherra innan ríkisstjórnarinnar sem fóru með þau málefna svið sem þarna komu helst við sögu og áttu fulltrúa í samráðshópnum. Einnig verður heldur ekki séð að þér hafið tekið það upp við þá ráðherra sem áttu fulltrúa í samráðshópnum hvort tilefni væri til þess að vinnu samráðshópsins yrði stýrt á markvissari hátt bæði innan samráðshópsins og af hálfu ráðherra sem áttu aðild að hópnum gegnum fulltrúa sína þar. Rannsóknarnefndin tekur fram að hún telur að byggja verði á því að á ráðherra og viðkomandi ráðuneyti hvíli sú skylda að stjórnlögum að hafa almennt eftirlit með því hver er í stórum dráttum framvinda í þeim málefnum sem heyra undir ráðuneytið og þá í þeim tilgangi að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til afskipta af hálfu ráðuneytisins á grundvelli gildandi lagareglna og eftir atvikum að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytingar á lögum og/eða umfjöllun um málið á vettvangi ríkisstjórnar sem mikilvægt stjórnarmálefni.

2.

Rannsókn nefndarinnar leiðir í ljós að í ríkisstjórn Íslands var lítið rætt um stöðu bankanna og lausafjárkreppuna sem hófst undir loks sumars 2007 og ágerðist eftir því sem á leið. Hvorki verður séð af fundargerðum ríkisstjórnarinnar né frásögnum þeirra sem skýrslur gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að þeir ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem fóru með efnahagsmál í formi hagstjórnar almennt (forsætisráðherra), bankamál (viðskiptaráðherra) eða fjármál ríkisins (fjármálaráðherra) hafi upplýst ríkisstjórnina sérstaklega um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á efnahag og fjármál ríkisins frá því að þrengja tók að bönkunum og þar til bankakerfið riðaði til falls í október 2008. Á því tímabili hafði þó verið fjallað á gagnrýninn hátt um íslensku bankana í innlendum sem erlendum fjölmiðlum, íslenska krónan hafði veikst verulega auk þess sem skuldatryggingarálag bankanna fór hækkandi. Ekki verður því annað séð en fullt tilefni hafi verið til að ræða málefni bankanna ítarlega í ríkisstjórn. Við mat á því tilefni verður ekki síst að horfa til hlutfallslegrar fyrirferðar bankanna í íslensku efnahagslífi á þeim tíma m.t.t. helstu þjóðhagslegu stærða.

Samkvæmt svörum forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis við fyrirspurnum rannsóknarnefndar Alþingis gerðu þessi ráðuneyti á árunum 2007 og 2008 og fram að falli bankanna engar úttektir eða mátu með öðrum formlegum hætti hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra. Í því sambandi má telja að hafa hefði þurft í huga annars vegar umfang þeirrar starfsemi í hlutfalli við stærð íslensks efnahagslífs og hins vegar hugsanlegar eða þegar orðnar breytingar á rekstrarumhverfi og starfsháttum fjármálafyrirtækjanna, svo sem stofnun innlánsreikninga í erlendum útibúum íslenskra fjármálastofnana og söfnun innlána gegnum þá. Verður þannig ekki séð að yfirlýsingar af hálfu ráðherra í ríkisstjórn um að staðið yrði við bakið á bönkunum hafi verið byggðar á útreikningum sem hefðu getað stutt við mat á því hvort

ríkið hefði bolmagn til slíks stuðnings og þá í hvaða mæli. Þá verður heldur ekki séð að þér hafið sem viðskiptaráðherra beitt yður fyrir því að lagt yrði faglegt mat á það hvort og eftir atvikum hver væri geta ríkissjóðs til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins, einu eða fleiri, áður en tekin var afstaða til þess hvaða yfirlýsingar væri skynsamlegt og réttmætt að gefa opinberlega.

Með sama hætti verður ekki séð að af hálfu yðar sem viðskiptaráðherra eða ríkisstjórnarinnar hafi verið lagt mat á þá fjárhagslegu áhættu og áhrif sem kynnu að fylgja auknum skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir fjármál ríkisins og efnahag landsins ef á þessar skuldbindingar reyndi. Hér hefur rannsóknarnefnd líka í huga að eins og þér lýstuð við skýrslutöku fyrir nefndinni þá var sá skilningur uppi innan viðskiptaráðuneytisins að þótt Tryggingarsjóðurinn væri sjálfstæður bæri „ríkinu [...] að aðstoða sjóðinn til að afla sér fjármagns til að standa undir skuldbindingunum“ og þar vísuðu þér til þess að það væru hinar „þjóðréttarlegu skuldbindingar“.³ Um innlán kemur það einnig til að óháð lagalegum álitaefnum um hugsanlega aðkomu íslenska ríkisins að skuldbindingum sjálfeignarstofnunarinnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sýnir reynslan að umræddar skuldbindingar innlánsstofnana hafa ákveðna sérstöðu þegar kemur að vali stjórnvalda á leiðum til að bregðast við og greiða úr áföllum vegna greiðsluþrots innlánsstofnunar. Þar var því sjálfsætt um að ræða atriði sem gat skipt máli við mat á fjárhagslegri áhættu íslenska ríkisins vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna.

Með vísan til þess sem rakið hefur verið undir þessum lið er það til athugunar hjá rannsóknarnefndinni hvort þér hafið sýnt af yður vanrækslu, í þeirri merkingu sem lýst er í II. kafla hér að framan, með því að hafa ekki frumkvæði að því, og þá að því marki sem féll undir verkefni yðar og starfsskyldur sem viðskiptaráðherra, að þessi atriði yrðu tekin til umræðu á vettvangi ríkisstjórnar og lagt yrði með formlegum hætti mat á fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins vegna starfsemi fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis og þá sérstaklega um þau atriði sem að framan greinir.

3.

Þrátt fyrir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, matsfyrirtækin og bankastjórar erlendra seðlabanka bentu á að íslensku fjármálafyrirtækin væru orðin of stór miðað við íslenska hagkerfið og drægju í efa getu íslenska ríkisins til að koma þeim til bjargar, kom það fram í skýrslum forsvarsmanna bankanna fyrir rannsóknarnefnd að hvorki Seðlabanki Íslands, Fjármálaeftirlitið né ráðherrar hefðu lagt fyrir þá formlegar tillögur um að draga úr stærð sinni eftir að lausafjárfreppan hófst undir lok sumars 2007 og fram að falli íslensku fjármálafyrirtækjanna. Á hinn bóginn kveðast þeir ýmist ekki muna eða útiloka ekki að stjórnvöld hafi með almennum hætti lagt að þeim að draga úr útlánum og færa niður efnahagsreikning bankanna. Nefndin hefur það því til athugunar hvort þér sem

³ Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 26.

viðskiptaráðherra hafið í þessu efni sýnt af yður mistök eða vanrækslu í þeim skilningi sem lýst var hér að framan.

4.

Þegar þér komuð til starfa sem viðskiptaráðherra í lok maí 2007 lá fyrir yður að taka afstöðu til þess að skipa nefnd sem yfirfara ætti ákvæði laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi þeirra. Nefndina skipuðuð þér 30. maí 2007. Forvera yðar í embætti viðskiptaráðherra barst erindi frá Samtökum fjármálafyrirtækja um áramótin 2006-2007. Það laut að beiðni um endurskoðun reglna um undanþágur frá því hvað teldust tryggð innlán og þar með greiðslum til sjóðsins. Í framhaldi af því erindi óskaði forveri yðar eftir tilnefningum í umrædda nefnd. Það erindi sem varð tilefni nefndarstarfsins laut fyrst og fremst að söfnun svonefndra heildsöluinnlána af hálfu íslensku bankanna í útibúum þeirra erlendis. Þau voru á þessum tíma orðin umtalsverð. Landsbankinn hafði þar til viðbótar hafið starfsemi svonefndra Icesave reikninga í Bretlandi í október 2006. Þar var um að ræða netinnlánsreikninga fyrir einstaklinga, eins og vart þarf að rekja nánar. Inneignir á þessum reikningum jukust hratt. Í lok maí 2007 voru þær orðnar nær 3 milljarðar sterlingspunda og urðu hæstar í desember 2007 eða 4,9 milljarðar sterlingspunda. Á árinu 2007 fór hlutdeild erlendra aðila í innlánnum bankanna yfir 50%. Eins og áður sagði voru Icesave reikningarnir ætlaðir einstaklingum. Þar sem reglur um íslenska tryggingarsjóðinn miðuðu við hvern innlánseiganda var tilkoma þessara reikninga mjög til að auka á skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Reglur um greiðslur bankanna í sjóðinn fóru fram einu sinni á ári, og þá eftirá. Þær voru miðaðar við meðaltal innlána á næstliðnu ári auk þess sem takmörk voru á hversu mikinn hluta árlegrar greiðslu innlánsstofnanir þurftu að greiða í peningum. Af þessum reglum leiddi að hin hraða aukning innlána hjá bönkunum á stuttum tíma skilaði sér ekki í sama mæli og samhliða í Tryggingarsjóðinn.

Af upplýsingum um starf þeirrar nefndar sem vann að endurskoðun laga um innstæðutryggingar er ljóst að þar voru tekin saman drög að lagafrumvarpi og þau voru kynnt yður. Í kjölfar þess að bankinn Northern Rock í Bretlandi lenti í erfiðleikum haustið 2007 ákvað nefndin að gera úttekt á innstæðum íslenskra banka og skiptingu þeirra milli innstæðna í erlendum og innlendum útibúum bankanna. Þessi úttekt var framkvæmd í nafni viðskiptaráðuneytisins. Niðurstöður hennar lágu fyrir í desember 2007. Þær miðuðust við stöðu innlána í lok september. Í svari viðskiptaráðuneytisins sem barst rannsóknarnefndinni 4. mars 2009 kemur fram að drög að lagafrumvarpi hafi í kjölfar þessa verið kynnt yður í janúar 2008. Síðan segir í svarinu: „Ákvað hann að ekki væri ráðlegt að leggja frumvarp um þetta efni fram að svo stöddu, þar sem slíkt gæti leitt til enn meiri óróleika á fjármálamörkuðum og jafnvel skapa hættu á áhlaupi á banka og sparissjóði.“ Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni kom fram hjá yður að þér hefðuð farið með umrætt frumvarp inn í ríkisstjórn og það hefði verið rætt þar en ákveðið hefði verið m.a. að tillögu forsætisráðherra að flytja það ekki.⁴ Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, sagði við skýrslutöku fyrir

⁴ Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 24.

nefndinni að honum hefði ekki verið kunnugt um að búíð hefði verið að semja slíkt lagafrumvarp. Hann kannaðist ekki við að rætt hefði verið í ríkisstjórn hvort leggja ætti slíkt frumvarp fram. Við athugun nefndarinnar á fundargerðum ríkisstjórnar og þeim gögnum sem þar voru lögð fram eða send frá viðskiptaráðuneytinu til ríkisstjórnar á þessum tíma verður ekki séð að slíkt lagafrumvarp hafi verið til umfjöllunar í ríkisstjórn.

Rannsóknarnefndin tekur fram að auk þeirra tölulegu upplýsinga sem lágu fyrir í viðskiptaráðuneytinu í lok árs 2007 um innlán í bönkum og sparisjóðum voru ítrekað lögð fram á fundum samráðshóps stjórnvalda gögn frá viðskiptaráðuneytinu um innlánstryggingar, hugmyndir um að ríkið tæki á sig ábyrgð á innlánnum að tiltekinni fjárhæð og hversu vanmáttugur Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta væri fjárhagslega ef til þess kæmi að hann þyrfti, þótt ekki væri nema ef illa færi hjá Sparisjóði Mýrasýslu, að standa innstæðueigendum skil þeim fjárhæðum sem kveðið væri á um í lögum og að lágmarki samkvæmt tilskipun ESB nr. 94/19/EB. Tekið skal fram að við rannsókn nefndarinnar hafa ekki komið fram nein gögn um að þér hafið sem viðskiptaráðherra í kjölfar þess að ákveðið var að fara ekki fram með frumvarp á Alþingi til breytinga á lögum um innstæðutryggingar beint því til þeirra banka sem voru fyrirferðamestir í söfnun innlána í erlendum útibúum að breyta starfsháttum sínum að þessu leyti til að draga úr þeim skuldbindingum sem hvíldu á íslenska tryggingarsjóðnum og þar með þeirri áhættu sem af því leiddi ef það ástand á fjármálamörkuðum sem var sögð ástæða þess að ekki var farið fram með frumvarpið leiddi til áfalla í rekstri bankanna.

Rannsóknarnefndin hefur því til athugunar hvort það verði að teljast vanræksla af yður, í þeim skilningi sem lýst er í II. kafla hér að framan, að hafa ekki sem viðskiptaráðherra og þar með sá ráðherra í ríkisstjórninni sem fór með málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta brugðist frekar við en ráðið verður af þeim gögnum og upplýsingum sem nefndin hefur aflað, og lýst er í meginatriðum hér að framan, til að takmarka þá hættu sem var á að hin mjög auknu innlán íslensku bankana, sérstaklega í útibúum erlendis, leiddu til þess að Tryggingarsjóðurinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Að sama skapi voru ekki með lagabreytingum gerðar ráðstafanir til að ráðstöfunarfé sjóðsins ykist í sama mæli og með sama hraða og innlánin eða reglum um greiðslur úr sjóðnum breytt til að gera sjóðinn betur í stakk búinn til að mæta auknum skuldbindingum og það gagnvart aðilum búsettum erlendis og vegna starfsemi sem þar fór fram.

5.

Varðandi það í hvaða mæli áhyggjur stjórnvalda af innlánastarfsemi Landsbankans í Bretlandi komu fram og voru ræddar innan íslensks stjórnkerfis í aðdraganda falls bankanna má að minnsta kosti ótvírætt sjá af gögnum og öðrum heimildum rannsóknarnefndar að þær áhyggjur voru ítrekað og ítarlega ræddar á vettvangi þess samráðshóps þriggja ráðherra, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins sem áður var getið um. Ljóst er að í febrúar 2008 höfðu bankastjórar Landsbankans sjálfir í samtölum við íslensk stjórnvöld fært fram þá tillögu að lausn á miklum ábyrgðum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta að Icesave innlánsreikningarnir yrðu færðar úr útibúi yfir í dótturfélag bankans í London. Það var síðan

sumarið 2008 sem breska fjármálaeftirlitið (FSA) lagði áherslu á að þessi leið yrði farin. Þrátt fyrir þessar umræður hafa ekki komið fram við rannsókn nefndarinnar nein skjöl, gögn eða ótvíræðar upplýsingar í skýrslutökum sem gætu orðið til að varpa ljósi á það hvort og að hvaða marki íslensk stjórnvöld lögðu á þessum tíma að Landsbankanum að fara þessa leið. Þá liggur ekki fyrir að ráðherrarnir þrír sem áttu fulltrúa í samráðshópnum hafi sjálfir kallað eftir eða óskað eftir því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið kölluðu eftir tímasettum áformum Landsbankans um að færa Icesave reikningana yfir í dótturfélag eða upplýsingum um hvort eitthvað stæði því í vegi að farið yrði að þeim vilja breska fjármálaeftirlitsins að reikningarnar yrðu fluttir til dótturfélags. Formlegar upplýsingar þar um hlutu að skipta máli við mat á því hvort tilefni væri til inngripa af hálfu ríkisstjórnar Íslands til að greiða fyrir því að af flutningnum gæti orðið. Í þessu ferli verður ekki séð að ríkisstjórnin og íslensk eftirlitsstjórnvöld hafi samhæft viðbrögð með sérstökum aðgerðum eða áætlunum á um að greiða fyrir flutningi Icesave reikninganna. Þá var heldur ekki tekið af skarið um það hvaða aðili innan íslenska stjórnkerfisins ætti að hafa forgöngu um að þrýsta á lausn málsins eða tilteknum starfsmanni eða starfsmönnum falið að vinna sérstaklega að málinu. Raunar er það svo að við skýrslutökur fyrir nefndinni kom ítrekað fram í svörum ráðherra og stjórnenda ráðuneytanna, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans að þeir töldu að það hefði ekki verið í verkahring sinnar stofnunar að þrýsta á um þetta eða hafa forgöngu í málinu en vísuðu þess í stað á aðrar stofnanir.

Það er ljóst að í ágústmánuði 2008 dró enn frekar til tíðinda í samskiptum Landsbankans og breska fjármálaeftirlitsins (FSA) sem setti bréflaga fram viðvaranir um að til þess gæti komið að það beitti valdheimildum sínum gagnvart innlánsstarfsemi útibúsins í Bretlandi. Við bættist einnig að fyrir um sumarið hafði Landsbankinn hafið starfsemi Icesave reikninga í útibúi bankans í Hollandi með tilheyrandi áhrifum á skuldbindingar íslenska tryggingarsjóðsins. Þessi staða í samskiptum Landsbankans og FSA varð til þess að stjórnendur Landsbankans sneru sér til ráðuneytis yðar og áttu fund með yður. Í framhaldi af því óskuðuð þér eftir að eiga fund með fjármálaráðherra Bretlands um málið. Fór sá fundur fram ytra 2. september 2008.

Af frásögnum af fundi yðar og sendinefndar íslenskra stjórnvalda með fjármálaráðherra Bretlands í London 2. september 2008 verður ekki annað séð en að íslensku fulltrúunum hafi mátt vera ljóst að frá sjónarhóli fjármálaráðherra Bretlands var á þessum tíma talin veruleg hættu á því að Landsbankinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum Icesave reikninganna. Breski ráðherrann lýsti í því efni ráðagerðum um hvernig bresk stjórnvöld myndu ábyrgjast innstæður að fullu og spurði Íslendingana einfaldlega að því hvert ætti að senda reikninginn. Þótt vissulega hafi á fundinum verið rætt um óskir Landsbankans um að fá hæfilegan umþóttunartíma til flutnings Icesave reikninganna í dótturfélag og fram hafi komið að breski ráðherrann hafi sýnt því skilning að ekki mætti ganga of hart fram í málinu þá mátti fulltrúum íslenskra stjórnvalda vera ljóst að viðbrögð breskra stjórnvalda mótuðust fyrst og fremst af því að gæta hagsmuna breskra innstæðueigenda og forða því að vandkvæði í rekstri Icesave reikninganna kölluðu fram áhlaup á banka í Bretlandi og óróa hjá eigendum innstæðna. Þessi staða málsins og mat breska

fjármálaráðuneytisins á alvöru þess átti að vera íslenskum stjórnvöldum enn ljósari eftir að starfsmaður ráðuneytisins hafði sett sig í samband við sendiherra Íslands í London 5. september 2008 og kynnt honum að breski ráðherrann hefði orðið fyrir vonbrigðum með fundinn 2. september 2008 þar sem honum hefði fundist íslensk stjórnvöld ekki hafa skilið alvöru málsins.

Hér þarf líka að hafa í huga að íslenska sendinefndin sem fundaði með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008 var í reynd að óska eftir því að bresk yfirvöld féllust á að um tíma yrðu ekki nægar eignir í dótturfélagi Landsbankans, Heritable Bank, til að mæta skuldbindingum vegna þeirra innlána sem flutt yrðu úr útibúinu. Miðað við það sem rætt hafði verið um í samskiptum Landsbankans og FSA var þarna væntanlega um að ræða allt að helming þeirra eigna sem FSA hafði gert kröfu um að yrðu færðar til dótturfélagsins eða um 2,5 milljarðar punda. Íslendingar voru þannig að óska eftir að það yrði á áhættu Breta að mæta skakkaföllum sem af þessu leiddi.

Þrátt fyrir fundinn í London 2. september 2008 og ábendingar sem bárust frá Bretlandi í kjölfar hans um viðhorf breska fjármálaráðherrans verður hvorki séð að þér sem viðskiptaráðherra hafið á næstu vikum þar á eftir fylgt þeim atriðum eftir gagnvart Landsbankanum eða breskum stjórnvöldum eða að sömu aðilar hafi kannað hvaða leiðir kynnu að vera færar til að greiða fyrir flutningi Icesave reikninganna yfir í dótturfélög. Ef það var á annað borð stefna íslenskra stjórnvalda og vilji að Icesave reikningarnir yrðu sem allra fyrst fluttir frá útibúi Landsbankans í London yfir í dótturfélag þar, mátti þeim ráðherrum sem komu að málinu og stjórnendum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins vera það ljóst að mál höfðu þróast þannig í ágúst og í byrjun september 2008 að hvað sem leið væntingum Landsbankans um að ná samkomulagi við FSA var þörf á beinni aðkomu íslenskra stjórnvalda að málinu. Sjá má fyrir sér að sú aðkoma hefði þurft að beinast að því að kanna hvort og hvernig íslensk stjórnvöld gætu með tímabundinni og skilyrtri fjárhagslegri fyrirgreiðslu eða öðru móti greitt fyrir því að flutningur reikninganna gæti átt sér stað. Í húfi voru verulegir hagsmunir tengdir því að varðveita fjármálastöðugleika á Íslandi og þar með almannahagsmunir. Rétt er líka að taka fram að á fundum samráðshóps þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans bæði 20. ágúst og 4. september 2008 kom fram það viðhorf að Landsbankamenn áttuðu sig ekki fullkomlega á stöðu málsins.

Nefndin hefur það því til athugunar í þessu sambandi hvort um hafi verið ræða mistök og vanrækslu af yðar hálfu sem viðskiptaráðherra, í þeim skilningi sem lýst er í II. kafla hér að framan, annars vegar að hafa ekki svo séð verði áður en fulltrúar Landsbankans sneru sér sjálfir til ráðuneytis yðar í ágúst 2008 formlega haft afskipti af því hvernig greiða mætti fyrir því af hálfu íslenskra stjórnvalda að flutningur Icesave reikninganna í Bretlandi yfir í dótturfélag gengi eftir. Hins vegar að hafa ekki, að séð verður, fylgt því eftir með formlegum hætti á vettvangi íslenskra stjórnvalda, gagnvart Landsbankanum eða erlendum stjórnvöldum eftir fundinn í London 2. september 2008, hver hefði getað orðið aðkoma íslenskra stjórnvalda ef það var á annað borð vilji stjórnvalda að greiða fyrir því að Icesave reikningarnir yrðu fluttir yfir í dótturfélag Landsbankans erlendis.

6.

Við rannsókn nefndarinnar hefur komið fram að í ágústmánuði 2008 komu fram fyrirspurnir frá erlendum stjórnvöldum og innstæðutryggingarsjóðum um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Í kjölfarið fylgdu auk þess fyrirspurnir um hvort og þá hvernig yrði hagað hugsanlegri aðkomu íslenska ríkisins ef Tryggingarsjóðurinn gæti ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar. Þessum fyrirspurnum var meðal annars beint til viðskiptaráðuneytisins og það ráðuneyti eða starfsmenn þess svöruðu að jafnaði þessum fyrirspurnum fyrir hönd Stjórnarráðsins. Áður en þessar fyrirspurnir bárust hafði ítrekað verið rætt um málefni Tryggingarsjóðsins á fundum samráðshóps stjórnvalda um viðbúnað og fjármálastöðugleika og hversu greiðslugeta hans væri lítil ef til verulegra áfalla kæmi í rekstri íslensku fjármálafyrirtækjanna. Af fyrirliggjandi gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað, þ.m.t. úr starfi samráðshópsins og tölvupóstsamskiptum fulltrúa í hópnum, er ljóst að í kjölfar hinna erlendu fyrirspurna komu fram mismunandi sjónarmið af hálfu fulltrúa þeirra ráðuneyta og stofnana sem aðild áttu að samráðshópnum um hvert væri inntak þeirra skyldna sem íslenska ríkið hefði tekið á sig á grundvelli EES samningsins um innleiðingu á tilskipun nr. 94/19/EB um innlánatryggingakerfi. Beindist þetta sérstaklega að því hvort ríkissjóði Íslands væri skylt, og þá með fjárhagslegri aðkomu, að gera Tryggingarsjóðnum kleift að standa við greiðslu á þeirri lágmarksfjárhæð sem kveðið væri á um í lögum um sjóðinn og áður nefndri tilskipun til allra innstæðueigenda í íslensku bönkunum, hvort sem það væri í útibúum hér á landi eða erlendis. Mismunandi viðhorf að þessu leyti leiddu að ákveðnu marki til þess að tafir urðu á svörum við fyrirspurnum hinna erlendu aðila. Þetta hafði einnig áhrif þegar kom að orðalagi þeirra svara sem íslensk stjórnvöld sendu frá sér. Fyrir liggur að af hálfu íslenskra stjórnvalda var ekki leitað sérstaklega eftir lögfræðilegu mati eða ráðgjöf sérfræðinga utan ráðuneytanna um þetta atriði fyrr en eftir fall bankanna. Þá hafa heldur ekki komið fram gögn sem sýnt gætu að umrætt atriði hafi verið sérstaklega kannað á þessum tíma af hálfu þeirra starfsmanna ráðuneytanna sem komu að málinu umfram það að lesa áður nefnda tilskipun.

Þar sem málefni laga um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta féllu undir ráðuneyti yðar hefur rannsóknarnefndin til athugunar hvort í tilviki yðar sem viðskiptaráðherra verði að telja það hafa verið vanræksla í þeirri merkingu sem lýst er í II. kafla hér að framan að þess hafi ekki verið gætt, og þá af hálfu yðar og viðskiptaráðuneytisins, að leggja nægjanlegan lögfræðilegan grundvöll að því hvað ætla mátti um þá réttarstöðu sem leiddi af tilskipun nr. 94/19/EB um fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt henni áður en til þess kom að lagður var grunnur að efni svara íslenskra stjórnvalda í tilefni af fyrirspurnum sem borist höfðu frá erlendum stjórnvöldum, einkum breskum.


V.

Með vísan til 2. málsl. 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur kostur á að koma að viðhorfum yðar til framangreindra atriða. Þess er óskað að svör yðar berist fyrir kl. 16.00 hinn 19. febrúar 2010 að skrifstofu nefndarinnar að Skeifunni 19 í Reykjavík. Að öðrum kosti

Rannsóknarnefnd Alþingis

verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við vinnslu á skýrslu nefndarinnar. Þess er óskað að svörin berist einnig á stafrænu formi, t.d. USB-lykli eða geisladiski. Ef þér teljið yður þurfa að fá aðgang að skjalasafni viðskiptaráðuneytisins til þess að koma að viðhorfum yðar er þess óskað að þér látið rannsóknarnefndina vita sem fyrst svo greiða megi götu yðar í því efni.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd rannsóknarnefndar Alþingis,



Páll Hreinsson.

Rannsóknarnefnd Alþingis

Reykjavík, 17. febrúar 2010.

Hr. Björgvin G. Sigurðsson.

Vísað er til bréfs rannsóknarnefndar Alþingis til yðar frá 8. febrúar 2010 þar sem yður var veitt tækifæri til að koma athugasemdum yðar á framfæri við nefndina á grundvelli 13. gr. laga nr. 142/2008 um afmörkuð atriði.

Þar sem hluti þeirra, sem veitt var færi á að koma að slíkum athugasemdum, hefur óskað eftir lengri fresti til þess að koma þeim á framfæri, hefur rannsóknarnefndin ákveðið að framlengja umræddan frest til miðvikudagins 24. febrúar nk..

Með vísan til 2. másl. 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur frestur til þess að koma viðhorfum yðar á framfæri við nefndina og er óskað að svör yðar berist fyrir kl. 17.00 hinn 24. febrúar 2010 til skrifstofu nefndarinnar að Skeifunni 19 í Reykjavík. Að öðrum kosti verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við vinnslu á skýrslu nefndarinnar. Þess er óskað sem fyrr að svörin berist einnig á tölvutæku formi, t.d. USB lykli eða á geisladiski.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd rannsóknarnefndar Alþingis,



Páll Hreinsson.

Rannsóknarnefnd Alþingis
Skeifunni 19,
108 Reykjavík.

Selfossi, 24. febrúar 2010

Vísað er til bréfs rannsóknarnefndarinnar frá 8. febrúar sl., þar sem nefndin kynnir fyrir mér nokkur atriði sem hún íhugar að fjalla um í skýrslu sinni og telur að geti talist vanræksla eða mistök af minni hálfu í embætti viðskiptaráðherra í aðdraganda bankahrunsins. Með bréfinu er mér veitt tækifæri til þess að greina frá afstöðu minni til þeirra atriða sem þar koma fram og þeirra ályktana sem nefndin íhugar að draga af þeim.

Allar ávirðingar um vanrækslu eða mistök í starfi eru eðli málsins samkvæmt alvarlegar. Rannsóknarnefnd Alþingis var falið að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008, eins og það er orðað í 1. grein laga nr. 142/2008. Með skýrslu sinni mun nefndin skrifa sögu aðdragandans og því eru áhrif og ábyrgð nefndarinnar mikil.

Hér er mikið undir, bæði fyrir þjóðina og þá einstaklinga sem um er fjallað í skýrslu nefndarinnar.

Með lögunum fékk nefndin það vandasama hlutverk að vera í senn rannsakandi og dómari yfir þeim sem hún fjallar um í skýrslu sinni. Við slíkar aðstæður skapast árekstur hagsmuna sem lúta annars vegar að vilja rannsakandans til að ná árangri og hins vegar hlutleysi dómarans þegar kemur að því að meta árangur og niðurstöður rannsóknarinnar.

Hjá því verður ekki komist hér að fjalla allítarlega um þau efnisatriði sem fram koma í bréfi nefndarinnar, ekki síst vegna þess að mér þykir nefndin draga rangar ályktanir af gögnum sem henni eru eða ættu að vera kunnug. Þetta geri ég í trausti þess að nefndin vilji hafa það sem sannara reynist.

Ég hafna því eindregið að hafa sýnt af mér vanrækslu eða að mér hafi orðið á mistök í þeim efnisatriðum sem nefndin ber fram. Þvert á móti tel ég mig hafa gert allt sem embættisskyldur mínar kröfðust og aðstæður leyfðu til að bregðast við yfirvofandi og áðuninni fjármálakreppu og í sumum tilvikum raunar töluvert umfram það (sjá umfjöllun um 3. tölulið).

Fyrir þessu mun ég nú færa ítarleg rök, um leið og ég svara efnisatriðum bréfs nefndarinnar í sömu röð og þau koma fyrir í bréfi hennar.

Fyrst er þó nauðsynlegt að gera athugasemdir við vinnubrögð nefndarinnar í ljósi þeirra laga sem hún starfar eftir, nr. 142/2008.

Um II. kafla bréfs nefndarinnar

Í II. kafla bréfsins fer nefndin yfir þær forsendur sem liggja að baki rannsókn hennar. Tekur nefndin sérstaklega fram að samkvæmt 1. grein laga nr. 142/2008 sé það eitt af hlutverkum hennar að leggja mat á hvort um mistök og vanrækslu hafi verið að ræða við „framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með þeim“, eins og segir í 1. grein laganna.

Í bréfi nefndarinnar er einnig bent á að í athugasemdum við 1. grein frumvarps þess sem varð að lögum nr. 142/2008 sé sérstaklega tilgreint að meta verði þátt einstakra aðila út frá því sem í raun gerðist og svo reglum um valdbærni.

Þrátt fyrir að nefndin afmarki með fyrrgreindum hætti verkefni sitt og þar með eigið vald til að fella dóma um meint mistök eða vanrækslu mína í starfi, er engu efnislega afmörkun á hlutverki mínu að finna í bréfinu. Því er mér ekki ljóst hvaða hlutverk nefndin ætlaði mér við „framkvæmd laga um fjármálafyrirtæki á Íslandi og eftirlit með þeim“, en það hefði verið afar mikilvægt að nefndin upplýsti um afstöðu sína eða nálgun að þessu leyti.

Þetta atriði eitt út af fyrir sig getur enda ráðið úrslitum um það hvort og þá að hvaða leyti með sanngirni er hægt að telja athafnir mínar eða meint athafnaleysi mitt til vanrækslu eða mistaka.

Samkvæmt framansögðu tel ég skorta á að rannsóknarnefndin leggi fram og kynni fyrir mér með hvaða hætti hún telji að ég sem viðskiptaráðherra hafi borið ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með lögum og reglum um fjármálastarfsemi á þeim tíma sem um ræðir. Í 13. grein áðurnefndra laga er sérstaklega tiltekið að nefndinni beri að gera grein fyrir lagatúlkun sinni varðandi þau atriði sem hún telur að geti leitt til áfellingdóms yfir aðila.

Það liggur í hlutarins eðli að áður en nefndin getur tekið afstöðu til þess hvort mér hafi orðið á mistök eða ég sýnt af mér vanrækslu við framkvæmd eða eftirlit með lögum og reglum um fjármálastarfsemi, verður hún að afmarka hvaða skyldur á mér hafi hvílt við framkvæmd og eftirlit með þeim lögum og reglum.

Því miður ber bréf nefndarinnar ekki með sér að slíkum grundvallarspurningum hafi verið svarað og því uppfyllir bréf það sem mér var sent ekki áðurnefnd skilyrði.

Þá kemur fram í bréfi nefndarinnar að hún hafi í þeim atriðum sem hún telur að geti fallið undir „mistök eða vanrækslu“ í starfi horft til þeirra atriða sem öðru fremur hafi haft þýðingu í aðdraganda og um orsakir að falli bankanna og afleiðingar af sömu atburðum.

Þrátt fyrir að nefndin kynni þannig forsendur sínar verður ekki séð af einstaka liðum, þar sem gerð er grein fyrir atriðum sem nefndin hefur til skoðunar, að kynnt sé fyrir mér að hvaða leyti nefndin telji umrædd atriði hafa haft þýðingu í aðdraganda eða orsakað bankahrunið, hvort sem sú orsök er bein, óbein eða meðvirkandi.

Þar sem heimildir nefndarinnar til að fella dóma yfir störfum mínum eru afmarkaðar að þessu leyti verður að telja að nefndinni hafi verið skylt að upplýsa um orsakasamhengi einstakra „mistaka og vanrækslu“ við bankahrunið og gefa mér og öðrum í sömu stöðu tækifæri til þess að gera athugasemdir við mat nefndarinnar að þessu leyti, sbr. 13. grein laga nr. 142/2008.

Ofangreint snýst ekki um formleg eða „lagatæknileg“ atriði, heldur forsendu þess að unnt sé að bregðast við bréfi nefndarinnar með tilhlýðilegum hætti. Möguleiki minn til að nýta réttinn til andmæla gegn athugasemdum nefndarinnar hlýtur að helgast af því að mér sé gerð skýr grein fyrir hverjar þær eru. Sú staðreynd að það er ekki gert með skýrum hætti takmarkar möguleika mína til að taka til sanngjarnra varna.

Þess skal eigi að síður freistað, þrátt fyrir þessa ágalla.

Um III. kafla bréfs nefndarinnar

Um 1. tölulið

Í 1. tölulið III. kafla bréfsins lýsir nefndin því að hún hafi til skoðunar hvort ég hafi sem viðskiptaráðherra sýnt af mér vanrækslu með því að hafa ekki brugðist við með þeim úrræðum sem nefndin taldi mér tæk, þrátt fyrir að fram hafi komið innan ráðuneytisins upplýsingar um alvarlega stöðu í rekstri fjármálafyrirtækja og hættu á fjármálaáfalli, eins og það er orðað í bréfi nefndarinnar.

Um hina lagalegu skyldu segir svo í bréfi nefndarinnar: „Rannsóknarnefndin tekur fram að hún telur að byggja verði á því að á ráðherra og viðkomandi ráðuneyti hvíli sú skylda að stjórnلögum að hafa almennt eftirlit með því hver er í stórum dráttum framvinda í þeim málefnum sem heyra undir ráðuneytið og þá í þeim tilgangi að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til afskipta af hálfu ráðuneytisins á grundvelli gildandi lagareglna og eftir atvikum að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytingar á lögum og/eða umfjöllun um málið á vettvangi ríkisstjórnar sem mikilvægt stjórnarmálefni.“

Forsendur nefndarinnar eru óljósar, bæði efnislega og lagalega, en kjarninn í niðurlagi hennar í þessum lið er að hún telji að það hvíli almenn skylda til eftirlits hjá ráðherra með sínum málaflokki og að ráðherra verði á hverjum tíma að taka afstöðu til þess hvort þær aðstæður séu uppi að lagabreytinga sé þörf.

Eftir lestur á 1. tölulið III. kafla bréfsins stendur eftir þessi spurning: Hver er sú vanræksla sem ég á að hafa sýnt við framkvæmd eða eftirlit með lögum um fjármálastarfsemi og hafði þýðingu um aðdraganda og orsakir bankahrunsins, og um er fjallað í þessum tölulið?

Rannsóknarnefndinni má vera það ljóst að það skiptir mig miklu máli að getað svarað skýrt og afdráttarlaust þeim athugasemdum sem nefndin kann að hafa við störf mín. Óljós

og óskýr framsetning á athugasemdum verður aðeins til þess að minnka líkur á að ég geti svarað nefndinni með fullnægjandi hætti og eykur því líkur á að niðurstaða nefndarinnar um störf mín byggist á röngum og ófullnægjandi upplýsingum um atvik mála.

Skýr og afdráttarlaus framsetning á þeim athugasemdum sem nefndin telur tilefni til að gera við störf mín er einnig forsenda þess að ég geti notið réttar til andmæla, svo sem ákvæði laga um nefndina eiga að tryggja. Það er því mat mitt að rannsóknarnefndin verði að skýra betur þær athugasemdir sem hún hefur um störf mín og komið er inn á í þessum tölulið áður en ég get verið viss um að útskýringar komi að gagni. Ég get ekki annað en áréttað að efni þessa töluliðar uppfyllir að mínu mati ekki tilgreind lágmarksskilyrði um skýrleika þannig að andmælaréttar verði notið með réttum hætti.

Í ljósi þess á hvaða stigi vinna við skýrslu nefndarinnar er, og miðað við þann tímaramma sem henni er markaður, er ljóst að ég get hins vegar ekki vænst þess að fá frekari skýringar frá nefndinni. Ég mun því leitast við að svara eftir bestu getu því sem ætla má að hún sé að leita eftir undir þessum lið.

Um samráðshóp, upplýsingagjöf og verkaskiptingu

Ég geri eftirfarandi almennar athugasemdir við efni bréfsins sem lýtur að störfum samráðshóps og upplýsingagjöf:

- Samráðshópur forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta, Seðlabanka og Fjármálaeftirlits (FME) um fjármálastöðugleika og viðbúnað laut stjórn forsætisráðuneytisins og stýrði ráðuneytisstjóri þess vinnu hópsins.
- Ég fékk aðeins með óformlegum hætti upplýsingar um umræður innan samráðshópsins, en fylgdist sannarlega með vinnu hans og var ljóst að hvaða verkefnum hann var að vinna.
- Ég fékk engar fundargerðir, hvorki í drögum né öðru formi, af umræddum fundum né afrit af öðrum gögnum sem þar voru lögð fram, aðeins munnlegar skýrslur.
- Engri niðurstöðu, ráðgjöf, óskum eða beinum tilmælum var beint til mín frá samráðshópnum. Þetta er nauðsynlegt að áréttast í ljósi þess að meðal þeirra athugasemda sem nefndin vísar til mín er að bæði Seðlabankinn og FME hafi óskað eftir pólitískri stefnumótun um tiltekin atriði, sem nefndin tilgreinir ekki frekar, frá mér sem viðskiptaráðherra. Hvorug ofangreindra stofnana greindi mér frá þeim óskum, hvorki formlega né óformlega, né gaf til kynna gagnvart mér sem viðskiptaráðherra að af minni hálfu stæði á pólitískum ákvörðunum í brýnum úrlausnarefnum. Því má velta fyrir sér, hvernig ráðherra á að geta tekið ákvörðun um álitaefni, sem honum er ekki greint frá. Má þar sérstaklega nefna tilgreint minnisblað Tryggva Pálssonar frá Seðlabanka 7. júlí 2008. Það blað hafði ég enga vitneskju um né hafði séð fyrr en nú þegar eftir því var kallað við vinnslu þessara andmæla.

Innan ríkisstjórnar Geirs H. Haarde var skýr verkaskipting á milli ráðuneytis míns og forsætisráðuneytis að því er laut að málum sem vörðuðu hugsanlegan efnahagslegan óstöðugleika vegna stærðar og stöðu fjármálakerfisins. Forsætisráðherra hafði óskorað forræði á þeim málaflokki. Hann undirbjó þannig, og flutti án sérstaks samráðs við mig sem viðskiptaráðherra, frumvarp um heimild ríkissjóðs til 500 milljarða lántöku til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans. Það var stærsta og mikilvægasta varnaraðgerðin sem ríkisstjórnin greip til gegn hættu á lausafjárekreppu, sem Seðlabankinn taldi skömmu síðar að væri helsta ógnin sem steðjað gæti að fjármálamarkaðinum. Sömuleiðis réð mat forsætisráðherra því hvenær hefjast skyldi handa um að nýta, eða nýta ekki, þá heimild, einsog fram kom í umræðum innan ríkisstjórnarinnar. Undir forsætisráðherra heyrir enda hagstjórn og svo Seðlabanki Íslands, sem á hverjum tíma ber ábyrgð á því að greina efnahags- og fjármálalega stöðu landsins.

Í þeirri vinnu sem laut að almennum efnahagsstöðugleika og þeirri hættu sem honum kynni að stafa af versnandi stöðu fjármálafyrirtækjanna kaus forsætisráðherra að hafa pólitískt samráð við utanríkisráðherra og formann Samfylkingarinnar, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Ég gerði engar athugasemdir við þessa verkaskipan forsætisráðherra, enda var sátt um þetta fyrirkomulag hjá ríkisstjórninni og í báðum ríkisstjórnarflokkunum. Þannig var upplýst eftir hrun að forysta ríkisstjórnarinnar hafði átt sex fundi með bankastjórum Seðlabankans, þar sem ekki þótti ástæða til að hafa viðskiptaráðherra með. Það segir sína sögu um hvar forysta ríkisstjórnarinnar taldi að forræði málsins væri. Rétt er að taka fram að ég hafði enga hugmynd um þessa fundi fyrr en um þá var upplýst opinberlega nema þann fyrsta sem utanríkisráðherra greindi frá á þingflokksfundum í febrúar. Þær viðvaranir sem Seðlabankastjóri hefur síðar sagt að hann hafi ítrekað komið munnlega á framfæri við ríkisstjórnina, væntanlega af því hann hefur talið of hættulegt að setja þær niður með skriflegum hætti, bárust mér því ekki sem viðskiptaráðherra.

Sama afstaða til hlutverks míns sem viðskiptaráðherra varðandi stöðu og framvindu fjármálamarkaðarins birtist í þeirri staðreynd, að hina örlagaríku Glitnisnótt í Seðlabankanum, þar sem örlög íslenska bankakerfisins voru hugsanlega ráðin, var ekki óskað eftir nærveru minni.

Til marks um hvar ríkisstjórnin áleit að forysta af hennar lægi varðandi aðgerðir til styrkingar bankakerfinu má nefna að ekki var óskað eftir því að viðskiptaráðherra færi með bönkunum í svokallað „roadshow“ fyrri part ársins 2008, þar sem þess var freistað að sýna fram á styrka stöðu bankanna og með táknrænum hætti þann bakhjarl sem bankakerfið átti hjá íslenska ríkinu. Það tóku forsætis- og utanríkisráðherra að sér og ég, eins og aðrir ráðherrar, áleit það sjálfsgagt í ljósi þeirrar verkaskiptingar sem á þessum málum var innan ríkisstjórnarinnar.

Óumdeilt er að undir mig heyrði að hafa eftirlit með framkvæmd laga um fjármálafyrirtæki, svo og laga um innstæðutryggingar og að bregðast við ef þörf væri á, með því að gera breytingar á þeim lögum. Eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja er á hendi FME, eftirlit með fjármálalegum stöðugleika á hendi Seðlabanka Íslands, eftirlit

með fjármálum ríkisins á hendi fjármálaráðherra og hagstjórn og yfirstjórn á hendi forsætisráðherra, sem eins og áður segir tók sjálfur forræði í málefnum sem sneru að fjárhagslegri stöðu bankanna.

Gera verður greinarmun á mismunandi hlutverkum aðila í því kerfi sem myndar eftirlit með fjármálastarfsemi og svo hinu almenna eftirlitshlutverki stjórnvalda og efnahagsstjórnun, en af bréfi rannsóknarnefndarinnar verður ekki ráðið með skýrum hætti hvort og að hvaða leyti nefndin hefur greint hlutverk hvers aðila fyrir sig og þar með sundurgreint skyldur þeirra.

Pólítískt frumkvæði viðskiptaráðuneytis

Óskýrleiki í framsetningu rannsóknarnefndarinnar að þessu leyti gerir mér erfitt að lesa í hvað nefndin eigi við með því sem segir í bréfi hennar að ég hafi ekki brugðist við með þeim úrræðum sem mér voru tæk.

Hinn 12. ágúst 2008 lagði ég til í ríkisstjórn að ný nefnd yrði skipuð undir forustu viðskiptaráðuneytisins til að fylgjast með stöðu mála og gera tillögur um viðbrögð. Í þeirri kröfu fólst vissulega sú meining að starf þáverandi samráðshóps væri ekki nægilega markvisst eða tæki ekki nægilegt tillit til sjónarmiða fulltrúa viðskiptaráðuneytisins.

Aðdragandi þessarar kröfu átti ekki aðeins rót sína í óánægju fulltrúa viðskiptaráðuneytis með framgang mála innan samráðshópsins heldur einnig í því að sumarið 2008 hafði verið skipaður hópur innan viðskiptaráðuneytisins sem ásamt fulltrúa frá FME vann að því að kortleggja til hvaða aðgerða þyrfti að grípa innan ráðuneytisins og FME ef til bankahruns kæmi. Var þessi vinna framhald af og til viðbótar við störf samráðshópsins.

Í þessum vinnuhópi var lagt mat á það hvort og þá að hvaða leyti nauðsynlegt gæti verið að endurskoða gildandi lög um fjármálafyrirtæki og innstæðutryggingar.

Niðurstaða þessarar vinnu var sú að drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum um fjármálastarfsemi (neyðarlög) voru tilbúin í maí 2008 og drög að frumvarpi að breytingum á lögum um innstæðutryggingasjóð voru tilbúin í viðskiptaráðuneytinu í dagsettum drögum 13. janúar 2008. Vinna við hið síðarnefnda hófst reyndar strax vorið 2007, eins og rakið verður nánar í athugasemdum við 4. tölulið.

Að þessu leyti sýndi ég sem viðskiptaráðherra hvorki af mér vanrækslu né sinnuleysi, heldur tók beinlínis pólítískt frumkvæði, greip til viðeigandi ráðstafana og beitti sem fagráðherra þeim úrræðum sem mér voru tæk, þrátt fyrir að forsætisráðherra, eða kannski réttara sagt forystumenn ríkisstjórnarinnar sameiginlega, hefðu tekið forræði málsins innan ríkisstjórnarinnar.

Niðurlag

Með vísan til þessara upplýsinga og raka hafna ég því eindregið að hafa sýnt af mér vanrækslu með því að hafa ekki brugðist við upplýsingum um stöðu

fjármálafyrirtækjanna á árinu 2008 og beitt þeim úrræðum sem mér voru tæk, eins og segir í bréfi nefndarinnar. Þá hafna ég því algerlega að vanrækt hafi verið að taka afstöðu til þess hvort tilefni væri til afskipta af ráðuneytisins hálfu á grundvelli gildandi lagareglna.

Fyrir liggur að viðskiptaráðuneytið hafði frumkvæði að tillögugerð um lagabreytingar sem það taldi að gætu orðið nauðsynlegar, sbr. að í ráðuneytinu voru hvort tveggja fyrir hendi tillögur um breytingar á lögum um innstæðutryggingasjóð og breytingar á ýmsum lögum um fjármálastarfsemi (neyðarlög).

Einnig er því alfarið hafnað að vanrækt hafi verið að taka málefnið upp á vettvangi ríkisstjórnar. Því til stuðnings vísa ég til minnisblaðs dags. 12. ágúst 2008, en á þeim tíma var ekkert sem benti til þess að alþjóðlegt bankahrun væri á næsta leiti enda fjármálahamfarir septembermánaðar í fjármálakerfi heimsins ekki fyrir séðar þar sem fall Lehman bankans markaði afgerandi þáttaskil í stöðunni.

Um 2. tölulið

Í 2. tölulið III. kafla bréfsins lýsir nefndin því að hún hafi til skoðunar hvort undirritaður hafi sem viðskiptaráðherra sýnt af sér vanrækslu „með því að hafa ekki haft frumkvæði að því, og þá að því marki sem féll undir verkefni yðar og starfsskyldur sem viðskiptaráðherra, að þessi atriði yrðu tekin til umræðu á vettvangi ríkisstjórnar og lagt yrði með formlegum hætti mat á fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins vegna starfsemi fjármálafyrirtækja hér á landi og erlendis og þá sérstaklega um þau atriði sem að framan greinir.“

Um formlegar og óformlegar umræður

Í forsendum nefndarinnar fyrir ofangreindri ályktun er að mínu mati að finna formhyggju þar sem áherslan virðist vera á hvort tiltekin mál hafi verið rædd eða kynnt á ríkisstjórnarfundum og þá væntanlega um þau bókað í fundargerð. Má af skrifum nefndarinnar ráða að meira sé um vert að tiltekin málefni séu kynnt formlega, heldur en að þau séu rædd óformlega, s.s. á milli forystumanna stjórnarflokkanna, milli ráðherra og innan þingflokka. Þannig virðist það ekki vera aðalatriði hvort vandinn hafi verið ræddur, heldur hvar hann var ræddur og færður til bókar.

Varðandi umræður erlendis um stöðu bankanna þá réð forsætisráðherra m.a. sérstakan ráðgjafa sem átti að leitast við að kynna sér þá umræðu og skipuleggja þátttöku í henni af hálfu stjórnvalda. (Er hér vísað til ráðningar forsætisráðuneytis á Finni Sveinbjörnssyni í þessu skyni í mars 2008 og síðar Tryggva Þórs Herbertssonar.)

Eins og nefndinni er vonandi kunnugt ræddu ráðherrar, þingmenn og embættismenn einstaka þætti málsins og stöðuna í heild sinni óformlega margoft, þótt þessi tiltekni hluti hennar væri ekki tekinn formlega á dagskrá í ríkisstjórn.

Um fjárhagslega áhættu ríkisins og sjálfstæði stofnana

Þá vísar rannsóknarnefndin í bréfi sínu til þess að á vegum þriggja tilgreindra ráðuneyta, viðskipta-, fjármála-, og forsætisráðuneytis, hafi ekki verið unnar með formlegum hætti úttektir um fjárhagslega áhættu ríkisins.

Væntanlega er nefndinni kunnugt um að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið hafa með höndum að gera úttektir og meta „fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfssemi íslensku fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra,“ líkt og fram kemur í bréfi nefndarinnar til undirritaðs.

Einnig er það hlutverk þessara eftirlitsaðila að leggja mat á umfang bankakerfisins í hlutfalli við stærð efnahags landsins, meta breytingar á starfsháttum bankanna og fylgjast með stofnun innlánsreikninga og söfnun innlána.

Ég vænti þess einnig að rannsóknarnefndinni sé ljóst að viðskiptaráðuneytið hefur ekki sjálfkrafa aðgang að upplýsingum um tilgreinda þætti í starfsemi fjármálafyrirtækja. Vilji ráðuneytið fá upplýsingar um starfsemi fjármálafyrirtækis verður það að gera slíkt í gegnum eftirlitsaðilana, Fjármálaeftirlit eða Seðlabanka.

Eftirlitsaðilar eru bundnir trúnaði varðandi upplýsingar um rekstur og starfsemi banka sem þeir hafa eftirlit með og aðgangur eða réttur ráðuneytisins til þess að fá sundurgreindar upplýsingar um rekstur fjármálafyrirtækja, hvað þá einstaka þætti hans, er mjög takmarkaður.

Seðlabankinn er sú stofnun, sem fyrir hönd ríkisstjórnarinnar ber að lögum að fylgjast með fjármáalegum stöðugleika. Enginn annar ráðgjafi eða eftirlitsstofnun hefur meiri þyngd í því efni en hann. Í maí 2008 gaf Seðlabankinn úr skýrslu um fjármálastöðugleika sem vakti verðskuldaða athygli í fjármálaheiminum. Sú skýrsla gaf hreint ekki tilefni til að ætla að um bráðahættu væri að ræða, heldur einmitt að vandi bankakerfisins væri fyrst og fremst tengdur mögulegum skorti á lausafé í framtíðinni. Er með sanngirni hægt að telja það til vanrækslu eða mistaka í starfi að telja sig hafa í skýrslu Seðlabankans fast land undir fótum? Ég leyfði mér alla vega sem viðskiptaráðherra að taka mark á umræddri greiningu Seðlabankans. Í þessu samhengi áréttu ég að ríkisstjórnin hafði er hún birtist þegar brugðist við þeim lausafjávanda sem skýrslan reifaði með því að afla heimildar til stærstu lántöku í sögu þjóðarinnar. Viðbrögð mín, og ríkisstjórnarinnar, voru að þessu marki í samræmi við skýrslu Seðlabankans um fjármáalegan stöðugleika.

Um samband viðskiptaráðuneytis og FME

Hér er rétt að staldra við og gera grein fyrir afar sérstöku sambandi viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins.

Að formi til telst viðskiptaráðherra einhvers konar „yfirmaður“ eða „ábyrgðarmaður“ FME, en í reynd hefur hann hverfandi áhrif á störf þeirrar stofnunar og honum er

beinlínis óheimilt að skipta sér af daglegum störfum hennar og einstökum verkefnum, skv. lögum þar að lútandi.

Er lögbundin upplýsingargjöf stofnunarinnar til ráðherra takmörkuð við árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar, skv. 16. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá er eru heimildir FME til þess að veita ráðuneytinu upplýsingar mjög takmarkaðar vegna trúnaðar, sbr. IV. kafla laga nr. 87/1998. Í þessu samhengi skal sérstaklega bent á að FME ber að láta seðlabankastjóra vita „komi í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila” og að upplýsingar um slíkar grunsemdir „eru háðar þagnarskyldu samkvæmt þessum lögum og lögum um Seðlabanka Íslands”, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998.

Eina formlega hlutverk viðskiptaráðherra gagnvart FME er að skipa stjórn hennar, en að öðru leyti skal hann lögum samkvæmt ekki hafa nein afskipti af starfsemi hennar og ákvarðanir stofnunarinnar verða ekki kærðar til ráðherra, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 87/1998. Um þá áherslu að FME sé sjálfstæð stofnun má m.a. vitna til skýringa í greinargerð þegar framangreint ákvæði kom inn í lög nr. 87/1998, en þar segir m.a.:

„Þótt enginn vafi hafi leikið á sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins í störfum sínum gagnvart ráðherra er talið rétt að hnykkja á sjálfstæði þess með tillögu þessari.”

FME er með öðrum orðum óvenjulega sjálfstætt stjórnvald og því fylgja stjórnsýslulegar afleiðingar, eins og nefnd um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu, undir forystu dr. Páls Hreinssonar, lýsti vel í skýrslu árið 1999:

„Þegar komið er á fót slíku sjálfstæðu stjórnvaldi sviptir löggjafinn ráðherra almennum stjórnunar- og eftirlitsheimildum yfir stjórnvaldinu og afléttir um leið þinglegri ábyrgð og ráðherraábyrgð af hlutaðeigandi ráðherra að því er snertir meðferð þessara valdheimilda. Þetta leiðir til þess að ráðherra getur ekki gefið slíku sjálfstæðu stjórnvaldi almenn eða sérstök tilmæli um úrlausn mála, nema hafa til þess lagaheimild. Ráðherra hefur heldur ekki eftirlit með störfum slíkra stjórnvalda, nema svo sé fyrir mælt í lögum.” (kafla 3.9.2, 3. málsgrein)

Þessi sérstaka skipan mála varpar mikilvægu ljósi á flæði upplýsinga frá FME til viðskiptaráðuneytisins, hömlum og reglum þar um, svo og skorti á valdheimildum ráðherra til að segja stofnuninni fyrir verkum í einstökum málum.

Um mat á fjárhagslegri getu ríkissjóðs

Í forsendum 2. töluliðar kemur einnig fram að nefndin hafi það til athugunar hvort það hafi verið vanræksla af minni hálfu að hafa ekki lagt faglegt mat á fjárhagslega getu ríkissjóðs til að styðja við bak fjármálafyrirtækja.

Eins og að ofan greinir er það hlutverk fjármálaráðuneytisins og eftir atvikum Seðlabankans að leggja mat á fjárhagslega getu ríkissjóðs.

Það er ekki á færi viðskiptaráðuneytisins að leggja mat á fjárhagslega getu ríkissjóðs þar sem það ræður ekki yfir þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess.

Um verkaskiptingu ráðuneyta og stofnana er ennfremur skýrt kveðið á um í lögum og reglugerð um Stjórnarráðið.

Þegar rannsóknarnefndin notar orðalagið „beitt yður fyrir því að lagt yrði faglegt mat“ er því erfitt að átta sig á því hvað nefndin á við. Ef nefndin er að vísa til þess að ég hafi átt að beita mér fyrir því að slíkt mat færi fram hjá fjármálaráðuneyti eða Seðlabankanum, leyfi ég mér að gera athugasemdir við málatilbúnað nefndarinnar og vísa til ofangreindrar reglugerðar um verkaskiptingu Stjórnarráðsins.

Ég gengst fúslega við ábyrgð á starfsemi viðskiptaráðuneytisins þann tíma sem ég gegndi stöðu viðskiptaráðherra. Ég er hins vegar ekki tilbúinn að taka ábyrgð á starfsskyldum annarra ráðherra eða Seðlabankastjóra.

Um skuldbindingar tryggingasjóðs

Í 2. tölulið finnur rannsóknarnefndin einnig að því að ekki hafi verið lagt mat á fjárhagslega áhættu og áhrif aukinna skuldbindinga innstæðutryggingasjóðs.

Slíkt mat var unnið innan ráðuneytisins oftast en einu sinni og nægir að vísa til fylgiskjala nr. 1 til 5. Ég vænti þess að umrædd fylgiskjöl leiðrétti þá villu sem er að finna í bréfinu um þetta atriði.

Nánar verður fjallað um tryggingasjóðinn í umfjöllun um 4. tölulið.

Niðurlag

Með vísan til þess sem að framan greinir hafna ég því eindregið að hafa sýnt vanrækslu vegna þeirra atriða sem um er fjallað í 2. tölulið í bréfi nefndarinnar, sem annars vegar lúta að því að hafa ekki tekið málefni bankanna til formlegrar umræðu innan ríkisstjórnar og hins vegar að því að hafa ekki með formlegum hætti lagt mat á fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins vegna starfsemi fjármálafyrirtækja hér á landi.

Hvorugt framangreindra atriða getur fallið undir starfsskyldur mínar eða viðskiptaráðuneytis við „framkvæmd laga um fjármálafyrirtæki á Íslandi og eftirlit með þeim“, sbr. 1. gr. laga nr. 142/2008.

Um 3. tölulið

Í 3. tölulið III. kafla bréfsins lýsir nefndin því að hún hafi til skoðunar hvort ég hafi sem viðskiptaráðherra sýnt af mér vanrækslu með því að hafa ekki lagt fyrir forsvarsmenn viðskiptabankanna formlegar tillögur um að draga úr stærð þeirra eftir að lausafjárkreppan hófst undir lok sumars 2007.

Þessu hlýt ég að hafna mjög eindregið, um leið og ég bendi á margvíslegar aðgerðir sem ég greip til sem viðskiptaráðherra til að bregðast við vandanum sem stærð bankanna olli.

Hvorki lagaheimild né upplýsingar

Viðskiptaráðuneytið bjó hvorki yfir heimildum samkvæmt lögum til þess að gera formlegar kröfur til bankanna um að draga úr stærð þeirra né hafði eða hefur það aðgang að upplýsingum um efnahag einstakra banka til þess að vera í aðstöðu til þess að setja fram slíkar kröfur með vísan til lausafjárstöðu viðkomandi banka. Upplýsingar um lausafjárstöðu og fjármögnun bankanna eru aðeins á borði Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.

Ég tel einnig rétt að benda á að í framsetningu rannsóknarnefndarinnar felst nokkur einföldun á þeim vanda sem við var að eiga, svo og markaðsaðstæðum. Hvort sem bankarnir hefðu tekið til greina beiðni frá mér um að draga úr innlánnum og minnka efnahagsreikninga sína eða ekki, þá var hluti af vandanum sem við blasti að markaðsaðstæður voru óhagstæðar og eftirspurn lítil og þar með möguleikar til að losa eignir takmarkaðir og verð óhagstætt.

Þvinguð sala við þessar aðstæður hefði þannig getað haft alvarleg áhrif á eiginfjárstöðu bankanna, sem almennt var talin góð. Slík flýtisala á eignum hefði því getað aukið vandann fremur en hitt eða breytt honum úr lausafjávanda í eiginfjávanda. Má með réttu segja að með því hefði verið farið úr öskunni í eldinn. Því er auðveldara um að ræða en í að komast að þessu leyti.

Brugðist við vandanum

Að slepptu hinu formlega svari við athugasemd rannsóknarnefndinnar, þá lýsti ég því margoft yfir í ræðu og riti að stærð bankanna væri orðin of mikil sem hlutfall af landsframleiðslu. Á meðan bankarnir áttu í lausafjávandamálum var hins vegar mikil áhersla lögð á að gætt væri varfærni í öllum yfirlýsingum og að ekki væru sett fram sjónarmið sem gætu kallað yfir bankana meiri vanda en þegar var orðinn. Ég átti mörg samtöl við forystumenn bankanna um þennan vanda og hvernig mætti leysa hann.

Til að gæta varúðar í orðanotkun talaði ég um þetta sem „hlutfallsvanda“ á opinberum vettvangi og benti ítrekað á inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evrunnar sem lausn á honum. Það var skoðun mín þá og er enn að langfarsælast hefði verið að Ísland sæktist

eftir aðild að Evrópusambandinu og í tengslum við hana aðild að myntsamstarfi Evrópu. Hvort tveggja hefði leitt til þess að hinum svonefnda hlutfallsvanda yrði eytt.

Með sama lagi hafði ég frumkvæði að því að viðskiptaráðuneytið styrkti Rannsóknastofnun í fjármálum við Háskólann í Reykjavík, Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík, Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst og Rannsóknarsetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst til rannsókna á áhrifum aukinnar notkunar erlendra mynta á vörumarkað, fjármálamarkað og samfélag á Íslandi almennt.

Þetta verkefni var kynnt 19. janúar 2008 undir yfirskriftinni: „Rannsóknir á áhrifum tengingar við evru á viðskipti, fjármálastöðugleika, samfélag og lagalegt umhverfi“.

Einnig hafði ég frumkvæði að því að haldin var ráðstefna í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst um áhrif tengingar við evru á viðskipti og fjármálastöðugleika, samfélag og lagalegt umhverfi, hinn 23. september 2008.

Rannsóknir þessar og ráðstefnur höfðu það að meginmarkmiði að leita lausna til frambúðar á „hlutfallsvandinum“.

Ég beitti mér enn fremur fyrir því að heimila að alþjóðleg fyrirtæki hér á landi gætu haldið reikningshald í erlendra mynt og viðskipti með hlutabréf þeirra gætu farið fram í erlendra mynt. Stór hlutdeild erlendrar starfsemi í rekstri bankanna leiddi meðal annars til þess að sveiflur urðu miklar í eigin fé og á verði hlutabréfa, mælt í íslenskum krónum. Til að draga úr áhættu af þessum völdum skipaði ég nefnd til að fara yfir lagaákvæði er vörðuðu uppgjör viðskipta með íslensk verðbréf sem skráð eru í erlendra mynt þann 19. desember 2007. Nefndin skilaði af sér 27. febrúar 2008. Lagði ég í kjölfarið fram frumvarp til laga um þetta efni sem varð að lögum frá Alþingi 28. maí 2008. Kauphallarviðskipti í erlendra mynt komust þó ekki á fyrir fall bankanna þar sem tæknileg úrvinnsla var enn í mótun á vettvangi Kauphallarinnar og Seðlabanka Íslands.

Að lokum skal á það bent að á mikilvægum tímamarki beitti ég mér með óformlegum hætti, enda stóðu ekki aðrir aðferðir til boða, fyrir því að Fjármálaeftirlitið hafnaði beiðni Kaupþings banka hf. um leyfi til þess að yfirtaka hollenska bankann NIBC. Þetta frumkvæði mitt tel ég að hafi leitt til þess að afstýrt var miklum háska sem ella hefði steðjað að íslenska bankakerfinu, og að líkindum stuðlað að og flýtt hruni bankanna.

Í þessu skyni óskaði ég eftir fundi með þáverandi formanni Fjármálaeftirlitsins, Jóni Sigurðssyni, og lýsti þeirri skoðun að kaup bankans yrðu íslenska fjármálakerfinu ofviða og myndu auka þann hlutfallsvanda sem var ærinn fyrir. Var það mat mitt að Fjármálaeftirlitið yrði að beita sér gegn þessum kaupum.

Fyrir þessi afskipti mætti, ef eitthvað er, átelja mig sem viðskiptaráðherra fyrir að hafa gengið lengra en vald mitt náði til, en ég taldi brýna nauðsyn til að bregðast við með þessum hætti vegna þeirra aðstæðna sem uppi voru. Með sama hætti ræddi ég við aðra stjórnarmenn í FME um þetta tiltekna mál.

Um fund þennan er vísað til meðfylgjandi minnispunkta sem teknir voru saman um efni fundarins, sjá fylgiskjal nr. 6. Þessi atburðarrás, sem ég hratt af stað innan stjórnsýslunnar, miðaði sannarlega að því að koma á þeim tíma í veg fyrir enn meiri vöxt bankakerfisins.

Niðurlag

Með vísan til þess sem að framan er ritað hafna ég því eindregið að hafi sýnt vanrækslu þegar kom að því að benda á að bankarnir væru orðnir of stórir eða leita leiða til lausnar. Sú hugmynd að viðskiptaráðherra sendi formlegar tillögur til bankanna um breytingar á efnahagsreikningi þeirra er óraunhæf sökum skorts á valdbærni og gögnum til að grundvalla slíka kröfugerð á. Það er einnig að mínu mati mikil einföldun að hægt hefði verið að komast hjá bankahruni með skyndisölu á eignum bankanna eftir að lausafjárkreppan skall á.

Um 4. tölulið

Í 4. tölulið III. kafla bréfsins lýsir nefndin því að hún hafi til skoðunar hvort ég hafi sem viðskiptaráðherra sýnt af mér vanrækslu með því að hafa ekki brugðist frekar við til þess að takmarka þá áhættu sem hin mjög auknu innlán íslensku bankanna höfðu fyrir innstæðutryggingasjóð og að sama skapi að ekki hafi verið gerðar ráðstafanir með lagabreytingum til þess að auka ráðstöfunarfé sjóðsins.

Athugasemdir nefndarinnar byggja á lýsingu atvika sem ég tel alls ekki rétta í bréfi hennar.

Atvikalýsing

Strax eftir að ég tók við embætti viðskiptaráðherra vorið 2007 skipaði ég nefnd til þess að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um innstæðutryggingasjóð. Vegna síðari upplýsinga frá fyrrnefndum samráðshópi um aukna innlánsöfnun bankanna breyttust markmið við endurskoðun á löggjöfinni til að bregðast við óvissu um greiðsluskyldu tryggingasjóðsins og takmarka ábyrgð hans. Á þessum þeim tíma sat Áslaug Árnadóttir í samráðshópnum, auk þess að leiða áðurnefnda endurskoðun á lögum um innstæðutryggingar.

Því sem næst fullbúin drög að frumvarpi voru tilbúin snemma árs 2008. Framlagning slíks frumvarps var rædd í samráðshópnum, en aðrir fulltrúar en fulltrúi viðskiptaráðuneytisins töldu óráðlegt að leggja slíkt frumvarp fram vegna aðstæðna á mörkuðum, þar sem þeir töldu framlagningu þess geta valdið óróa í fjármálakerfinu.

Ég lagði til að lögum um innstæðutryggingarnar yrði breytt til þess að styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins og ræddi það við forystumenn ríkisstjórnarinnar, Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Mátu forystumenn ríkisstjórnarinnar aðstæður með

sama hætti og meirihluti samráðshópsins, þ.e. að þær væru of viðkvæmar til þess að hættandi væri á að gera breytingar.

Fleiri fluttu þetta mál fyrir mína hönd, m.a. fyrrverandi aðstoðarmaður minn, Jón Þór Sturluson, en að ósk minni tók hann þetta upp á fundi með ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis og forystumönnum ríkisstjórnarinnar í febrúar 2008.

Lýsing atvika með þeim hætti að ég hafi staðið gegn framlagningu á frumvarpi til breytinga á lögum um innstæðutryggingasjóð er því allsendis röng.

Þá þykir mér undarlegt að rannsóknarnefndin skuli ekki finna gögn því til staðfestingar að af hálfu viðskiptaráðuneytis hafi staðið til að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um innstæðutryggingasjóð, þar sem slíkt frumvarp var á þingmálistara ráðuneytisins sem sendir voru forsætisráðuneytinu annars vegar 17. september 2007 og hins vegar 19. september 2008, sbr. fylgiskjöl nr. 7 og 8.

Frumvarp til breytinga á lögum um innstæðutryggingar lá fyrir hinn 13. janúar 2008, sjá fylgiskjal nr. 9. Einnig voru unnar úttektir á skuldbindingum tryggingasjóðs á hverjum tíma og útbúin gögn og upplýsingar ef á greiðsluskyldu sjóðsins reyndi, sbr. fylgiskjöl nr. 1-5.

Mjög eindreginn vilji til breytinga

Það kom ítrekað til umræðu innan samráðshópsins, innan ríkisstjórnarinnar og innan þingflokks Samfylkingarinnar að leita þyrfti leiða til að styrkja innstæðutryggingasjóð, sbr. fylgiskjal nr. 10, þar sem finna má útdrátt úr fundargerðum þingflokks Samfylkingarinnar 11. og 18. febrúar 2008.

Þróun innlána erlendis á árinu 2007 breyttu í grundvallaratriðum afstöðu minni og ráðuneytisins til endurskoðunar á lögnum um innstæðutryggingasjóð og varð hún mun víðtækari en í upphafi var ráðgert. Vinna við slíkar breytingar var unnin bæði vel og tímanlega innan viðskiptaráðuneytisins, eins og áður nefnt tölvubréf frá 1. október 2007 er til vitnis um.

Ég tel að Áslaug Árnadóttir hafi samviskusamlega sinnt skyldum sínum innan ráðuneytisins við það að halda utan um og stýra starfi um breytingar á lögum um innstæðutryggingasjóð og svo í því að tryggja að aflað væri upplýsinga um stöðu sjóðsins og skuldbindingar. Hún var í góðri stöðu að þessu leyti þar sem hún var hvort tveggja formaður nefndar um endurskoðun á lögnum og formaður stjórnar sjóðsins.

Allan tímann var gott samstarf á milli mín og Ásleugar og að sjálfsögðu fór vinna hennar að þessu leyti fram með fullri vitund minni og vilja.

Eins og áður sagði náðist hins vegar ekki samstaða um að slíkt frumvarp yrði flutt, vegna þess að flutningur þess var talinn geta haft neikvæð áhrif á innlán bankanna, þ.e. gæti

skapað tortryggni og leitt til flóttu innlánseigenda. Mat á aðstæðum innan ríkisstjórnarinnar og innan samráðshópsins var að of mikil áhætta væri fólgin í því að flytja slíkt frumvarp og því var breytingum á innstæðutryggingasjóði slegið á frest.

Án tillits til þess hvort rétt hafi verið að fresta breytingum á innstæðutryggingasjóði á þessum tíma verður því þó varla með sanngirmi haldið fram að sú ákvörðun hafi haft áhrif eða verið bein eða óbein orsök bankahrunsins eða haft nokkra þýðingu sem máli getur skipt um afleiðingar þess.

Niðurlag

Í ljósi þess sem að ofan er rakið er því eindregið hafnað að nokkur vanræksla hafi átt sér stað af minni hálfu eða ráðuneytisins að því er varðar framkvæmd og eftirlit með stöðu innstæðutryggingasjóðs. Af hálfu ráðuneytisins var brugðist við bæði hratt og fagmannlega þegar breytingar urðu á innlánsstöfnun bankanna. Viðbrögðin fólust í því að gera frumvarp að breytingum á lögnum til að mæta aukinni áhættu og styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins.

Pólitískt mat jafnt forystumanna ríkisstjórnarinnar sem samráðshópsins var að óvarlegt væri á þeim tíma að leggja frumvarp ráðuneytisins fram. Við það mat sætti ég mig á þeim tíma þó ég væri því ósammála, en alls engin efni eru til að ætla að sú niðurstaða hafi átt þátt í bankahruninu eða breytt einhverju um afleiðingar þess.

Um 5. tölulið

Í 5. tölulið III. kafla bréfsins lýsir nefndin því að hún hafi til skoðunar hvort mér hafi sem viðskiptaráðherra orðið á mistök eða ég sýnt af mér vanrækslu með því að hafa ekki fyrir ágúst 2008, er fyrirsvarsmenn Landsbankans sneru sér til mín, haft afskipti af Icesave-innlánsreikningum og reynt að greiða fyrir því að innlán útibús Landsbankans í Bretlandi yrðu flutt í þarlent dótturfélag.

Á þetta get ég ekki fallist. Í ársbyrjun 2008 afréð ég að skipta um forystu í stjórn FME. Sú ákvörðun byggðist beinlínis á því, að miðað við ókyrrð á fjármálamarkaði heima og erlendis væri nauðsynlegt að fá í brúna einstakling með eins viðamikla reynslu af stjórn og eftirliti fjármála og kostur væri. Leitaði ég til Jóns Sigurðssonar, sem bæði hafði verið Þjóðhagsstjóri og efnahagsráðunautur margra ríkisstjórna, gegnt embætti viðskiptaráðherra, verið Seðlabankastjóri, m.a. á tíma þegar fjármálaeftirlit var enn innan Seðlabanka, og verið bankastjóri NIB.

Í ítarlegu viðtali sem birtist við hann í Morgunblaðinu í febrúar 2008, skömmu eftir að hann tók að sér stjórnarformennsku, lýsti hann yfir þeirri stefnu FME, að helsta verkefnið framundan væri að koma útibúum bankanna erlendis yfir í dótturfélög. Um það áttum við á þeim tíma og síðar samtöl sem viðskiptaráðherra og stjórnarformaður FME. Undir

forystu þessa öfluga bankamanns var unnið sleitulítið að því að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd, þó vefur örlaganna hafi spunnist með þeim hætti að verkinu tókst ekki að ljúka áður en fall Lehman banka hratt af stað kreppu í heimi banka og fjármála á heimsvísu.

Það er því öldungis fjarri lagi að ég hafi ekki fyrir ágúst 2008 reynt að greiða fyrir flutningi á innlánnum til dótturfélags.

Einnig hefur rannsóknarnefndin það til skoðunar hvort það hafi verið vanræksla eða mistök af minni hálfu að hafa ekki fylgt því eftir með formlegum hætti á vettvangi íslenskra stjórnvalda, gagnvart Landsbankanum eða erlendum stjórnvöldum, eftir fund 2. september 2008, hver gæti verið aðkoma íslenskra stjórnvalda að málinu, hafi það á annað borð verið vilji „stjórnvalda að greiða fyrir því að Icesave reikningarnir yrðu fluttir yfir í dótturfélag Landsbankans erlendis.“

Strax brugðist við þegar upplýsingar bárust

Áréttá skal að ég hafði fram að ágúst haft af því traustar fréttir að FME í samvinnu við Landsbankann ynni ótullega að því að koma útibúum yfir í form dótturfélaga. Ég var í góðri trú um að þeirri vinnu yndi vel fram þó í ljós kæmi í ágúst, þegar aðkomu minnar var óskað sem ráðherra, að lokahnykkinn vantaði.

Ég vek jafnframt athygli rannsóknarnefndarinnar á þeirri staðreynd, að í forsendum hennar er ekki gerður nægilegur greinarmunur á mismunandi aðstöðu og hlutverki þeirra aðila sem þar eru tilgreindir.

Í mínu tilviki var málum þannig háttað að ég hafði engar nákvæmar upplýsingar um stöðu á viðræðum Landsbankans við Fjármálaeftirlitið í Bretlandi (FSA) fyrir miðjan ágúst 2008, aðrar en þær að Landsbankinn væri að vinna að lausn málsins og flutningi á innlánnum í samvinnu við FME.

Afstaða FME var sú að stofnunin væri bundin trúnaði um allar upplýsingar sem að málinu lytu og því upplýsti hún mig ekki um stöðuna. Upplýsingar þær sem ég fékk um málið voru frá fulltrúa ráðuneytisins í margnefndum samráðshópi og þær gáfu að mínu mati ekki tilefni til að grípa inn í þá vinnu eða áætlun um flutning á innlánnum sem var í gangi í samráði við FSA. Í því sambandi vek ég enn athygli á því, að nefndin óskaði aldrei eftir sérstökum aðgerðum af minni hálfu sem viðskiptaráðherra og var þó hlutverk hennar meðal annars að undirbúa viðbrögð gegn fjármálakreppu

Þegar fyrirvarsmenn Landsbankans leituðu svo til mín um miðjan ágúst 2008 um aðstoð við að ná niðurstöðu með FSA í málinu, brást ég strax við og kom á fundi með FSA og fjármálaráðherra Bretlands, Alistair Darling, 2. september 2008. Með því veitti ég Landsbankanum að mínu mati mikilvægan pólitískan stuðning til þess að flýta fyrir lausn málsins.

Niðurstaða fundarins í Lundúnum var að Landsbankinn héldi áfram, í samvinnu við FSA, vinnu við að flytja innstæðurnar í dótturfélag bankans í Bretlandi.

Hvorki á þeim fundi né með öðrum hætti kom fram að nauðsynlegt væri að ríkið legði fram fjármuni eða tryggingar til þess að af þessum flutningi gæti orðið. Ljóst er jafnframt að það var hvorki í mínum verkahring né heldur hafði ég umboð til að bjóða slíkt fram.

Þá tel ég einnig, jafnvel þótt nú sé horft til baka, að á þeim tíma hafi ekki verið tímabært að bjóða fram ríkisstuðning við Landsbankann með þessum hætti, enda um mjög stóra og afdrifaríka ákvörðun að ræða. Hún hefði eflaust kallað á áhlaup á þessa reikninga Landsbankans annars staðar, s.s. í Hollandi.

Að mínu dómi kom því á þeim tíma sem um ræðir, eftir fundinn 2. september 2008, ekki önnur aðkoma til greina en pólitískur stuðningur við málið með þeim hætti sem birtist í því að koma á fundi með fjármálaráðherra Bretlands. Bæði fyrir og eftir umræddan fund var eftirfylgni með málinu í, að mínu mati traustum, höndum Fjármálaeftirlitsins. Frekari aðgerðir voru á þeim tíma hvorki skynsamlegar né æskilegar að mínu mati, jafnvel þótt tækifæri fáiist nú til að endurmeta stöðuna í baksýnisspegli, einu og hálfu ári síðar.

Þá virðist í athugasemd nefndarinnar felast það mat að ef flutningur á innstæðum í Bretlandi, á þeim forsendum sem FSA lagði til, hefði átt sér stað í september 2008, hefði það getað með einhverjum hætti komið í veg fyrir bankahrunið eða dregið úr afleiðingum þess.

Mjög ósennilegt er að svo hefði verið og reyndar augljóst að ef fluttar hefðu verið eignir eða lausafé til dótturfélags Landsbankans í Bretlandi í september 2008, þá hefði slíkt valdið meira tjóni fyrir íslenska ríkið og uppgjör Landsbankans, en komið sér vel fyrir þá sem hefðu verið kröfuhafar dótturfélagsins í Bretlandi.

Vandséð er að slíkar aðgerðir gagnvart Landsbankanum í september 2008 hefðu skipt máli fyrir þá þróun sem leiddi til falls Glitnis í sama mánuði, sem dró síðan hina bankana með sér í fallinu.

Niðurlag

Ég hafna því eindregið að þessi atburðarás lýsi mistökum eða vanrækslu af minni hálfu. Þvert á móti brást ég strax við umleitan fyrirsvarsmanna Landsbankans og freistaði þess að greiða fyrir viðræðum þeirra við bresk stjórnvöld á æðsta stigi.

Það hefði enn fremur verið ábyrgðarleysi af minni hálfu – og einnig utan verksviðs míns sem viðskiptaráðherra – að skuldbinda íslenska ríkið til að leggja Landsbankanum til fé án þess að fyrir lægi ítarleg úttekt á því hvað það hefði haft í för með sér, fyrir fjármáلامarkaðinn og ríkissjóð.

Ég hafði sömuleiðis haft frumkvæði að því að fá einn reyndasta bankamann Íslands til að veita stjórn FME forystu með þeim árangri að það varð forgangsverkefni stofnunarinnar að breyta útibúum bankanna yfir í dótturfélög.

Um 6. tölulið

Í 6. tölulið III. kafla bréfsins lýsir nefndin því að hún hafi til skoðunar hvort það hafi verið vanræksla af minni hálfu að hafa ekki gætt að því að nægilegur lögfræðilegur grundvöllur hafi verið lagður að því, hvað ætla mátti um réttarstöðu ríkisins eftir tilskipun nr. 94/19/EB, við undirbúning að svari íslenskra stjórnvalda við fyrirspurnum sem borist höfðu frá erlendum stjórnvöldum, einkum breskum, um aðkomu stjórnvalda að því að tryggja að innstæðutryggingasjóður gæti staðið við skuldbindingar sína.

Þessi athugasemd er alls ekki á rökum reist enda var viðfangsefnið ekki einvörðungu lögfræðilegt, heldur umfram allt pólitískt.

Traustur lögfræðilegur grunnur

Lögfræðilegur grundvöllur undir það svarbréf, sem sent var frá íslenskum stjórnvöldum vegna fyrirspurna frá erlendum stjórnvöldum um stöðu innstæðutryggingasjóðs, var í höndum hæfustu lögfræðinga í forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti.

Hvað viðskiptaráðuneytið varðaði og mig sjálfan, en athugasemdir nefndarinnar snúa að mér og ráðuneytinu, þá reiddi ráðuneytið sig á ráðgjöf sérfræðinga innan ráðuneytisins og þá sérstaklega Áslaugar Árnadóttur, sem er sérfræðingur í málefnum sem lúta að löggjöf um innstæðutryggingar og með meistaragráðu á sviði Evrópuréttar frá Stokkhólmsháskóla. Auk þess átti Jónína S. Lárusdóttir ráðuneytisstjóri hlut að máli, en hún er einnig reyndur lögfræðingur og sérstaklega vel að sér í lögum um innstæðutryggingasjóð, enda fyrrverandi formaður stjórnar sjóðsins.

Að halda því fram að þekking Áslaugar á réttarstöðu tryggingasjóðsins og tilskipun 94/19/EB hafi takmarkast við það að hafa lesið tilskipunina hlýtur að teljast annaðhvort fljótfærni eða sleggjudómar.

Pólitískt úrlausnarefni

Aðalatriðið hér er hins vegar að svar við spurningu erlendra stjórnvalda um það, hvernig aðkomu íslenskra stjórnvalda yrði hagað ef tryggingasjóðurinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, var fyrst og fremst efnahagslegt og pólitískt.

Af þeirri ástæðu var svar við umræddum fyrirspurnum unnið sameiginlega af fjármála-, forsætis- og viðskiptaráðuneytinu, sbr. fylgiskjal nr. 11.

Vandséð er að álit utanaðkomandi lögfræðings, hver svo sem niðurstaða hans hefði verið um skuldbindingar ríkisins skv. tilgreindri tilskipun, hefði nokkru breytt um efni þess svars sem sent var og enn erfiðara er að sjá að skortur á slíku lögfræðialiti hafi átt þátt í bankahruninu rúmum mánuði síðar. Ef ekki var talinn til staðar nægjanlegur lögfræðilegur grundvöllur að mati sérfræðinga ráðuneytanna þriggja stóð það fjármálaráðuneytinu nær að afla þess, þar sem spurningin snýr að fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs, en ítarlega var rætt um ólík sjónarmið vegna ábyrgðar ríkissjóð á innistæðum og þau greind í aðdraganda þess að bréfið var sent.

Um þetta gæti ég haft langt mál til viðbótar, en minni á að störf rannsóknarnefndarinnar hvað viðskiptaráðuneytið varðar, skv. þar til settum lögum, lúta að mati á „framkvæmd og eftirliti með lögum um fjármálastarfsemi“.

Sjónarmið sem varða pólitíska afstöðu til erindis frá erlendum stjórnvöldum falla varla innan þess ramma, en þetta tiltekna svar var mjög nákvæmlega orðað í lagalegu og pólitísku tilliti, einmitt til þess að lágmarka þann skaða sem Ísland gæti orðið fyrir.

Niðurlag

Með vísan til framanritaðs er því eindregið hafnað að í viðskiptaráðuneytinu hafi ekki verið fyrir hendi fullnægjandi upplýsingar um lagalegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt tilskipun nr. 94/19/EB. Þá er á það bent að ákvörðun um það hvaða skuldbindingar yrðu viðurkenndar eða hvaða skuldbindingar ríkið hafi verið tilbúið að gangast undir við samningu umræddra svara til erlendra stjórnvalda var pólitísk ákvörðun en ekki lögfræðileg.

Enn fráleitara er að ætla að svarið hafi haft eitthvað með það að gera að til alþjóðlegs bankahruns kom rúmum mánuði síðar. Sérstaklega með það í huga að umrætt bréf var varfærnislega orðað og meginefni þess var að ríkið myndi styðja við innstæðutryggingasjóð og standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar.

Samantekt

Ég hef lýst hér í alllöngu máli staðreyndum, rökum og sjónarmiðum sem renna stöðum undir þá bjargföstu sannfæringu mína, að ég hafi hvorki sýnt af mér vanrækslu né orðið á mistök sem viðskiptaráðherra í þeim efnisatriðum sem nefndin rakti í bréfi sínu til mín. Einnig hef ég tekið saman yfirlit yfir helstu atburði, frá embættistöku minni sem viðskiptaráðherra til október 2008 er bankahrun varð, og læt fylgja með bréfi þessu til frekari upplýsinga fyrir rannsóknarnefndina.

Sum rökin eru lagaleg, til dæmis um þær lagalegu forsendur sem nefndinni eru sniðnar í störfum sínum og hún lýsti sjálf í bréfi sínu. Innan þess ramma, hvort mér hafi sem viðskiptaráðherra misfarist við „framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á

Íslandi og eftirlit með þeim“, fellur ekki nema lítill hluti þeirra atriða sem nefndin óskaði skýringa á.

Þau atriði snerta þó lög um innstæðutryggingasjóð, svo og lög um fjármálafyrirtæki. Ég hef rakið hér viðbrögð ráðuneytisins varðandi hvort tveggja, annars vegar með frumvarpi til breytinga á lögum um innstæðutryggingasjóð (sem tilbúið var í janúar 2008 og tók síðar breytingum í ljósi nýrra aðstæðna) og undirbúningi neyðarlaga sumarið 2008, þótt engum kæmi þá til hugar í alvöru að þær aðstæður yrðu að veruleika, sem reyndin varð. Um hvort tveggja sýndi viðskiptaráðuneytið mikilvægt pólitískt frumkvæði.

Önnur atriði falla utan hins skilgreinda viðfangsefnis nefndarinnar, en lúta einnig að lögfræðilegum efnum, svo sem um verkaskiptingu á milli ráðuneyta (sbr. reglugerð um Stjórnarráðið) og lögbundið hlutverk stofnana (til dæmis Seðlabanka og Fjármálaeftirlits). Þessi rök snúa m.a. að athugasemdum um að viðskiptaráðuneytið hefði átt að beina kröfum til viðskiptabankanna um að minnka efnahagsreikning sinn og að beita sér fyrir úttekt á fjárhagslegri stöðu ríkisins og ríkissjóðs. Hvorugt var í verkahring viðskiptaráðuneytisins, heldur beinlínis lagaleg skylda annarra stofnana.

Það var heldur hvorki hlutverk viðskiptaráðherra né hafði hann heimild til þess að skuldbinda ríkissjóð eða þrýsta á um fjárhagslega fyrirgreiðslu til Landsbankans vegna Icesave-reikninga í Bretlandi. Ennfremur er Fjármálaeftirlitið að lögum bundið trúnaði um málefni fjármálafyrirtækja, hvað þá einstaka liði rekstrar þeirra, og viðskiptaráðherra hafði aldrei forsendur eða upplýsingar til að leggja slíkt til.

Önnur rök eru pólitísk. Þau snúast m.a. um þann pólitíska veruleika að forsætisráðherra, sem hafði forræði á efnahagsmálum og hagstjórn, kaus að hafa samráð við utanríkisráðherra öðrum fremur um framvindu efnahagsmála. Um þetta var fullt samkomulag og í samræmi við þá hefð sem skapast hafði, að forystumenn ríkisstjórnarflokkanna höfðu í þessum efnum nánasta samráðið sín á milli.

Þetta kom þó ekki í veg fyrir að ég beitti mér pólitískt í því sem ég taldi þó innan míns verkahringis og skyldustarfa. Þar vegur einna þyngst lagabreyting sem heimilaði alþjóðlegum fyrirtækjum á Íslandi að gera upp í erlendri mynt og að viðskipti með hlutabréf þeirra gætu farið fram í erlendri mynt. Tilgangurinn var fyrst og fremst að draga úr áhættu og sveiflum sem sköpuðust vegna veikleika íslensku krónunnar.

Fleira hef ég rakið hér að ofan, málflutning í ræðu og riti, svo og frumkvæði að umræðum og rannsóknum á þeim vanda sem við okkur blasti og leiðum út úr honum. Í einstaka tilviki, svo sem varðandi hollenska bankann NIBC, beitti ég mér umfram það sem mér var kannski strangt til tekið heimilt, en þótti brýna nauðsyn bera til inngripa.

Að samanlögðu má ljóst vera að ég hafna eindregið þeim athugasemdum sem nefndin beindi til mín í bréfi sínu. Ég tel að í efnisatriðum þeim, sem nefndin vekur máls á, hafi mér alls ekki orðið á mistök og enn síður hafi ég vanrækt hlutverk mitt.


Þvert á móti get ég fullyrt með góðri samvisku að ég hafi gegnt skyldum mínum af kostgæfni, gripið til þeirra ráðstafana sem í mínu valdi voru og lagt mitt ítrasta af mörkum til lausnar þess vanda sem við blasti, eftir því sem aðstæður leyfðu.

Þær aðgerðir komu ekki í veg fyrir að alþjóðleg fjármálakreppa hefði alvarlegar afleiðingar fyrir Íslendinga, enda vandséð hvernig svo hefði mátt vera, né heldur leystu þær hlutfallsvanda og kerfisbrest sem skapaðist meðal annars vegna íslensku krónunnar.

Þær ollu vandanum heldur ekki, en urðu vonandi í sem flestum atriðum til þess að minnka skaðann og gera okkur kleift að bregðast hratt og vel við þegar ósköpin dundu yfir.

Ég óska rannsóknarnefndinni alls velfarnaðar í störfum hennar.

Virðingarfyllst,



Björgvin G. Sigurðsson

Meðfylgjandi:

- Yfirlit helstu atburða frá embættistöku til okt. 2008.
- Fylgiskjöl 1-11, sjá meðfylgjandi yfirlit.

Bréf þetta er afhent ásamt fylgiskjölum í afrit og á geisladiski.

Nokkrir helstu atburðir frá embættistöku

Björgvins G. Sigurðssonar

fram til október 2008, er varða efnahagsáfallið 2008

2007

24. maí Björgvin G. Sigurðsson skipaður viðskiptaráðherra.
- júní Ráðherra skipar starfshóp um endurskoðun á lögum um innstæðutryggingar.
7. júní Bear Stearns stöðvar útgreiðslur úr tveimur sjóðum sínum sem í var mikið magn af undirmálslánavafningum. Dagurinn markar upphaf heimsfjármálakreppu sem ýmist er nefnd undirmálslánakrísan eða lausafjákrísan framan af.
1. október Fyrirhuguðu frumvarpi til breytinga á lögum 98/1999 um innstæðutryggingar er getið á þingmálistu viðskiptaráðherra til forsætisráðherra.
8. nóvember Viðskiptaráðherra mælir fyrir frumvarpi um lög um sértryggð skuldabréf. Málinu hraðað til styrkja lausafjárstöðu bankanna.
10. desember Frumvarp viðskiptaráðherra um greiðslu kostnaðar vegna opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi verður að lögum. Fjárframlög til Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008 eru aukin um 52% frá fyrra ári.
- desember Úttekt á innstæðum bankanna miðað við september 2007 liggur fyrir í ráðuneytinu.

2008

- janúar Hlutabréfaverð fellur verulega í íslensku kauphöllinni í upphafi árs.
1. janúar Jón Sigurðsson skipaður formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins.
13. janúar Drög að frumvarpi til breytinga á lögum 98/1999 um innstæðutryggingar liggja fyrir í viðskiptaráðuneytinu. Fulltrúar viðskiptaráðuneytisins leggja til að málið verði flutt, á vettvangi samráðshóps ráðuneyta og eftirlitsstofnanna, á vettvangi ráðherra og á vettvangi ráðgjafa. Niðurstaðan er engu að síður að bíða með málið vegna óróleika og hættu á áhlaupi. Forsætisráðherra tók þátt í þeirri ákvörðun.
29. janúar Matsfyrirtækið Moody's gefur út sérstaka skýrslu um lánshæfi íslenska ríkisins: „Iceland's AAA at a crossroads“
30. janúar Hætt er við kaup Kaupþings á hollenska bankanum NIBC eftir aðkomu m.a. viðskiptaráðherra.

11. febrúar Rætt um mögulegar aðgerðir á fjármálamörkuðum. Ráðuneytistjóri forsætisráðuneytis og aðstoðarmaður viðskiptaráðherra undirbúa tillögur. Grein gerð fyrir þessu á þingflokksfundum Samfylkingar. Í minnisblaði aðstoðarmanns viðskiptaráðherra og í fundargerð þingflokksfundar kemur fram að málefni tryggingasjóðs innstæðueigenda eru meðal annars til umræðu.
14. febrúar Fundur fjögurra ráðherra, GHH, ISG, ÁMM og BGS með forsvarsmönnum fjármálafyrirtækja í ráðherrabústaðnum. Ákveðið að ráðast í aðgerðir til að bæta upplýsingaflæði og stilla saman strengi (til verksins er fenginn Finnur Sveinbjörnsson).
22. febrúar Breski bankinn Northern Rock er yfirtekinn af breska ríkinu.
4. mars Frumvarp um sértryggð skuldabréf verður að lögum.
16. mars Bandarísk stjórnvöld standa fyrir neyðarsölu á Bear Sterns til J P Morgan Chase til að forða fyrrnefnda bankanum frá gjaldþroti.
17. mars Gengisvísitala íslensku krónunnar fellur um tæp 7% á einum degi. Seðlabanki Íslands hækkar vexti um 1,25% viku síðar.
- 1.-3. apríl Matsfyrirtækin Fitch og Standard & Poor's breyta horfum um lánshæfi ríkissjóðs í neikvæðar.
3. apríl Björgvin G. Sigurðsson flytur ræðu á alþingi í umræðum um ráðstafanir í efnahagsmálum sem lýsa vel stöðumati þess tíma.
17. apríl Lánshæfiseinkunn ríkisins lækkuð (S&P)
26. apríl Seðlabanki Íslands gefur út ritið Fjármálastöðugleiki 2008. Þar segir meðal annars að ríkjandi ástand reyni á viðnámsprótt bankanna. Niðurstaðan er þó enn sú að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust og að bankakerfið uppfylli kröfur sem gerðar eru til þess og standist álagspróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa gert.
8. maí Alþingi gerir breytingar á lögum um sértryggð skuldabréf samkvæmt frumvarpi viðskiptaráðherra. Leiðrétting á fyrri lögum er varðar meðferð afleiða.
9. maí Vinna hefst í viðskiptaráðuneytinu að undirbúningi „neyðarlaga“ ef komi til fjármálaáfalls, á grunni eldri draga sem unnin voru í Fjármálaeftirlitinu árið 2006.
16. maí Tilkynnt er um gjaldmiðlaskiptasamninga á milli Seðlabanka Íslands annars vegar og Seðlabanka Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur hins vegar.
29. maí Alþingi veitir fjármálaráðherra heimild til 500 milljarða króna lántöku í því skyni að efla gjaldeyrisforðann.
- júní –júlí Starfshópur innan viðskiptaráðuneytisins vinnur áfram að viðbúnaði við fjármálaáföllum, á verksviði ráðuneytisins. Í hópnum sitja: Áslaug Árnadóttir, Kjartan Gunnarsson, Sigríður Rafnar og Rúnar Guðmundsson.

12. ágúst Viðskiptaráðherra flytur tillögu í ríkisstjórn um stofnun nefndar þriggja ráðuneyta til að vinna tillögur um aðgerðir vegna hættu á fjármálaáfalli.
14. ágúst Viðskiptaráðherra fundar með formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins um Icesave.
21. ágúst Viðskiptaráðherra fundar með bankastjórum Landsbanka Íslands um Icesave.
2. september Viðskiptaráðherra fundar með Alistair Darling fjármálaráðherra Bretlands um málefni Landsbankans og flutning Icesave í dótturfélag.
15. september Bankinn Lehman Brothers sækir um gjaldþrotavernd.
17. september Bandaríski seðlabankinn veitir AIG trygginga- og fjármálarisanum 85 milljón dollara neyðarlán til að afstýra gjaldþroti.
25. september FDIC (innstæðutryggingafyrirtæki Bandaríkjana) yfirtekur Washington Mutual og selur eignir bankans til JP Morgan Chase. Þessi hrina gjaldþrota og björgunaraðgerða hrindir af stað víðfeðmu fátí á fjármálamörkuðum um allan heim.
29. september Íslenska ríkið gerir tilboð í kaup á 75% hlut í Glitni banka. Áætlanirnar ganga þó ekki eftir.
6. október Alþingi setur svokölluð neyðarlög sem m.a. gefa Fjármálaeftirlitinu víðtækar heimildir til að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja.
7. október Fjármálaeftirlitið tekur við stjórn Landsbanka Íslands hf.
9. október Fjármálaeftirlitið tekur við stjórn Kaupþings banka hf.

Til Rannsóknarnefndar Alþingis.

Yfirlit yfir fylgiskjöl með svarbréfi dags. 24. febrúar 2010.

Fylgiskjölunum er raðað eftir þeirri röð sem þau koma fyrir í svarbréfinu.

Númer	Efni
1	Skýrsla um tryggingarsjóðskerfi innstæðueigenda og fjárfesta, dags. 19. mars 2008.
2	Um innstæðutryggingar, viðskiptaráðuneytið 4. apríl 2008.
3	Um greiðslur úr innstæðudeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, viðskiptaráðuneytið 10. apríl 2008.
4	Ábyrgð á innstæðum, viðskiptaráðuneytið 9. maí 2008.
5	Innstæður, viðskiptaráðuneytið 7. júlí 2008, byggt á gögnum frá sept. 2007.
6	Minnispunktur vegna fundar með Jóni Sigurðssyni, formanni stjórnar FME í viðskiptaráðuneytinu þann 15. 1. 2008.
7	Þingmálalisti viðskiptaráðuneytis 2007-2008, dags. 17. september 2007.
8	Þingmálalisti viðskiptaráðuneytis 2008-2009, dags. 19. september 2008.
9	Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar.
10	Útdráttur úr fundargerðum þingflokks Samfylkingar, dags. 11. og 18. feb. 2008.
11	Tölvupóstsamskipti vegna frágangs á bréfi til breska fjármálaráðuneytisins, dags. 20. ágúst 2008.

Björgvin G. Sigurðsson

1. Almennt um tryggingarsjóðskerfi

Markmið með tryggingarsjóðskerfi fyrir innstæðueigendur og fjárfesta er að vernda þá gegn tjóni sem þeir kunna að verða fyrir vegna greiðsluferfiðleika banka eða annarra fjármálafyrirtækja. Um leið er tryggingarsjóðskerfinu ætlað það hlutverk að stuðla að stöðugleika á fjármálamarkaði. Með því er m.a. átt við að stjórnvöld setji sér skýrar reglur um tryggingarsjóð og veiti innstæðueigendum og fjárfestum aðgengi að gagnsæjum upplýsingum. Má þar nefna upplýsingar um hvað merkir innstæðuvernd, hverjir eru verndaðir gegn greiðsluferfiðleikum banka eða annarra fjármálafyrirtækja. Hversu mikið innstæðueigendur og fjárfestar eru verndaðir og hversu fljótt er greitt út úr sjóðnum. Ef innstæðueigendur eiga ekki greiðan aðgang að slíkum upplýsingum getur skapast sú hættu að þeir taki út allt sparifé sitt þegar þeir skynja greiðsluvanda banka af ótta við að féð sé annars tapað. Heffman prófessor í banka og fjármálafræði við Harvard háskólann lét frá sér fara eftir hrun Northern Rock í Bretlandi að vandi bankans og stjórnvalda hafi verið m.a. sá að innstæðueigendur vissu lítið sem ekkert af tryggingarsjóðnum sem leiddi til þess að þeir tæmdu sjóði sína úr bankanum. Afleiðingarnar urðu því áhrifaríkari eins og kunnugt er.

1.1 Tryggingarsjóður og stöðugleiki

Flestir fræðimennu eru sammála um að innstæðuvernd sé mikilvægt tæki fyrir stjórnvöld til þess að styrkja fjármálamarkaðinn en þeir eru ekki á einu máli um hversu mikið eigi að vernda innstæðueigendur vegna þess að því er oft haldið fram að aukin vernd geti skapað freistnivanda (e. moral hazard). Aðallega er rætt um þrenns konar vanda.¹ Í fyrsta lagi að aukin vernd veiti bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum hvata til þess að taka meiri áhættu vegna þess að fyrirtækin geta fært tapið yfir á ríkið við greiðsluþrot. Í þessari umræðu má nefna að þegar vel gengur eru oft teknar miklar áhættur. Lykilstarfsmönnum er veitt aukin völd og ríkmannleg laun en þegar riður til falls á hinn almenni skattgreiðandi að greiða fyrir mistök.² Í öðru lagi skapar aukin vernd minni hvata hjá stórum innstæðueigendum og fjárfestum til þess að hafa eftirlit með fjármálastofnunum vegna þess að ríkið muni alltaf hlaupa undir bagga ef illa fer. Þótt draga megi þá ályktun að litlar líkur séu á því að fjármálastofnun lendi í greiðsluþroti er nauðsynlegt að almenningur telji sér ekki trú um að slíkt geti ekki gerst. Að sama skapi að hafa ekki ofurtrú á því að stjórnvöld muni aldrei leyfa stórum banka að lenda í gjaldþroti en þekkt er sú skynjun að stjórnvöld komi fremur stórum en litlum fjármálastofnunum til hjálpar þegar þær eiga í vanda (e. too big to fail).³ Í þriðja lagi og tengist því sem að ofan segir, að ef upplýsingar eru ósamhverfar (e. asymmetric) milli annars vegar innstæðueigenda og hins vegar fjármálafyrirtækis ýtir það undir freistnivandi.

Þrjú skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að draga megi úr freistnivanda:

1) Tryggingarsjóður verður að hafa það hlutverk að draga úr óhóflegri áhættu fjármálastofnanna. Í þessu sambandi hefur á undanförunum árum færst í vöxt að ríki krefji fjármálastofnanir um iðgjald samhliða fastri greiðslu til tryggingarsjóðs með það að markmiði að draga úr freistnivanda og jafna stöðu milli aðila. Ein leiðin sem nýtur talsverðar vinsældar er að ákvarða svokallað áhættuigjald (e. Risk adjusted premium) sem metur fjárhagsstöðu banka og annarra fjármálafyrirtækja.⁴ Fyrst bar á

¹ McCoy, Patricia A (febrúar 2007).

² Nýjasta dæmi um freistnivanda er eflasta að finna hjá franska bankanum Société Générale en þar kom berlega í ljós hversu mikið vald starfsmenn hafa til þess að taka áhættur.

³ Þessi skynjun almennings er skiljanleg í ljósi þess að þrot stórs banka hefur frekar kerfisáhættu í för með sér og gæti jafnframt orðið „ímyndar“ áfall fyrir samfélag. Það er hins vegar ekki þar með sagt að ríkið hafi burði til þess að standa undir slíku tapi. Skynjunin er líka sögð hjá fyrirtækjum og hafa stór fyrirtæki því meiri hvata til þess að taka áhættu en langa minna að ábyrgð.

⁴ Þekktasta aðferðin er CAMEL líkanið sem metur fjárhagsstöðu banka út frá eignarfjárkröfu, eignagæði, stjórnun, arðsemi og lánafrástöðu (e. Capital adequacy, asset quality, management, earnings and liquidity). Halda þarf áhættuigjaldinu föstu í ákveðinn langan tíma þannig að hlutaeigendur þekki mörkin og viti að markmiðið sé að veita ákveðna vernd. Enn fremur að

Þessu formi í Bandaríkjunum á árinu 1995 en á árinu 2003, höfðu svo dæmi sé tekið, 20 ríki innleitt slíkt iðgjald og enn fleiri hafa nú bæst í hópinn. Fræðimenn hafa fært rök fyrir því að áhættuiðgjald geti reynst vel þeim löndum sem búa við óstöðuga verðbólgu, hátt tekjustig og/eða mikinn vöxt nýrra fjármálafyrirtækja.⁵ Helsti ókosturinn við þetta gjald er að það endurspeglar áhættu í fortíð og nútíð en ekki í framtíð. Önnur leið til þess að lágmarka freistnivanda er sjálfsábyrgð sem leggst á innstæðueigendur og fjárfesta. Ekki er alveg augljóst hversu mikið þessi leið skilar sér til innstæðueigenda. Hjá bílatryggingafélögum sem dæmi greiðir einstaklingurinn sjálfsábyrgð vegna þess að hann er sá sem skapar áhættuna en það gerir hann ekki hjá lánastofnunum. Hugsanlega getur sjálfsábyrgð komið stærri innstæðueigendum og fjárfestum að gagni, þ.e.a.s. ýtt undir að þeir sjái meiri hag í því að veita fjármálafyrirtækjum aðhald.

2) Stjórnvöld verða að gæta þess að almenningur hafi gott aðgengi að upplýsingum um rétt sinn gagnvart fjármálastofnunum og tryggingarsjóði.

3) Stjórnvöld þurfa að hafa strangt eftirlit með fjármálastofnunum vegna þess að þær eru orðnar svo flóknar að smærri eigendur hafa ekki möguleika á því að meta áhættuna né að það svari kostnaði þeirra. Á móti þurfa stjórnvöld að hvetja stóru innstæðueigendur og fjárfesta til þess að veita fjármálastofnunum aðhald. Í flestum þróuðum ríkjum er það í höndum fjármálaeftirlits og seðlabanka að sjá fyrir ofangreindum eftirlitsþáttum. Afar mikilvægt er því að þessar stofnanir hafi skýrt hlutverk gagnvart tryggingarsjóði og öfluga samvinnu til þess að viðhalda stöðuleika í þessum efnium.

2. Innstæðutryggingakerfi í Evrópu

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins er gerð krafa um að allar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki eigi aðild að tryggingasjóðskerfi sem er viðurkennt af yfirvöldum. Útibú sem starfar í gistiríki fellur undir sama kerfi og í heimaríki. Ef tryggingasjóðskerfi í gistiríki veitir meiri vernd en í heimaríki skal í gistiríkinu vera til staðar tryggingasjóður sem útibú getur tengst að eigin vild til viðbótar þeirri tryggingu sem innstæðueigendur eða fjárfestar njóta þegar vegna aðildar útibúsins í heimaríki (e. topping-up).⁶ Tilskipunin kveður einnig á um lágmarksvernd en sérhvert aðildarríki hefur ákvörðunarrétt um hverjir eiga aðild að sjóðnum, hvernig sjóðurinn er fjármagnaður, aðferð til þess að reikna út greiðslu í sjóðinn og hversu fljótt er greitt út úr honum. Hér verður gerð nánari grein fyrir þessum þáttum.

1) Samkvæmt tilskipuninni eru innstæður og verðbréf tryggð að lágmarki að fjárlhæð 20.000 evrur en eins og fyrr segir er aðildarríki frjálst að vernda hærri fjárupphæðir. Í töflu 1 eru upplýsingar um 11 Evrópusambandsríki ásamt Íslandi og Noregi um tryggðar innstæður. Tvö ríki tryggja eingöngu samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins og þrjú ríki upp að 22-25.000 evrur en þessi upphæð er oft notuð til þess að geta bætt inn sjálfsábyrgð. Noregur og Ítalía skera sig verulega úr þar sem innstæðueigendur njóta þar mun meiri vernd. Eins og sést í töflunni tryggja Normenn sem dæmi innstæðueigendur allt upp að 253.000 evrur eða um 28 millj. íslenskra króna (gengi í dag).

það mæti þörfum markaðarins og trúverðuleika hans. Hins vegar þarf að huga vel að því að velja rétta tíðni á tíma og upphæð. Ef áhættuiðgjald breytist of ört, getur það villt um fyrir hlutaðeigendum. Á sama hátt ef breytingar á iðgjaldi á sér stað of sjaldan, er hættan að sjóðurinn standist ekki væntingar.

⁵ Financial Stability Forum (September 2001).

⁶ Hallgrímur Ásgeirsson (2005).

Skýrsla um tryggingarsjóðskerfi innstæðueigenda og fjárfesta
19. mars 2008


Tafla 1 Hámarksvernd í nokkrum Evrópusambandsríkjum, Noregi og Íslandi

Evrópuríki	Hámarksvernd (EUR)
Belgía	20,000
Bretland	48,000
Danmörk	40,212
Finland	25,000
Frakkland	70,000
Grikkland	20,000
Írland	22,222
Ísland	Að fullu ef eignir hrökkva ekki til
Ítalía	103,291
Noregur	253,000
Portúgal	25,000
Spánn	20,000
Svíþjóð	27,000


Upplýsingarnar eru fengnar hjá framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna en tölurnar sýna stöðuna á árinu 2004. Hugsanlegt er að einhver landanna hafi gert lagabreytingu um lágmarksvernd. Ísland er eina landið af þessum löndum sem verndar innstæðueigendur að fullu ef eignir sjóðsins hrökkva ekki til, sjá lög nr. 98/1999. Mjög sjaldgæft er að land haldi úti slíkum lögum en það er þó þekkt m.a. í Tyrklandi.

Mynd 1 veitir upplýsingar frá sömu Evrópulöndum um hlutfall innstæðusjóðs af heildarinnstæðum og mynd 2 sýnir innstæðuvernd af vergri landsframleiðslu á mann. Eins og sjá má á síðari myndinni skera Normenn sig frá öðrum löndum þar sem þeir vernda innstæðueigendur mun meira.

Mynd 1 Hlutfall innstæðusjóða af heildarinnstæðum í Evrópusambandsríkjum og á Íslandi



Heimild: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (febrúar 2007) og gögn frá viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi. Gögnin frá Framkvæmdastjórninni eru frá 2004 en frá Íslandi á árinu 2007. Hugsanlegt er að sjóðurinn hafi breyst hjá einhverjum af Evrópusambandsríkjunum. Upplýsingar vantar frá Noregi.

Mynd 2 Hlutfall innstæðusjóða á móti landsframleiðslu á mann
í Evrópusambandsríkjum, Noregi og á Íslandi

Heimild: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (febrúar 2007) og gögn frá viðskiptabönum og sparissjóðum á Íslandi. Gögnin frá Framkvæmdastjórninni eru frá 2004 en frá Íslandi á árinu 2007. Hugsanlegt er að sjóðurinn hafi breyst hjá einhverjum af Evrópusambandsríkjunum. Upplýsingar vantar frá Írlandi.

2) Mismunandi er eftir löndum hverjir falla undir innstæðuvernd en öll Norðurlöndin eiga það sammerkt að vernda fleiri aðila en hin löndin. Hins vegar vernda löndin ekki endileg sömu aðila. Sem dæmi eru lífeyrissjóðir aðilar á öllum Norðurlöndunum nema í Svíþjóð og fyrirtæki tengdu fjármálasviði eru undanskilin hjá öllum nema í Danmörku. Ekkert er þó til fyrirstöðu að undanþiggja fleiri aðila, sjá nánar í töflu 2. Þá undanskilja öll lönd innstæður og verðbréf sem tengjast málum þar sem sakkfellt hefur verið fyrir peningaþvætti.

Tafla 2. Aðilar að tryggingarsjóði


x = Ekki aðild

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
Belgía	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Bretland	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
Danmörk							x		x	x		x		
Finnland	x													
Frakkland	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Grikkland														
Írland	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
Ísland	x						x							
Ítalía	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
Noregur	x	x	x						x			x		x
Portúgal	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
Spánn	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
Svíþjóð	x					x				x				

1. Innlán frá fyrirtæki tengdu fjármálasviði sbr. tilskipun 89/646/EEC; 2. Vátryggingarfélag; 3. Ríkið; 4. Sveitarfélög; 5. Fagfjárfestar; 6. Lífeyrissjóðir og lífeyrissparnaðir; 7. Innlán frá stjórnendum lánastofnunar og aðilum með a.m.k. 5% eignarhlut. Félagsmönnum sem eru persónulega ábyrgir og eigendum lánastofnunar. Lögbundnir endurskoðendur og aðrir í sönu stöðu; 8. Innlán í umsjón nátns ættingja og þriðja aðila; 9. Innlán frá fyrirtækjum í samsteypu; 10. Innlán sem ekki er skráð á nafni; 11. Innlán þar sem innstæðueigandi hefur fengið fjárhagslega ívilnun sem hefur átt þátt í að rýra fjárhagsstöðu lánastofnunar; 12. Skuldabréf útgefin af lánastofnun og skuldbindingar sem varða eigin vixla og skuldaviðurkenningar; 13. Innlán í öðrum gjaldmiðlum nema gjaldmiðlum aðildarríkja og ECU; 14. Innlán frá félögum sem eru af þeirri stærð að þeim er ekki heimilt að framvísa stytta efnahagsreikning (e. abridged balance sheets).

Í skýrslu *Financial Stability Forum* frá 2001 má finna ýmsar leiðbeiningar fyrir ríki um hvaða aðila þeir ættu að skylda eða undanskilja frá tryggingarsjóði innstæðueigenda. Sem dæmi er nefnt að ef viðskipti banka og annarra fjármálafyrirtækja eru mikil í erlendri mynt, er mælt með því að gjaldeyrisreikningar séu tryggðir til að bæta samkeppnisumhverfið en meta þarf þá nákvæmlega hvort að greiðsla úr sjóðnum (ef til þess kæmi) fari fram í erlendri eða innlendri mynt með tilliti til þess hvort lánastofnun eða reikningseigandi beri áhættuna. Þá er spurning hvort skylda eigi lánastofnanir sem hafa umsjón með ákveðnum lífeyrissjóðsreikningum aðild að sjóðnum.

3) Innstæðutryggingar eru líka fjármagnaðar á mismunandi hátt í Evrópu. Í upphafi tuttugustu aldarinnar lagði Evrópusambandið til að innheimtan yrði sú sama í öllum aðildarríkjum. Sambandið hefur nú horfið frá þeirri hugmynd vegna andstöðu sem það hefur mætt. Á mynd 3 má sjá að meirihluti ríkja innan Evrópusambandsins (59%) innheimtir fyrirfram til sjóðsins (*ex-ante*). Einn af hverjum fimm innheimtir þegar krísa skapast á fjármálamarkaði (*ex-post*) og 19% á samblöndu af þessu tvennu.



Heimild: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (febrúar 2007). Gögnin eru frá 2004.

Meðaltalssjóður tryggðra innstæðna í EU-15 ríkjum með *ex-ante* kerfi var á árinu 2004 um 0,52% en á meðal nýrra aðildarríkja var hlutfallið um 0,89%.⁷ Þegar sjóður hefur náð skilgreindu markmiði er megin reglan sú að stöðva innheimtu eða þar til að veruleg breyting verður á heildarinnstæðum og verðbréfum.

4) Innheimtuleiðir hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins er að auki mjög mismunandi. Alls 19 af 38 ríkjum innheimta samkvæmt ákveðnu hlutfalli af innstæðum, 26% byggja sjóðinn á hlutfalli af tryggðum innstæðum en aðrir nota efnahagsreikning (e. *balance-sheet*) eða hlutfall vergra landsframléiðslu á mann. Þau lönd sem nota *ex-ante* og innheimta samkvæmt tryggðum innstæðum er prósentan á milli 0,02- 0,06 en meðal nýrra aðildarríkja í kringum 0,3. Alls 6 aðildarríki í þessari greiningu leggja áhættuðgjald á lánastofnanir.⁸ Iðgjaldið er að meðaltali um 0,05% af tryggðum innstæðum í aðildarríkjunum. Tafla 3 sýnir hvaða lönd hafa tekið upp áhættuðgjald. Þau lönd sem veita hærri tryggingu virðast vera líklegri til þess að innleiða slíkt gjald.

⁷ Scenario Analysis: Estimating the effects of changing the funding mechanisms of EU Deposit Guarantee Schemes. DGS Project, Final Report, Febrúar 2007. European Commission, Directorate general JRC.

⁸ Í dag hafa a.m.k. átta aðildarríki Evrópusambandsins tekið upp áhættuðgjald. Ríkisstjórn Bretlands er þegar þessi skýrsla er rituð að hluga að taka upp slíkt gjald en sú umræða fór af stað í kjölfar hruns Northern Rocks.

Tafla 3 Hámarksvernd og áhættuiðgjald

Evrópurfki	Hámarksvernd (EUR)	Áhættuiðgjald
Belgía	20.000	Nei
Bretland	48.000	Nei
Danmörk	40.212	Nei
Finnland	25.000	Já
Frakkland	70.000	Já
Grikkland	20.000	Nei
Írland	22.222	Nei
Ísland	Að fullu ef eignir hrökkva til	Nei
Ítalía	103.291	Já
Noregur	253	Já
Portúgal	25.000	Já
Spánn	20.000	Nei
Svíþjóð	27.000	Já

3. Tryggingarsjóður innstæðueigenda á Íslandi

Um Tryggingarsjóðinn gilda lög nr. 98/1999. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðueild og verðbréfadeild. Hvorug deildin ber ábyrgð á skuldbindingum hinnar. Auk innstæðueildar og verðbréfadeildar er Tryggingarsjóði heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 98/1999, reglugerð nr. 120/2000 og samþykktir fyrir sjóðinn.

3.1 Innstæðueild

Samkvæmt 6. gr. laganna skal heildareign innstæðueildar sjóðsins að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Nái heildareign ekki þessu lágmarki skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins sem nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó 1% viðmiðunarmörkin.⁹ Ákvæðið um 1% viðmið á rætur sínar að rekja til laga nr. 113/1996. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 98/1999 kemur að öðru leyti ekki fram sérstakur rökstuðningur fyrir þessu viðmiði. Í árslok 1998 var gert ráð fyrir að tryggingaskyldar innstæður í viðskiptabönkum og sparisjóðum hefðu verið um 208 ma.kr.¹⁰ Fjárhæðin nam hins vegar um rúmlega 2.000 ma.kr. í lok september 2007 sem er nærri tíföldun milli þessara ára.¹¹ Að baki þessari heildarfjárhæð eru alls 897,096 kennitölur innlendra og erlendra einstaklinga og lögaðila. Tekið skal fram að kennitölur eru eingöngu notaðar einu sinni fyrir hvern banka þar sem gert

⁹ Hallgrímur Ásgeirsson (2005)

¹⁰ Sbr. athugasemdir með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 98/1999.

¹¹ Hér er tekið mið af því að allar innstæður séu tryggðar miðað við núgildandi lög. Hins vegar inniheldur þessi tala innstæður frá öllum lögaðilum en hugsanlegt er að margir þeirra falli ekki undir innstæðuvernd. Ekki var hægt að finna út þann fjölda miðað við þau gögn sem lágu fyrir við úrvinnslu gagnanna. Ekki er ljóst hvort að sú upphæð innstæðna sem fengin var í árslok 1998 taki mið af þessari skekkju þar sem ekki er gerð nánari grein fyrir tölunni í athugasemdum með frumvarpinu.

Skýrsla um tryggingarsjóðskerfi innstæðueigenda og fjárfesta
19. mars 2008

er ráð fyrir að ef reyndi á sjóðinn yrði greidd hámarksfjárhæð samkvæmt samanlögðum fjölda innstæðueinkninga í sérhverjum banka.

Á árinu 2000 var meðaltal tryggðra innstæðna hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum 276 ma.kr. Á árinu 2004 var meðaltalið 498 ma.kr.¹² en á seinni hluta árs 2007 var meðaltalið komið upp í 1,044 ma.kr. Það þýðir að 1% meðaltal af heildarinnstæðum er 10,44 ma.kr en samkvæmt ársskýrslu sjóðsins fyrir árið 2007 var staða innstæðueildarinnar rétt rúmlega 8 ma.kr. Í ársskýrslunni er gert er ráð fyrir að innheimta um 2,5 ma.kr. og krefja lánastofnanir um ábyrgðaryfirlýsingu að fjárhæð 6 ma.kr. til að ná lágmarkinu.¹³ Það er hins vegar spurning hvort að innheimtan eigi að vera með þessari aðferð. Ef breytingar verða gerðar í þá átt að setja hámark á tryggðum innstæðum eins og fjallað verðum um síðar í skýrslunni þarf jafnframt að huga að breytingum á innheimtureglunni. Það sem þarf líka að hafa í huga er að sjóðurinn sé í samræmi við greiðslugetu en um leið að valda ekki óhóflegum kostnaði fyrir lánastofnanir. Enn fremur má geta þess að útreikningur á innheimtu til sjóðsins samkvæmt núgildandi lögum er ekki nægilega skýr en tekið hefur verið mið af heildarinnstæðu sparisjóða og viðskiptabanka í stað heildarinnstæðu í sérhverjum banka.

Í töflu 4 má sjá heildarfjárhæð innstæðu í bönkum og sparisjóðum sem falla annars vegar undir lágmarksvernd allt að 1,7 m.kr. fjárhæð samkvæmt núgildandi lögum og hins vegar fjárhæðir sem eru yfir lágmarksverndinni, skipt eftir innstæðueign einstaklinga og lögaðila¹⁴. Alls eru 782,123 (87%) kennitölur á bak við innstæður undir lágmarkstryggingarvernd og 114,973 (23%) kennitölur umfram henni. Meirihluti innstæðna falla því undir lágmarksverndinni.

Tafla 4 Sundurliðun á heildarfjárhæð tryggðra innstæðna (ma.kr.)

	Heildarinnstæður einstaklinga	Heildarinnstæður lögaðila	Samtals
≤ 1,7 m.kr.	103,5	11,8	115,3
1,7 m.kr. <	860	1110,7	1970,8
Samtals	963,5	1122,5	2.086

Hver kennitala er eingöngu talin einu sinni en innstæðueigendur geta átt fleiri reikninga í einum banka.

Meðalinnstæða allra kennitalna sem skráðar voru fyrir reikningi var 2,3 m.kr. Þegar kennitölunum er síðan skipt eftir sömu forsendum og heildareign tryggðra innstæðna, þ.e. fjöldi kennitalna einstaklinga og lögaðila undir lágmarkstryggingarvernd og fjöldi kennitalna yfir lágmarkstryggingarvernd lítur dæmi út eins og sést í töflu 5.

Tafla 5 Meðalinnstæða einstaklinga og lögaðila (m.kr.)

	Einstaklingar	Lögaðilar
≤ 1,7 m.kr	0,14	0,25
1,7 m.kr. <	8,2	104,4

Hver kennitala er eingöngu talin einu sinni en innstæðueigendur geta átt fleiri reikninga í einum banka.

¹² Hallgrímur Ásgeirsson (2005)

¹³ Árssreikningur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (2007)

¹⁴ Hluti af lögaðilum eru ekki verndaðir en ekki var hægt að greina þá frá hinum við úrvinnslu gagnanna.

3.1.1 Greining

Ráðuneytið leitaði frekari upplýsingar hjá Normönnum og Dönnum um innheimtu í sjóði þeirra. Í svari frá norska fjármálaráðuneytinu greiða aðilar 0,1% af tryggðum innstæðum og 0,05% áhættuálag. Fjármálaráðherra ákveður áhættuálagið. Þegar tryggingarsjóðurinn hefur náð 1,5% af tryggðum innstæðum og 0,5% af áhættuálagi er sjóðurinn talinn hafa náð sínu marki og innheimta stöðvuð. Erlendir aðilar (topping –up) greiða 0,1% af tryggðum innstæðum sem eru ekki verndaðar í heimalandi og áhættuiðgjaldið er samkvæmt fjármagnshlutfalli.¹⁵ Í svari frá seðlabankanum í Danmörku er sjóðnum skipt upp milli þriggja deilda: Lánastofnun, veðlánastofnun og fjárfestingafélag.¹⁶ Sjóðurinn er því talsvert frábúgðinn sjóðnum hér á landi.

Í töflu 6 er gert mat á því ef sett yrði upp hámarksvernd á innstæðum og innborgað í sjóðinn eftir reglum Normanna. Matið sýnir ef hámarksverndin yrði 5 m.kr., 8 m.kr. eða 10 m.kr. en allar þessar upphæðir eru raunhæfar án þess að raska fjárhagsstöðu sjóðsins og ef greiða þyrfti úr honum í dag. Íhuga þarf þó hvort verndin ýti undir freistnivanda. Ákveðið var að reikna út annars vegar eingöngu fyrir einstaklinga og hins vegar fyrir lögaðila og síðan heildarsummu fyrir báða aðila. Ástæðan er sú að ekki var hægt að greina í sundur þá lögaðila sem falla ekki undir aðild að sjóðnum og ekki liggur fyrir hver sú prósent er. Þannig að gera þarf ráð fyrir talsverði skekkju við mat á lögaðilum. Af því leiðir að raunveruleg summa er lægri en taflan sýnir. Eins tekur hún mið af því að lánastofnun geti ekki staðið undir neinni greiðslu til tryggðra innstæðueigenda en það verður að teljast afar ólíklegt. En á móti ber að hafa í huga að ef ein lánastofnun verður gjaldþrota er hugsanlegt að það þurfi að ganga svo mikið á innstæðudeildar að þær myndu ekki nægja að standa undir þeirri áhættu sem eftir stæði.

Tafla 6 Hámarksvernd á innstæðum og greiðsla í Tryggingarsjóði

	5 m.kr. vernd	8 m.kr. vernd	10 m.kr. vernd
Einstaklingar			
Hámarksvernd	346,000,000,000	461,000,000,000	537,000,000,000
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	35	48	56
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	95	97	98
1,5% sjóður	5,215,000,000	6,942,000,000	8,093,000,000
Greiðsla í sjóðinn 0,1%	346,000,000	461,000,000	537,000,000
Lögaðilar			
Hámarksvernd	55,586,000,000	73,142,000,000	84,846,000,000
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	5	7	8
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	90	92	93
Samtals einstakling og lögaðilar	401,586,000,000	534,132,000,000	621,846,000,000
1,5% sjóður	6,023,790,000	8,011,980,000	9,327,690,000
Greiðsla í sjóðinn 0,1%	401,586,000	534,132,000	621,846,000

Við mat á útreikningi var notuð gögn frá viðskiptaböndnum og sparissjóðum. Kennitala er eingöngu talin einu sinni fyrir hvern banka en innstæðueigendur geta átt fleiri reikninga í einum banka. Miðað er við að hver aðili fái greitt samkvæmt samanlögðum fjölda reikninga sem hann á í sérhverjum banka.

Heildarinnstæður sem eru tryggðar að hámarki 5 m.kr. er um 346 ma.kr. hjá einstaklingum svo dæmi sé tekið. Það þýðir 35% af heildarinnstæðum sem er í eigu allra einstaklinga en 95% innstæðna yrðu tryggðar að fullu. Hjá lögaðilum er það aftur á móti ekki nema 5% af heildarinnstæðum en 90% þeirra eru að fullu tryggðir. Um 10% lögaðila eru með hærri inneignir og því deila fáir með sér verulegar háar upphæðir. Sjóðurinn þyrfti að lágmarki að nema 6 ma.kr. ef tekið er mið af bæði einstaklingum

¹⁵ Tölvupóstur frá Stein Sjölie, 22. janúar 2008.

¹⁶ Tölvupóstur frá Hans Christian Knudsen, 16. janúar 2008

og lögaðilum og innborgun í sjóðinn yrði tæplega 402 m.kr. Útreikningurinn tekur ekki mið af áhættuálgjaldi en ástæða er til að skoða hvort það sé ekki kostur miðað við þær forsendur sem gefnar voru fyrir í skýrslunni. Í dag er sjóðurinn nálægt 8 ma. kr. og ef sjóðurinn er talinn ná sínu marki með 1,5% af tryggðum innstæðum stæði hann nú þegar undir 5 m.kr. og 8 m.kr. hámarksvernd en mundi vanta tæplega 2 ma.kr. upp í lágmarkið fyrir 10 m.kr. vernd. Eins og greinir í ársskýrslu Tryggingarsjóðsins hefur verið ákveðið að innheimta 2,5 ma.kr. og þegar því hefur verið lokið stendur hann undir 10 m.kr. verndinni. Með þessum forsendum ætti sjóðurinn að þróast í betra jafnvægi en hann hefur verið, þ.e. ekki er gert ráð fyrir að hlutfall innstæðueigna einstaklinga umfram hámarksvernd muni breytast svo ört að það hafi veruleg áhrif á sjóðinn. Í 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um 0,15% viðbótargreiðslur ef sjóðurinn nær ekki sínu lágmarki og ef það dugir ekki til þá þurfa lánastofnanir að leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Mikilvægt er að halda þessari grein inni ef röskun verður á sjóðnum. Prósentan er í samræmi við sjóðshlutfallið.

3.2 Verðbréfadeild

Viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti og hafa staðfestu hér á landi, skulu eiga aðild að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta sbr. lög nr. 98/1999. Sama gildir um útibú þessara aðila innan EES og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Með tryggðum verðbréfum er átt við eignausýslu, svo sem vegna fjárvörslu eða öryggisvörslu fjár, sem einkanlega á sér stað í verðbréfafyrirtækjum. Með verðbréfum er einnig átt við rafréf, sbr. lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Með reiðufé er átt við innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis í tengslum við viðskipti með verðbréf, þ.e. þegar það stendur ekki við skyldu sína um afhendingu keypra verðbréfa. Átt er við kröfur sem eru tilkomnar vegna verðbréfamíðlunar í lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu.¹⁷

Samkvæmt 7. gr. laganna skal heildareign verðbréfadeildar sjóðsins að lágmarki nema 100 m.kr. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum kemur fram sá rökstuðningur að fjárhæðin er talin nægjanleg til að tryggja lágmarksvernd fjárfesta. Þar segir líka að líkur séu litlar á að viðskiptavinir fyrirtækja í verðbréfaþjónustu tapi meiri fjármunum í gjaldproti en af innstæðum í ljósi mismunar sem er á þeim. Innstæður séu meginuppistaðan í fjármögnun lánastofnana og komi fram á efnahagsreikningi þeirra en ekki vegna verðbréfa. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geti því orðið gjaldþrota án þess að viðskiptavinir fyrirtækis í tengslum við viðskipti með verðbréf tapi fjármunum sínum. Stórkostleg mistök eða sviksamlegt athæfi þurfi því að koma til svo að viðskiptavinir tapi fjármunum vegna gjaldþrots fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Þá er sá munur á innstæðueigendum og verðbréfaeigendum að þeir fyrrnefndu hafa lánað lánastofnunum eignir sínar til varðveislu. Þeir síðarnefndu eru hins vegar að ráðstafa eignum sínum til þess að hagnast á þeim og ættu því að bera ábyrgð á áhættu sinni. Þannig má færa rök fyrir því að tryggingarverndin eigi að vera alsráðandi hjá innstæðueigendum. Verðbréfasjóður hefur þó þann tilgang að koma í veg fyrir að einstaklingar lendi í verulegum fjárhagskröggum vegna gjaldþrota fjármálafyrirtækis því annars kæmi það í hlut skattgreiðenda að mæta þeim skakkaföllum.

Við samning frumvarpsins var tryggingastærðfræðingur fenginn til að gera tillögu um æskilega stærð verðbréfadeildar með hliðsjón af fjárhæð í vörslu hjá verðbréfafyrirtækjum og fjölda fjárvörslureikninga. Gert var ráð fyrir að tryggð verðbréf í vörslu eða umsjón verðbréfafyrirtækja fyrir viðskiptamenn þeirra hafi verið um 200–210 ma.kr. í lok árs 1998. Þar af hafi um 70 ma.kr. verið í verðbréfasjóðum og hlutabréfasjóðum sem að stórum hluta voru í öryggisvörslu í verðbréfafyrirtækjum. Gert var ráð fyrir að rúmlega 100 ma.kr. af fé stofnanafjárfesta hafi verið í fjárvörslu í verðbréfafyrirtækjum. Í fjárvörslu voru um 25 ma.kr. í eigu tæplega tvö þúsund

¹⁷ Hallgrímur Ásgeirsson (2005)

Skýrsla um tryggingarsjóðskerfi innstæðueigenda og fjárfesta
19. mars 2008

einstaklinga og lögaðila, annarra en fagfjárfesta. Niðurstaða tryggingastærðfræðingsins var sú að æskileg stærð sjóðs verðbréfadeildar væri í kringum 100 m.kr. enda var sú fjárhæð talin í góðu samræmi við hugmyndir um sambærilega sjóði í Danmörku og Svíþjóð. Ekki þótti því rétt að binda meira fé í verðbréfadeild sjóðsins. Sjóðurinn var metin sem 0,0005% af heildarvörslu verðbréfa í umsjá verðbréfafyrirtækja eða 2,5% af eignum einstaklinga og lögaðila, aðra en fagfjárfesta.

Samkvæmt ársskýrslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta var eigið fé verðbréfadeildar um 138 m.kr. í árslok 2007. Sjóðurinn hefur því náð takmarki sínu og gott betur. Í september 2007 voru vörslur verðbréfa og reiðufjár hins vegar um 7,000 ma.kr. sem er þrjátíuföldun frá því að sjóðurinn var metin á árinu 1998. Ljóst er því að verðbréfaeign einstaklinga og lögaðila hafa hækkað verulega frá þeim tíma er löggin voru sett. Aukningin er ekki einungis að finna meðal innlendra aðila heldur líka erlendra aðila. Ef sjóðurinn er reiknaður á núvirði þá ætti hann að standa í rúmlega 3 ma.kr., þ.e. ef eingöngu er reiknuð hlutfallsleg breyting á þessu tíu ára tímabili. Á bak við þessa tölu eru 105 þúsund kennitölur einstaklinga og lögaðila, þar af fagfjárfestar. Tafla 7 sýnir fjölda verðbréfaeigna einstaklinga og lögaðila skipt eftir upphæðir undir og yfir lágmarksvernd

Tafla 7 Sundurliðun á heildarfjárvörslu verðbréfa og reiðufjár í eigu einstaklinga og lögaðila sem eru í umsjón verðbréfafyrirtækja, banka og sparisjóða (ma.kr)

	Heildarinnstæður einstaklinga	Heildarinnstæður lögaðila	Samtals
≤ 1,7 m.kr.	25	52	77
1,7 m.kr. <	668	6,175	6,843
Samtals	693	6,227	6,920

3.2.1 Greining

Í svari frá seðlabankanum í Danmörku við fyrirspurnum ráðuneytisins um innheimtu þeirra í verðbréfasjóði eru verðbréfaeigendur tryggðir upp að sömu fjárhæð og innstæðueigendur eða 40,000 evrur.¹⁸ Í svari frá fjármálaráðuneyti Noregs eru þeir tryggðir upp að 20,000 evrur.¹⁹

Hér er gert mat sem miðar að því að viðskiptavinir verðbréfafyrirtækja, banka og sparisjóða, séu tryggðir allt upp að 20,000 evrur eins og tilskipun Evrópusambandsins segir til um. Þar sem löggin taka mið af 1,7 m.kr (gengi frá 5. janúar 1999) er sú upphæð notuð við útreikning. Heildarupphæð verðbréfa og reiðufjár einstaklinga sem falla undir tryggingarvernd næmu þá um 75,6 ma.kr. eða 11% af heildarverðbréfum þeirra en 6,6 ma.kr. eða 0,001% af heildarverðbréfum lögaðila. Samanlagt er upphæð allra tryggðra verðbréfa um 82,2 ma.kr eins og kemur fram í töflu 8.

Tafla 8 hámarksvernd verðbréfa í vörslu verðbréfafyrirtækja, banka og sparisjóða

	Heildarinnstæður einstaklinga	Heildarinnstæður lögaðila	Samtals
≤ 1,7 m.kr.	75,6	6,6	82,2
Tryggð verðbréf af heildarverðbréfum %	11	0,001	
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	69	32	

¹⁸ Hans Christan Knudsen, tölvupóstur 16. janúar 2008

¹⁹ Stein Sjoloe, tölvupóstur 22. janúar 2008

Skýrsla um tryggingarsjóðskerfi innstæðueigenda og fjárfesta
19. mars 2008

Það er ekkert óeðlilegt að mikill munur sé á hlutfalli milli einstaklinga og lögaðila þar sem þeir síðarnefndu eru að versla með verðbréf langt umfram lágmarksverndinni en samkvæmt greiningunni yrðu samt 69% einstaklingar verndaðir að fullu og 32% lögaðilar.

Ljóst er að ef tilgangur sjóðsins er að bæta fjárfestum tap vegna gjaldþrots verðbréfafyrirtækis þarf hann að vera traustur og í samræmi við stöðu verðbréfaeigna. Reynslan hefur kennt okkur eins og svo mörgum öðrum ríkjum að það er alltaf hættu á að fyrirtæki verði gjaldþrota. Þegar hefur komið upp eitt mál í íslensku samfélagi eða svokallað Burnhamsmálið. Fjárfestingafélagið Burnham var tekið til gjaldþrotaskipta í nóvember 2001. Í kjölfari þess þurfti sjóðurinn að greiða út samtals að fjárhæð 38,5 m.kr. bætur til aðila.²⁰

Miða mætti sjóðinn við sambærilegt prósentuhlutfall og í innstæðueildinni eða 1%-1,5%. Samkvæmt niðurstöðum úr töflu 8 mundi sjóðurinn þá nema 820 m.kr - 1,2 ma.kr. Í lögunum er gert ráð fyrir því að nái heildareign sjóðsins ekki lágmarki skv. 1. mgr. skulu aðildarfyrirtæki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins sem nemur samtals 20 m.kr. og þar til sjóðurinn hefur náð tilskilinni lágmarksstærð. Eðli málsins samkvæmt mun sjóðurinn ekki ná raunhæfni stærð með þessum innheimtuleiðum eða jafnvægi í framtíðinni. Æskilegast er því að stjórnvald hafi heimild til þess að krefja aðila um sérstakar greiðslur til sjóðsins. Í þessum sambandi þarf að hafa í huga að landslagið á verðbréfamarkaðinum breyttist verulega eftir að bankarnir voru einkavæddir sem skýrir að miklu leyti þennan mikla vöxt. Ekki er búist við að slík umskipti muni endurtaka sig á sama hátt. Gæta þarf þess þó að fjármögnunin stofni ekki stöðuleika fjármálakerfisins í hættu. Þegar rétt sjóðsstærð er náð er hægt að innheimta 0,1% hjá hverjum aðila sem byggist á núverandi reiknireglum.²¹ Mikilvægt er að sjóðurinn sé árlega endurskoðaður með tilliti til heildarverðbréfavörslu banka, sparisjóða og annarra í verðbréfavíðskiptum og heimilt verði að auka eða lækka innborganir til sjóðsins vegna sveiflum sem geta orðið á verðbréfaeignum. Sveiflurnar ættu að vera mun minni ef gert er ráð fyrir hámarksvernd og undanþiggja lögaðila eins og ríkið, lífeyrissjóði og sveitarfélög.

Heimildir:

Ársskýrsla Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (2007).

Financial Stability Forum (September 2001).

Hallgrímur Ásgeirsson (2005). Tryggingarvernd innstæðueigenda og fjárfesta. Seðlabankinn.

Hans Christian Knudsen (16. janúar 2008). Tölvupóstur.

Jónas Þórðarson (25. janúar 2008). Tölvupóstur.

Lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999.

McCoy, Patricia A (febrúar 2007). The Moral Hazard implications of deposit insurance: Theory and evidence; Financial stability forum (sepember 2001). Guidance for developing

²⁰ Sjá m.a. upplýsingar um málið á heimasíðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta www.tryggingarsjodur.is. Geta má þess að kröfur aðila til sjóðsins námu um 300 m.kr. Afstaða Tryggingarsjóðs var að hafna greiðslum í 28 tilvikum en í 11 tilvikum voru kröfur á hendur sjóðnum afturkallaðar, samtals að fjárhæð 261,5 m.kr. Í engu tilviki var látið reyna á synjun sjóðsins fyrir dómstólum.

²¹ Í dag er greitt til verðbréfaeildarinnar samkvæmt eftirfarandi forsendum: 1) Fjárhæð verðbréfavíðskipta 2) Fjöldi víðskiptareikninga í tengslum við eignastýringu og vörslu 3) Fjöldi víðskiptareikninga í því sem kallast öryggisvarsla. Upplýsingar samkvæmt 2) og 3) er síðan skipt eftir því hvort um er að ræða lægri inncegn eða hærri inneign en lágmark. Víðskiptareikningar í tengslum við eignastýringu og vörslu hafa tvöfalt vægi í útreikningi og einnig víðskiptareikningar með hærri inneign en lágmark. Tölvupóstur frá Jónasi Þórðarsyni, framkvæmdastjóra Tryggingarsjóðs frá 25. janúar 2008

*Skýrsla um tryggingarsjóðskerfi innstæðueigenda og fjárfesta
19. mars 2008*

effective deposit insurance systems.

Scenario Analysis: Estimating the effects of changing the funding mechanisms of EU Deposit Guarantee Schemes. DGS Project, Final Report, Febrúar 2007. European Commission, Directorate general JRC.

Stein Sjölie (22. janúar 2008). Tölvupóstur.

www.tryggingarsjodur.is

Viðskiptaráðuneytið
4. apríl

Trúnaðarmál

Um innstæðutryggingar.

1. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

Um innstæðutryggingar gilda lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999. Þá er í gildi reglugerð nr. 120/2000 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Á grundvelli laganna starfar Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald; innstæðudeild og verðbréfadeild. Hvorug deildin ber ábyrgð á skuldbindingum hinnar.

2. Aðilar að Tryggingarsjóðnum.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfabjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti og hafa staðfestu hér á landi, skulu eiga aðild að Tryggingarsjóðnum. Sama gildir um útibú þessara aðila innan EES og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

3. Greiðslur úr sjóðnum.

Greiðsluskylda úr sjóðnum verður virk í tveimur tilvikum. Í fyrsta lagi ef fyrirtæki sem er aðili að sjóðnum er að álit Fjármálaeftirlitsins ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafist aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda. Í öðru lagi verður greiðsluskylda sjóðsins virk ef bú aðildarfyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta.

Í ofangreindum tilvikum er sjóðnum skylt að greiða viðskiptavini aðildarfyrirtækis andvirði innstæðu úr innstæðudeild og andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf úr verðbréfadeild.

Ef eignir viðkomandi deildar Tryggingarsjóðs hrökkva ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár í hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki á að skipta greiðslum úr hvorri deild þannig milli kröfuhafa að krafa hvers þeirra allt að 1,7 millj.¹ kr. sé bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar hrökkva til. Ef eignir sjóðsins hrökkva ekki til og stjórn hans telur til þess brýna ástæðu er henni heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum.

Álit Fjármálaeftirlitsins á því að aðildarfyrirtæki sé ekki fært um að inna af hendi greiðslu skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að það fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki hafi ekki greitt viðskiptavini sínum eða staðið skil á verðbréfum eins og því bar að gera. Eftir það skal sjóðurinn greiða út innan þriggja mánaða, sbr. ákvæði reglugerðar um sjóðinn.² Ráðherra er þó heimilt að veita sjóðnum fresti, þannig að útgreiðslutíminn getur verið allt að 12 mánuðir.

Aldrei hefur komið til útgreiðslu úr innstæðudeild sjóðsins, en greitt hefur verið úr verðbréfadeild vegna greiðsluþrots eins aðildarfyrirtækis.

¹ Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999.

² Reglugerð nr. 120/2000 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Viðskiptaráðuneytið
4. apríl

Trínaðarmál

Í töflu 3 er yfirlit yfir þær greiðslur sem inna yrði af hendi úr sjóðnum vegna greiðsluþrots „meðaltals viðskiptabanka“ ef vernd yrði ákveðin 5 m.kr., 8 m.kr. eða 10 m.kr. Útreikningurinn miðast annars vegar við einstaklinga og hins vegar við lögaðila og loks er sýnd heildarútkoma fyrir báða aðila. Útreikningurinn miðast við að lánastofnanir geti ekki staðið undir neinni greiðslu til tryggðra innstæðueigenda.

Tafla 3. Hámarksvernd á innstæðum og greiðsla í Tryggingarsjóði

V/ MEDALBANKA
= x 3

	5 m.kr. vernd	8 m.kr. vernd	10 m.kr. vernd
Einstaklingar			
Hámarksvernd	346 ma. kr.	461 ma. kr.	537 ma.kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	35	48	56
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	95	97	98
Lögaðilar			
Hámarksvernd	55,586 ma. kr.	73,142 ma. kr.	84,846 ma. kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	5	7	8
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	90	92	93
Samtals einstakling og lögaðilar	401,586 ma. kr.	534,132 ma. kr.	621,846 ma. kr.

Við mat á útreikningi voru notuð gögn frá viðskiptabönkum og sparissjóðum. Kennitala er eingöngu talin einu sinni fyrir hvern banka.

Ef tekið er sem dæmi að innstæður séu tryggðar upp að 5 m.kr. þýðir það að heildar fjárhæð tryggðra innstæðna er um 346 ma.kr. hjá einstaklingum, en það samsvarar 35% af heildarinnstæðum sem er í eigu allra einstaklinga og yrðu 95% innstæðueigenda tryggðir að fullu. Hjá lögaðilum yrði það aftur á móti ekki nema 5% af heildarinnstæðum en 90% lögaðila yrðu að fullu tryggðir. Um 10% lögaðila eru með hærri inneignir og því deila fáir með sér verulegar háum upphæðum.

KRUPPING > 1000
LANDSB. 400
GLITNIR 400

Viðskiptaráðuneytið
4. apríl

Trúnaðarmál

5. Verðbréfadeild

Undir verðbréfadeildina falla verðbréf og reiðufé. Með verðbréfum er átt við verðbréf sem eru í vörslu, umsjón eða umsýslu aðildarfyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækis og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum. Þarna fellur m.a. undir eignaumsýsla, svo sem vegna fjárvörslu eða öryggisvörslu fjár, sem einkanlega á sér stað í verðbréfafyrirtækjum. Með reiðufé er átt við innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis í tengslum við viðskipti með verðbréf, þ.e. þegar það stendur ekki við skyldu sína um afhendingu keypra verðbréfa.

Undanskilin tryggingu eru verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning og verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningabætti.

Samkvæmt 7. gr. laganna skal heildareign verðbréfadeildar sjóðsins að lágmarki nema 100 m.kr. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 98/1999 kemur fram að tryggingastærðfræðingur hafi verið fenginn til að gera tillögu um æskilega stærð verðbréfadeildar með hliðsjón af fjárhæð í vörslu hjá verðbréfafyrirtækjum og fjölda fjárvörslureikninga. Gert var ráð fyrir að tryggð verðbréf í vörslu eða umsjón verðbréfafyrirtækja fyrir viðskiptamenn þeirra hafi verið um 200–210 ma.kr. í lok árs 1998. Þar af hafi um 70 ma.kr. verið í verðbréfasjóðum og hlutabréfasjóðum sem að stórum hluta voru í öryggisvörslu í verðbréfafyrirtækjum. Gert var ráð fyrir að rúmlega 100 ma.kr. af fé stofnanafjárfesta hafi verið í fjárvörslu í verðbréfafyrirtækjum. Í fjárvörslu voru um 25 ma.kr. í eigu tæplega tvö þúsund einstaklinga og lögaðila, annarra en fagfjárfesta. Niðurstaða tryggingastærðfræðingsins var sú að æskileg stærð sjóðs verðbréfadeildar væri í kringum 100 m.kr. enda var sú fjárhæð talin í góðu samræmi við hugmyndir um sambærilega sjóði í Danmörku og Svíþjóð. Ekki þótti því rétt að binda meira fé í verðbréfadeild sjóðsins. Sjóðurinn var metin sem 0,0005% af heildarvörslu verðbréfa í umsjá verðbréfafyrirtækja eða 2,5% af eignum einstaklinga og lögaðila, aðra en fagfjárfesta.

Samkvæmt ársskýrslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta var eigið fé verðbréfadeildar um 138 m.kr. í árslok 2007. Sjóðurinn hefur því náð takmarki sínu og gott betur. Í september 2007 nam fjárhæð verðbréfa í vörslu og reiðufé um 7,000 ma.kr. sem er þrjátíuföldun frá árinu 1998. Ljóst er því að verðbréfaeign einstaklinga og lögaðila hefur hækkað verulega frá þeim tíma er löggin voru sett. Aukninguna er ekki einungis að finna meðal innlendra aðila heldur líka á meðal erlendra aðila. Ef sjóðurinn er reiknaður á núvirði þá ætti hann að standa í rúmlega 3 ma.kr., þ.e. ef eingöngu er reiknuð hlutfallsleg breyting á þessu tíu ára tímabili. Á bak við þessa tölu eru 105 þúsund kennitölur einstaklinga og lögaðila, þar með taldir fagfjárfestar. Tafla 4 sýnir verðbréfaeign einstaklinga og lögaðila skipt eftir upphæðum undir og yfir lágmarksvernd

Viðskiptaráðuneytið
4. apríl

Trúnaðarmál

Tafla 4. Sundurliðun á heildarfjárvörslu verðbréfa og reiðufjár í eigu einstaklinga og lögaðila sem eru í umsjón verðbréfafyrirtækja, banka og sparisjóða (ma.kr)			
	Heildarinnstæður einstaklinga	Heildarinnstæður lögaðila	Samtals
≤ 1,7 m.kr.	25	52	77
1,7 m.kr. >	668	6,175	6,843
Samtals	693	6,227	6,920

Þrátt fyrir að heildareign verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs skuli lögum samkvæmt aðeins vera 100 m.kr. eru frekar litlar líkur á að viðskiptavinir fyrirtækja í verðbréfaþjónustu tapi miklum fjármunum við gjaldþrot fyrirtækis sem er aðili að verðbréfadeild sjóðsins. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta orðið gjaldþrota án þess að viðskiptavinir fyrirtækis í tengslum við viðskipti með verðbréf tapi fjármunum sínum. Til að viðskiptavinir tapi fjármunum vegna gjaldþrots fyrirtækis í verðbréfaþjónustu þurfa að koma til stórkostleg mistök eða sviksamlegt athæfi eða að reiðufé hafi ekki verið ráðstafað.

Einu sinni hefur komið til útgreiðslu úr verðbréfadeild sjóðsins, þ.e. vegna gjaldþrots Burnham.

Viðskiptaráðuneytið
4. apríl

Trúnaðarmál

Innstæðutryggingar - Álitamál

varðveisluþingur ?

1. Við hvaða dagsetningu á að miða vegna útgreiðslu úr sjóðnum?
2. Er aðeins greitt einu sinni til hversrar kennitölu í hverjum banka?
3. Hvernig á að fara með reikninga sem eru í sameiginlegri eigu fleiri en eins aðila?
4. Er heimilt að skuldajafna innstæðum og lánnum hjá sama viðskiptabanka?
5. Hvernig á að fara með lögbundna reikninga, t.d. vörslureikninga lögmanna?
6. Taka þarf afstöðu til þess hvaða reikningar teljast til innlána. Varpað hefur verið fram þeirri spurningu hvort að svokallaðir peningamarkaðsreikningar falli undir innlánadeild eða verðbréfadeild.
- miða
7. Hvernig fer með séreigna lífeyrissparnað?

8. Uppgöfnumáttinn vegna tryggja innstæðna álendis,
sér. tillaga breyta tryggisþóðnum.

Viðskiptaráðuneytið
10. apríl

Trúnaðarmál

Greiðslur úr innstæðudeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

1. Greiðsluskylda.

Greiðsluskylda úr innstæðudeild Tryggingarsjóðs verður virk í tveimur tilvikum, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta:

- a. Ef aðildarfyrirtæki er að álit Fjármálaeftirlitsins ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu sem viðskiptavinur hefur krafist aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda.
- b. Ef bú aðildarfyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta.

2. Frestur til að lýsa kröfu.

Álit Fjármálaeftirlitsins á því að aðildarfyrirtæki sé ekki fært um að inna af hendi greiðslu skal skv. 2. mgr. 9. gr. laganna liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að stofnunin fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki hafi ekki greitt viðskiptavini sínum eins og því bar að gera. Ef greiðsluskylda hvílir á sjóðnum gagnvart innstæðueiganda bera að inna greiðslu af hendi innan þriggja mánaða frá því að álit Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir eða úrskurður hefur verið kveðinn upp um töku bús aðildarfyrirtækis til gjaldþrotaskipta, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 120/2000, um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta. Á grundvelli 4. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar getur viðskiptaráðherra við sérstakar aðstæður, að fengnu álit Fjármálaeftirlitsins, veitt sjóðnum allt að þriggja mánaða frest til viðbótar, og getur ráðherra, að fengnu álit Fjármálaeftirlitsins, framlengt þann frest einu sinni eða tvisvar í viðbót, í hvort sinn að hámarki um þrjá mánuði. Frestur til að greiða úr sjóðnum getur því mest orðið 12 mánuðir.

3. Lýsing krafna.

Viðskiptavinir aðildarfyrirtækis sem ekki er fært um að inna greiðslur af hendi eða er tekið til gjaldþrotaskipta skulu senda Tryggingarsjóði kröfur sínar skriflega ásamt þeim gögnum sem sjóðurinn metur nauðsynleg, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 120/2000. Sjóðurinn getur þó ekki hafnað kröfum um greiðslu úr sjóðnum með tilvísun til umrædds frests ef viðskiptavinur aðildarfyrirtækis hefur ekki getað sett fram kröfu á hendur sjóðnum í tæka tíð, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Ef um gjaldþrot aðildarfyrirtækis er að ræða er það skilyrði að kröfum hafi verið lýst í þrotabúíð áður en krafa er gerð á sjóðinn, sbr. 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Hugsanlega ætti að útbúa sérstök eyðublið sem hægt væri að setja á heimasíðu sjóðsins. Ekki verður þó séð að hægt verði að taka við kröfum með rafrænum hætti fyrr en rafræn skilríki hafa verið tekin í notkun.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar er sjóðnum einnig heimilt að fá upplýsingar frá viðkomandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi þess um eignir viðskiptamanna hjá fyrirtækinu á þeim degi sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit eða úrskurður um töku bús til gjaldþrotaskipta er kveðinn upp.

4. Auglýsing um frest.

Í 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að sjóðurinn taki ákvörðun, í samráði við Fjármálaeftirlitið, um lengd þess frests sem viðskiptavinir aðildarfyrirtækis hafa til að gera kröfu

Viðskiptaráðuneytið
10. apríl

Trínaðarmál

á sjóðinn. Fresturinn má þó ekki vera lengri en tveir mánuðir þegar innstæðueigendur eiga kröfu á sjóðinn. Ákvörðun um lengd frests skal auglýst í Lögbirtingarblaðinu og dagblöðum. Í meðfylgjandi viðauka er að finna drög að auglýsingu um frest til að lýsa kröfum.

5. Hvaða kröfur eru tryggðar?

Innstæður, skv. 1., sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999, en með innstæðu er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa.

Við innheimtu í sjóðinn hefur verið miðað við innlán viðskiptamanna innlánsstofnana, annarra en fjármálafyrirtækja, til Seðlabanka Íslands. Aðildarfélögum er gefin kostur á að leiðrétta innlánin, s.s. að reikna út vexti o.fl. Loks hafa aðildarfélög staðfest fjárhæð tryggðra innlána og endurskoðendur Tryggingarsjóðsins stilla upp innheimtuþörf í sjóðinn m.v. staðfest tryggð innlán.

6. Mat á rétti til greiðslu.

Eftir lok kröfulýsingarfrestins er tekin afstaða til lögmætis þeirra krafna sem borist hafa eins fljótt og kostur er. Sjóðurinn skal tilkynna þeim sem gera kröfu um greiðslur úr sjóðnum skriflega um niðurstöðu um greiðsluskyldu sjóðsins, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar.

Réttur til greiðslu þarf að vera ótvíráður. Nokkur álitæfni geta komið upp:

a. Ekki er fjallað um það í lögum eða reglugerð um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta hvernig fara á með það þegar einstaklingur eða lögaðili á fleiri en einn reikning hjá hverju aðildarfyrirtæki. Almennt hefur verið gengið út frá því að innstæður hvers aðila verði lagðar saman og eigi hann aðeins rétt á einni greiðslu vegna samanlagðra innstæðna sinna.

b. Í þeim tilvikum þar sem fleiri en einn aðili eiga innlánsreikning skal hlutur hvers þeirra tekinn til greina við útreikning á greiðslu, sbr. 9. gr. reglugerðar 120/2000.

c. Hvergi er í lögum 98/1999 og í reglugerð 120/2000 kveðið á um heimild til að skuldajafna innstæðum og lánum hjá sama viðskiptabanka eða sparisjóði og verður því ekki talið að slík skuldajöfnun sé heimil, enda gæti slíkt verið flókið í framkvæmd.

d. Í lögum og reglugerð um innstæðutryggingar er ekki fjallað sérstaklega um lögbundna reikninga, s.s. vörslureikninga lögmanna og fasteignasala, og verður því gengið út frá því að engar sérstakar reglur eigi við um slíka reikninga.

7. Ákvörðun um fjárhæð kröfu.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 120/2000 skal krafa reiknuð út miðað við eign viðskiptamanns aðildarfyrirtækis þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 9. gr. laga nr. 98/1999 og 2. gr. reglugerðar nr. 120/2000, eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús aðildarfyrirtækis til gjaldprotaskipta. Miða skal við þann dag sem fyrr kemur upp.

Kröfur í erlendri mynt skulu umreiknaðar miðað við sölugengi á þeim degi er Fjármálaeftirlitið gefur út álit eða kveðinn er upp úrskurður um töku bús til gjaldprotaskipta.

Ekki er kveðið á um það í lögum eða reglugerð um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta hvort greiða skuli vexti af kröfum. Í Burnham málinu var sú stefna mótuð að engir vextir

*Viðskiptaráðuneytið
10. apríl*

Trúnaðarmál

skyldu greiddir af kröfum sem gerðar væru í verðbréfadeild Tryggingasjóðsins og má því ganga út frá því að það sama mundi gilda varðandi kröfur í innstæðudeild sjóðsins.

8. Mat á fjárhæð greiðslu.

Sjóðurinn skal á grundvelli 8. gr. reglugerðarinnar staðreyna hvort greiðsla á kröfu hafi fengist að einhverju eða öllu leyti frá aðildarfyrirtæki áður en greiðsla kröfu er innt af hendi. Greiðslur frá aðildarfyrirtækinu skulu að dragast að fullu frá greiðslu úr sjóðnum.

Þegar eignir hrökkva ekki fyrir greiðslu krafna skal samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna skipta greiðslum milli kröfuhafa þannig að krafa hvers þeirra allt að 1, 7 millj. kr. sé greidd að fullu, en það sem umfram er skal bætt hlutfallslega eftir því sem eignir innstæðudeildar hrökkva til. Fjárhæðin er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999. Nemur fjárhæðin 20.887 evrum og miðað við gengi 7. apríl 2008 er fjárhæðin nú 2.372.000 kr.

Sjóðurinn verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt tjón kröfuhafa hafi ekki verið bætt að fullu.

Ef eignir sjóðsins hrökkva ekki fyrir lágmarksgreiðslu er sjóðnum heimilt að taka lán frá verðbréfadeild að fjárhæð 50 millj. kr. samkvæmt 11. gr. laganna. Á grundvelli 2. mgr. 10. gr. er stjórn sjóðsins heimilt, telji hún til þess brýna ástæðu, að taka lán til að greiða kröfuhöfum.

9. Framsal krafna.

Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfur kröfuhafa á hendur hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi, sbr. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 120/2000.

10. Innstæðureikningar í erlendum útibúum.

Innstæður í erlendum útibúum innlánsstofnana eru tryggðar á sama hátt og aðrar innstæður innan móðurfélags viðkomandi innlánsstofnunar. Í sumum tilvikum hafa innlánsstofnanir óskað eftir aukatryggingu (e. Top-up) hjá erlendum tryggingarsjóðum þannig að þarlendir innlánseigendur séu eins settir tryggingarlega og innlán þeirra væru hjá þarlendum banka. Tryggingarsjóður hefur gert samstarfssamninga við viðkomandi tryggingarsjóði ef óskað hefur verið eftir því. Samstarfssamningar eru n.k. rammi um samstarf, einkum ef til útgreiðslna kæmi, en eru ekki lagalega bindandi. Samningar um aukatryggingu hafa verið gerðir við Bretland, Finnland, Danmörku og Noreg og samningur við Holland er í undirbúningi. Þá njóta innstæður í útibúi Kaupþings í Svíþjóð samskonar aukatryggingar án þess að sérstakur samningur sé fyrir hendi.

Hvernig útgreiðslum yrði háttáð, í þeim tilfellum þar sem aukatrygging er til staðar, er samningsatriði milli tryggingarsjóðanna í hverju tilfelli fyrir sig, en þrenns konar uppgjör eru möguleg. Í fyrsta lagi getur íslenski Tryggingasjóðurinn greitt innstæðueigendum þá fjárhæð sem þeir eiga rétt á úr íslenska sjóðnum og erlendi sjóðurinn síðan tekið við og greitt það sem uppá vantar samkvæmt aukatryggingarsamningnum. Í öðru lagi er samhliða greiðsla úr íslenska og erlenda tryggingasjóðnum möguleg. Í þriðja lagi er mögulegt að erlendir tryggingasjóðir greiði innstæðueigendum í erlendum útibúum að fullu og geri svo endurkröfu á íslenska sjóðinn.

Í samstarfssamningi Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta við finnska tryggingasjóðinn er kveðið á um að Tryggingarsjóðurinn skuli greiða innstæðueigendum í Finnlandi í evrum. Slík

Viðskiptaráðuneytið
10. apríl

Trúnaðarmál

Ákvæði eru ekki í öðrum samningum, en líklegt er að almennt yrðu innstæður í erlendri mynt greiddar í þeirri mynt sem innlán eru í.

Viðskiptaráðuneytið
10. apríl

Trúnaðarmál

Viðauki I.

Auglýsing um frest til að lýsa kröfum.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins/úrskurði dags. xxxx, var xxxx, kt. xxxx lýst ófært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu sem viðskiptavinur hefur krafist aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á/tekið til gjaldþrotaskipta.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta starfar samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Markmið þeirra laga er m.a. að veita viðskiptavinum viðskiptabanka og sparisjóða lágmarksvernd gegn greiðsluferfiðleikum þeirra. Sjóðnum er m.a. skylt við greiðsluþrot/gjaldþrot viðskiptabanka og sparisjóða að greiða viðskiptavinum þeirra andvirði innstæðna sem tilkomnar eru vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum, eftir þeim lögum sem um starfsemi sjóðsins gilda.

Frestur til að lýsa kröfum í sjóðinn vegna greiðsluþrots/gjaldþrots xxx rennur út xxxx. Kröfur skulu berast Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík. (Ef gjaldþrot: Kröfulýsingu skal fylgja afrit af kröfulýsingu í þrotabú xxx).

Nánari upplýsingar veitir starfsmaður sjóðsins í síma xxxx.

Reykjavík, xxx.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

Viðskiptaráðuneytið
10. apríl

Trúnaðarmál

Yfirlýsing

Unnt er að setja yfirlýsingu fram á nokkra vegu – hér eru settir fram tveir möguleikar:

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta starfar samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Markmið þeirra laga er m.a. að veita viðskiptavinum viðskiptabanka og sparisjóða lágmarksvernd gegn greiðsluferfiðleikum þeirra. Sjóðnum er m.a. skylt við greiðsluþrot/gjaldþrot viðskiptabanka og sparisjóða að greiða viðskiptavinum þeirra andvirði innstæðna sem tilkomnar eru vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum, eftir þeim lögum sem um starfsemi sjóðsins gilda.

Samkvæmt lögum ber Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta að greiða viðskiptavini aðildarfyrirtækis andvirði innstæðu hans. Þegar eignir hrökkva ekki fyrir greiðslu krafna skal skipta greiðslum milli kröfuhafa þannig að krafa hvers þeirra allt að xx¹ millj. kr. sé greidd að fullu, en það sem umfram er skal bætt hlutfallslega eftir því sem eignir innstæðueildar hrökkva til.

Ríkisstjórnin lýsir því yfir að ríkissjóður muni veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta lán, sem stjórn sjóðsins er heimilt að taka á grundvelli 10. gr. laganna, til að sjóðnum sé fært að greiða kröfuhöfum (lágmarksgreiðslu/greiðslu að fjárhæð xxx).

EÐA

Ríkisstjórnin lýsir því yfir að ef nauðsyn ber til mun ríkissjóður ábyrgjast allar innstæður/hluta innstæðna í xxxx/öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum á meðan óróleiki er á fjármálamörkuðum.

Taka þarf afstöðu til:

1. Á að lofa TIF láni eða ábyrgjast innstæður.
2. Á að ábyrgjast allar innstæður eða hluta þeirra og þá hvað mikið.
3. Á að ábyrgjast innstæður allra viðskiptabanka og sparisjóða eða innstæður tiltekins aðila.
4. Á ábyrgðin að vera tímabundin.

¹ Uppreiknuð fjárhæð – miðað við gengi 7. apríl 2008 er fjárhæðin 2.372.000 kr.

Viðskiptaráðuneytið
9. maí 2008

Trínaðarmál

Ábyrgð á innstæðum.

Taka þarf afstöðu til nokkurra atriða þegar fjallað er um ábyrgð ríkisins á innstæðum. Eftirfarandi möguleikar eru fyrir hendi:

1. Ríkisstjórnin ábyrgist að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta verði veitt lán eða ábyrgist að greiða lágmarks tryggingarvernd.

Í 10. gr. laga um innstæðuþryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999 er heimild fyrir stjórn sjóðsins til að taka lán til að sjóðnum sé fært að greiða kröfuhöfum lágmarksgreiðslu, en lágmarksgreiðsla til hvers aðila er 1.7 m.kr. bundin við gengi evru miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999, það samsvarar 20.887 evrum eða 2.473.856 kr. miðað við gengi 8. maí 2008. Mögulegt er að ríkisstjórnin gefi út yfirlýsingu þar sem fram kemur að ríkið muni veita Tryggingarsjóðnum slíkt lán. Þá gæti ríkisstjórnin einnig ábyrgst greiðslu umræddrar lágmarksfjárhæðar.

Í árslok 2007 voru tryggðar innstæður 2.318 ma.kr. en eignir innstæðudeildar sjóðsins um áramót voru 8,3 ma.kr. Síðan þá hefur sjóðurinn innheimt 2.537 m.kr. hjá aðildarfélögum og aflað ábyrgðaryfirlýsinga að fjárhæð 6.045 m.kr.

Í gögnum Tryggingarsjóðs liggja ekki fyrir upplýsingar um fjárhæð innstæðna undir lágmarksvernd. Hins vegar er unnt að hafa hliðsjón af upplýsingum sem viðskiptaráðuneytið aflaði í september 2007, en þá voru innstæður 2.086 ma.kr. Þar af voru innstæður einstaklinga undir 1.7 m.kr. 103.5 ma.kr. og innstæður lögaðila undir 1.7 m.kr. 11.8 ma. kr. Alls voru því innstæður undir 1.7 m.kr. **115.3 ma.kr.** Á bak við innstæður undir lágmarkstryggingarvernd voru alls 782.123 kennitölur, en 114.973 kennitölur á bak við innstæður sem voru hærri en lágmarkstryggingaverndin.

Við mat á fjárhæð láns ríkissjóðs til Tryggingarsjóðsins eða ábyrgð ríkisins sem nemur lágmarkstryggingarvernd verður að taka mið af eignum Tryggingarsjóðs annars vegar og hins vegar þess að fjárhæð lágmarkstryggingarinnar er nú orðin mun hærri en 1,7 m.kr. Þá verður að hafa í huga að ofangreindar tölur miðast við allar tryggðar innstæður hjá öllum aðilum sjóðsins.

2. Ríkisstjórnin ábyrgist hluta innstæðna.

Ef ákveðið er að ríkið ábyrgist greiðslu á hluta innstæðna verður að taka afstöðu til eftirfarandi atriða:

- a. Á að ábyrgjast innstæður allra viðskiptabanka og sparisjóða eða innstæður tiltekins aðila.
- b. Á ábyrgðin að vera tímabundin og þá til hversu langs tíma.
- c. Hvað á ábyrgðin að vera há.

Viðskiptaráðuneytið
9. maí 2008

Trúnaðarmál

Í eftirfarandi töflum koma fram upplýsingar um innstæður sem byggjast á gögnum sem viðskiptaráðuneytið aflaði í september 2007.

Allir viðskiptabankar og sparisjóðir.¹

	<i>5 m.kr. vernd</i>	<i>8 m.kr. vernd</i>	<i>10 m.kr. vernd</i>
Einstaklingar			
Hámarksvernd	499.5 ma.kr.	563 ma. kr.	647.2 ma.kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	52	58	67
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	95	97	98
Lögaðilar			
Hámarksvernd	55.5 ma.kr.	73.1 ma.kr.	84.8 ma. kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	5	7	8
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	90	92	93
Samtals einstakling og lögaðilar	555 ma.kr.	636.1 ma.kr.	732 ma.kr.

Stærstu viðskiptabankarnir.²

Glitnir	<i>5 m.kr. vernd</i>	<i>8 m.kr. vernd</i>	<i>10 m.kr. vernd</i>
Einstaklingar:			
Hámarksvernd	54.5 ma.kr.	64.5 ma.kr.	71.2 ma.kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	62	73	81
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	98	99	99
Lögaðilar:			
Hámarksvernd	14 ma.kr.	18.6 ma.kr.	21.6 ma.kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	4	6	7
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	90	92	93
Samtals einstakl. og lögaðilar	68.5	83.1	92.8

Kaupþing	<i>5 m.kr. vernd</i>	<i>8 m.kr. vernd</i>	<i>10 m.kr. vernd</i>
Einstaklingar:			
Hámarksvernd	58.6 ma.kr.	70 ma.kr.	77.6 ma.kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	60	72	79
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	97	98	99
Lögaðilar:			
Hámarksvernd	12 ma.kr.	15.6 ma.kr.	18 ma.kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	4	5	6
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	90	92	93
Samtals einstakl. og lögaðilar	70.6 ma. kr.	85.6 ma.kr.	95.6 ma.kr.

¹ Tölurnar byggjast á upplýsingum frá öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum, nema þeim sem skiluðu ekki gögnum til ráðuneytisins. Upplýsingarnar varðandi einstaklinga byggjast á nákvæmari gögnum en stuðst var við í minnisblaði frá 4. apríl og því er niðurstaðan frábrugðin.

² Tölurnar byggjast á upplýsingum frá bönkunum til viðskiptaráðuneytisins í september 2007.

Viðskiptaráðuneytið
9. maí 2008

Trúnaðarmál

Landsbanki	5 m.kr. vernd	8 m.kr. vernd	10 m.kr. vernd
Einstaklingar:			
Hámarksvernd	323.6 ma.kr.	403.9 ma.kr.	457.4 ma.kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	48	61	69
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	91	95	96
Lögaðilar:			
Hámarksvernd	16 ma.kr.	21.5 ma.kr.	25.2 ma.kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	4	6	6
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	89	91	92
Samtals einstakl. og lögaðilar	339.6 ma.kr.	425.4 ma.kr.	482.6 ma.kr.

3. Ríkisstjórnin ábyrgist allar innstæður.

Í árslok 2007 var heildarfjárhæð tryggðra innstæðna **2.318 ma.kr.** Heildareignir innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta eru nú tæplega 11 ma.kr. auk ábyrgðaryfirlýsinga frá aðildarfélögum að fjárhæð 6.045 m.kr.

Viðskiptaráðuneytið
7. júlí 2008

Innstæður.

Upplýsingar um innstæður í öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum sem byggjast á gögnum sem viðskiptaráðuneytið aflaði í september 2007.

	5 m.kr. vernd	8 m.kr. vernd	10 m.kr. vernd
Einstaklingar			
Hámarksvernd	499.5 ma.kr.	563 ma. kr.	647.2 ma.kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	52	58	67
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	95	97	98
Lögaðilar			
Hámarksvernd	55.5 ma.kr.	73.1 ma.kr.	84.8 ma. kr.
Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum %	5	7	8
Þeir sem eru tryggðir að fullu %	90	92	93
Samtals einstakling og lögaðilar	555 ma.kr.	636.1 ma.kr.	732 ma.kr.

Í þeim gögnum sem viðskiptaráðuneytið aflaði í september 2007 er ekki að finna upplýsingar um dreifingu innstæðna á bilinu 1.7 og 5 m.kr. Í meðfylgjandi töflu eru reiknaðar út líkur á dreifingu fjölda þeirra sem eru með 2, 3, og 4 m.kr. innstæður. Þá hefur ráðuneytið aðeins upplýsingar um fjölda aðila og upphæðir innstæðna erlendra aðila en ekki skiptingu innstæðna milli landa.

Hámarksvernd	Fjárhæðir í ma.kr.				
	Innlendir	%	Erlendir	%	Samtals
Einstaklingar					
≈5 þak	236,050	98	263,450	89	499,500
≈4 þak	216,800	↑	205,300	↑	422,100
≈3 þak	195,300	↑	161,400	↑	356,700
≈2 þak	80,000	94	24,500	62	104,500
Lögaðilar					
≈5 þak	53,550	90	2,040	50	55,590
≈4 þak	46,780	↑	1,650	↑	48,430
≈3 þak	38,990	↑	1,263	↑	40,253
≈2 þak	11,850	82	50	46	11,900


VIRÐIST LAGT FRAUM
25. Mars 2008

Greining á innlánum viðskiptabanka og sparisjóða

Heildarfjárhæð innstæðna hjá móðurfélögum viðskiptabanka og sparisjóða¹ nam um 2.086 ma. kr. í lok september 2007. Að baki þessari heildarfjárhæð eru 897.096 kennitölur innlendra og erlendra einstaklinga og lögaðila. Heildarinnstæður sem voru bundnar í 3 – 12 mánuði voru 614 ma. kr. eða 29,4% af samtölu innstæðna. Skýring á þessum fjölda kennitalna í samanburði við íbúafjölda í landinu er að einstaklingur getur átt spari- og/eða tékkareikning í fleiri en einum banka og erlendir innstæðueigendur eru taldir með.

Mynd 1

Innstæður hjá móðurfélögum viðskiptabanka og sparisjóða eftir bindingu




Eins og sést á mynd 1 eru innstæður hjá móðurfélögum viðskiptabanka samtals 1,886 ma. kr. en þar af eru 554 ma. kr. bundnar í 3-12 mánuði eða um 29,4% af samtölu innstæðna. Innstæður sparisjóðanna eru um 198 ma. kr. en af þeim eru um 60 ma. kr. bundnir eða um 30,3% af innstæðum sparisjóðanna. Meðalinnstæður hjá viðskiptabönkunum eru 3 m. kr. en 1 m.kr. hjá sparisjóðum.

¹ Að frátöldum Straumi Burðarás, Sparisjóði Kópavogs og Sparisjóði Húnaþings- og Stranda.


Mynd 2

Innstæður innlendra og erlendra einstaklinga og lögaðila



Eins og sést á mynd 2 eru innstæður innlendra einstaklinga og lögaðila í móðurfélögum viðskiptabanka og sparisjóða um 1.065 ma. kr., þar af eru innstæður einstaklinga 401 ma. kr. en lögaðila 664 ma. kr. Innstæður erlendra einstaklinga og lögaðila eru um 1.020 ma. kr. en þar af eru innstæður einstaklinga 562,6 ma. kr. en lögaðila 458 ma. kr. Öfugt við innstæður innlendra aðila er virði innstæðna erlendra einstaklinga meira en lögaðila.

Samtals innstæður eftir upphæðum (m.kr)



Á mynd 3 eru samtals innstæður undir 20 m. kr. bornar saman við innstæður virði 20 m. kr. og yfir. Fjöldi kennitala sem eru með undir 20 ma. kr. hjá móðurfélögum viðskiptabanka og sparisjóða eru 889.231 en innstæður þeirra eru um 743,4 ma. kr. Fjöldi kennitala virði 20 ma. kr. og yfir eru samtals 7.865 en virði þeirra innstæða er um 1.342,6 ma. kr.

Yfirlit yfir stærðardreifingu innistæða hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum (m.kr.)

Innlendir einstaklingar

Upphæð innistæðu	Fjöldi kennitalna	Samtals innistæður	Heildarinnistæður flokks	Hlutfall af heildarinnistæðum flokks
<1.700.000	630.881	79.112	400.910	19,73%
<5.000.000	656.207	154.989	400.910	38,66%
<10.000.000	665.368	219.682	400.910	54,80%

Innlendir lögaðilar

Upphæð innistæðu	Fjöldi kennitalna	Samtals innistæður	Heildarinnistæður flokks	Hlutfall af heildarinnistæðum flokks
<1.700.000	46.061	11.718	664.459	1,76%
<5.000.000	50.822	26.190	664.459	3,94%
<10.000.000	52.740	41.796	664.459	6,29%

Erlendir einstaklingar

Upphæð innistæðu	Fjöldi kennitalna	Samtals innistæður	Heildarinnistæður flokks	Hlutfall af heildarinnistæðum flokks
<1.700.000	104.829	24.386	562.617	4,33%
<5.000.000	145.647	153.536	562.617	27,29%
<10.000.000	156.966	250.373	562.617	44,50%

Erlendir lögaðilar

Upphæð innistæðu	Fjöldi kennitalna	Samtals innistæður	Heildarinnistæður flokks	Hlutfall af heildarinnistæðum flokks
<1.700.000	352	48	458.040	0,01%
<5.000.000	378	136	458.040	0,03%
<10.000.000	397	288	458.040	0,06%

Samtals < 1.700.000	782.123	115.264	2.086.028	5,53%
Samtals < 5.000.000	853.054	334.851	2.086.028	16,05%
Samtals < 10.000.000	875.471	512.139	2.086.028	24,55%

Fundur í viðskiptaráðuneytinu 15.01.2008 með Jóni Sigurðssyni formanni stjórnar FME, viðskiptaráðherra og aðstoðarmanni hans.

Rætt um evruskráningu fyrirtækja. Fram kom að aðild Seðlabankans að ferlinu væri sérstök þar sem ekki væri lagastoð fyrir því heldur byggði hún á reglugerðarákvæði sem gengi lengra en lögin. Í reglugerðinni frá í fyrra sé skýrðið um að ein erlend mynt verði að vera afgerandi en það sé þrenging og ekki í anda laganna. Talað um að Straumur-Burðarás hafi fengið heimildina til evruskráningar svo spurningin um jafnræði hljóti að vakna í tilviki Kaupþings. Fram kom að það væru mjög slæg áhrif af deilu stærsta banka landsins og Seðlabankans.

Rætt um kaup Kaupþings á NIBC og um hlutverk og möguleika Fjármálaeftirlitsins til að hafa áhrif á kaupin. Sammála um að þau kaup séu Kaupþingi og íslensku fjármálakerfi ofviða. Ef Kaupþing fer illa fer Exista líka. Gætu sent gult spjald sem gerði Kaupþingi kleift að fara út úr kaupunum með frjálsum samningum. Jón Sigurðsson mun skoða hvað hann getur gert sem formaður stjórnar FME.

Talað um að menn séu alltaf að lána sjálfum sér – of mikil vensl á lánamarkaði og það þyrfti að skerpa regluverkið þannig að fyrir lægi hverjir eru raunverulegir eigendur hlutafjár.

Fram kom að bankarnir væru sterkir fyrir og verði með skikkanlega ávöxtun eigin fjár – 15-20% í stað 30-40% áður. Gætu komið upp vandamál hjá sparisjóðunum. Með eignir á of fáum stöðum. Of mikil áhætta. Bankarnir eiga að geta staðið af sér óveður. Eigin eign bankanna í hlutabréfum á ísl. markaðnum minni en ætla mætti og þ.a.l. áhrif verðfalls minni.



Forsætisráðuneyti
Bolli Þór Bollason
Lækjartorgi Stjórnarr
150 Reykjavík

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
postur@vrn.stjr.is
www.vrn.stjr.is

Reykjavík 17. september 2007
Tilv.: VRN07090001/10.201

Vísað er til orðsendingar forsætisráðuneytisins dags. 30. ágúst sl., þar sem óskað er upplýsinga um áformuð þingmál viðskiptaráðherra á komandi þingi.

Gert er ráð fyrir að eftirfarandi frumvörp verði lögð fram af hálfu viðskiptaráðherra:

1. Frumvarp til laga um staðfestingu á bráðabirgðalögum um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Hinn 6. júlí sl. staðfesti forseti Íslands lög sem afgreidd voru á fundi ríkisstjórnarinnar þann sama dag, þess efnis að heimilt sé að nota raflagnir og rafföng í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli til 1. október 2010. Raflagnir og rafföng á varnarsvæðinu eru í samræmi við bandaríska staðla og uppfylla því ekki þær kröfur sem gerðar eru í íslenskum lögum og reglugerðum. Því er ljóst að skipta verður um raflagnir innan svæðisins. Það er viðamikil verkefni og mun hafa mikinn kostnað í för með sér. Skólastarf hefst á svæðinu haustið 2007 og til stóð að afhenda fyrstu íbúðir þar um miðjan ágúst. Ómögulegt var talið að koma raflögnum í rétt ástand fyrir þann tíma, auk þess sem erfitt er að fá iðnaðarmenn til starfsins. Nauðsynlegt var því að setja bráðabirgðalög vegna málsins. Leggja þarf fram frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögnum í þingbyrjun, sbr. 28. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ljúka þarf afgreiðslu frumvarpsins innan sex vikna frá því að þing kemur saman.

2. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálaStarfsemi.

Á hverju hausti er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á þessum lögum, sem er grundvöllur fjármögnunar á starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

3. Frumvarp til laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Í frumvarpi þessu felast tillögur til nýrra heildarlaga um fyrningu skulda. Núgildandi lög eru frá árinu 1905. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998 um verslunaratvinnu.

Frumvarp þetta varðar sölu myndverka á listmunauppboðum og listaverkasölum og kemur til vegna tillagna nefndar á vegum menntamálaráðuneytisins um ráðstafanir til að sporna við fölsun listaverka. Ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir að seljandi myndverka geri kröfu um eigendasögu listaverka sem selja á. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

5. Frumvarp til laga um breytingar á umferðarlögum nr. 50/1987.

Frumvarp þetta er til komið vegna fimmtu tilskipunar ESB um ökutækjatrýggingar. Lagt er til að ákvæði um skyldu til útgáfu tjónsvottorðs, skyldu upplýsingamiðstöðvar til að miðla grundvallarupplýsingum og starfsheimildir tjónsfulltrúa verði felld inn í gildandi umferðarlög. Önnur efnisákvæði tilskipunarinnar hafa þegar verið innleidd í landslög eða kalla á setningu eða breytingu reglugerða. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

6. Frumvarp til laga um sértryggð skuldabréf.

Sértryggð skuldabréf (e. covered bonds) eru skuldabréf sem tryggð eru með veði í fasteignatryggðum skuldabréfum eða skuldabréfum útgefnum af opinberum aðilum. Fjármálagemingar af þessu tagi hafa rutt sér mjög til rúms hin síðari ár í Evrópu og áhugi hefur verið vaxandi á því héraendis að sett verði sérstök lögjöf um sértryggð skuldabréf. Ráðuneytið hefur unnið frumvarp til nýrra laga um þessa tegund fjármálagemninga. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

7. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Á vegum ráðuneytisins starfar vinnuhópur sem hefur það verkefni með höndum að yfirfara ákvæði laga nr. 98/1999. Sérstaklega er unnið að skoðun á umfangi greiðslna í og úr tryggingasjóðnum og því hversu víðtæk tryggingarvernd innstæðueigenda eigi að vera. Tillögur til breytinga á lögnum munu væntanlega liggja fyrir á haustdögum. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

8. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagusæi markaðarins.

Frumvarp þetta er til komið vegna innleiðingar á tilskipun nr. 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum. Tilskipunin gildir um viðskipti neytenda við seljendur sem stunda starfsemi sína í atvinnuskyni og mælir fyrir um bann við óréttmætum viðskiptaháttum sem hafa fjárhagsleg áhrif á hagsmunum neytenda. Samkvæmt tilskipuninni skulu viðskiptahættir sérstaklega taldir óréttmætir ef þeir eru villandi eða ágengir. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

9. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Frumvarp þetta er til komið vegna áætlunar ESB um að einfalda reglur á sviði félagaréttar. Annarri félagaréttartilskipun ESB hefur verið breytt á þann veg að slakað er á kröfum til hlutafélaga varðandi skráningu þeirra og verndun og breytingu á hlutafé. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

10. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Frumvarp þetta er til komið vegna áætlunar ESB um að einfalda reglur á sviði félagaréttar. Annarri félagaréttartilskipun ESB hefur verið breytt á þann veg að slakað er á kröfum til hlutafélaga varðandi skráningu þeirra og verndun og breytingu á hlutafé. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

11. Frumvarp til laga um breytingar á samkeppnislögum nr. 44/2005.

Í frumvarpinu verður gerð tillaga um breytingar á ákvæðum samkeppnislaga um samruna með tilliti til reynslu af samrunaákvæðum laganna til þessa og þróun evrópuréttar á þessu sviði. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

12. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Þann 1. janúar 2006 tóku gildi ný heildarlög um váttryggingarsamninga. Í 82. gr. laganna er kveðið á um skyldu váttryggingataka og váttryggðs til þess að veita upplýsingar um áhættu og takmarkanir á upplýsingagjöf. Ágreiningur reis á milli Persónuverndar og Fjármálaeftirlitsins um heimildir váttryggingarfélaga til að krefjast upplýsinga um heilsufar náinna skyldmenna við töku persónutrygginga. Unnið er að frumvarpi þar sem leitast er við að finna lausn á þessu vandamáli. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

13. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.

Starfshópur hefur verið skipaður til að ljúka innleiðingu á tilskipun ESB um endurtryggingar. Frestur til að innleiða tilskipunina er til 10. desember 2007. Einnig er ráðgert að færa ákvæði er varðar váttryggingafélög til samræmis við önnur fjármálafyrirtæki.s.s varðandi leyfisveitingar, ársreikninga og reikningsskil. Þá þarf að gera breytingar á ákvæðum er varðar reglur um viðbótareftirlit með váttryggingafélögum í hópi í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA þar um. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

14. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Ráðuneytið vinnur að endurskoðun laga nr. 64/2006 með tilliti til athugasemda í skýrslu vegna úttektar FATF (Financial Action Task Force) á aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka á Íslandi frá 2006. Frumvarp þetta snýr m.a. að breytingum á ákvæðum laganna um könnun á áreiðanleika viðskiptavina og viðurlög. Í tengslum við þetta verkefni hafa vinnuhópar á vegum ráðuneytisins m.a. til umfjöllunar fyrirkomulag eftirlits með framkvæmd laga nr. 64/2006 að því er varðar aðra tilkynningarskylda aðila en fjármálafyrirtæki og uppfyllingu þjóðréttarlegra skuldbindinga skv. sérstökum tilmælum FATF um gjaldeyrisskiptastöðvar og peninga- og verðmætasendingarþjónustur. Niðurstöður vinnu þessara hópa kunna að leiða til frekari tillagna ráðuneytisins að lagasetningu/-breytingum á komandi vetri. Skýrslu vegna úttektar á aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka á Íslandi verður fylgt eftir haustið 2008 af hálfu FATF og mikilvægt er huga að úrbótum á löggjöfinni í samræmi við athugasemdir aðgerðahópsins fyrir þann tíma. Framlagning er fyrirhuguð á haustþingi.

15. Frumvarp til laga um niðurlagningu flutningsjöfnunarsjóðs olíu.

Ákveðið hefur verið að leggja niður flutningsjöfnunarsjóð olíu og er fyrirhuguð að leggja fram frumvarp í þá veru á haustþingi.

16. Frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Unnið er að frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga sem fyrirhuguð er að leggja fram á vorþingi. Verkefnið er unnið af nefnd skipaðri af viðskiptaráðherra, undir forsæti Friðgeirs Björnssonar fyrrum dómstjóra. Frumvarpinu er ætlaður sá tilgangur að auðvelda þeim einstaklingum, sem augsýnilega geta ekki staðið eða munu eiga í verulegum erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sínar á næstu árum, miðað við eðli skuldanna og aðstæður að öðru leyti, að ná tókum á fjármálum sínum til frambúðar.

17. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 50/2007 um sameignarfélög.

Með frumvarpi þessu er ráðgert að bæta inn í ný lög um sameignarfélög allmörgum ákvæðum um samlagsfélög. Verður mælt fyrir um reglur um þessi félagaform í einum og sama lagabálknum svipað og gert er í Noregi. Framlagning fyrirhuguð á vorþingi.

18. Frumvarp til laga um rafmagnsöryggi, markaðseftirlit og rafvirkjunarstörf.

Frumvarpið mun mæla fyrir um heildarendurskoðun á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996 m.a. með tilliti til reglna í tilskipunum ESB. Þá er fyrirhuguð að setja skýrari ákvæði um löggildingu rafverktaka og endurskoða skilgreiningar. Loks er þörf á að endurskoða ákvæði laganna og færa þau til samræmis við raforkulög nr. 65/2003. Framlagning fyrirhuguð á vorþingi.

19. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Reglur um yfirtökur eru í endurskoðun í ráðuneytinu m.t.t. þess hvort yfirtökuskylda stofnist óháð því að aðilar lækki hlut sinn innan tiltekins tíma. Ráðgert er að leggja fram frumvarp á vorþingi til breytinga á ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.


20. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði.

Ábendingar hafa borist frá markaðnum og Fjármálaeftirlitinu um að rétt sé að breyta nokkrum ákvæðum laganna, m.a. um heimildir til að breyta verðbréfasjóði í fjárfestingarsjóð og hámarksfjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða. Ráðuneytið hefur unnið að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 30/2003 með tilliti til ábendinganna. Með frumvarpinu er enn fremur ætlunin að innleiða nýlegar breytingar á verðbréfasjóðatilskipun ESB. Framlagning er fyrirhuguð á vorþingi.

21. Frumvarp til laga um innheimtu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. um góða innheimtuhætti. Framlagning er fyrirhuguð á vorþingi.

Fyrir hönd ráðherra


Jónna S. Lárusdóttir


Áslaug Árnadóttir



Forsætisráðuneyti
Bolli Þór Bollason
Lækjartorgi Stjórnarr
150 Reykjavík

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ


Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 8800 bréfasími: 511 1161
postur@vrn.stjr.is
vidskiptaraduneyti.is

Reykjavík 19. september 2008
Tilv.: VRN08080019/10.201

Vísað er til orðsendingar forsætisráðuneytisins, dags. 19. ágúst 2008, þar sem óskað er eftir skrá yfir áformuð þingmál viðskiptaráðherra á 135. löggjafarþingi. Meðfylgjandi er listi yfir áformuð þingmál viðskiptaráðherra.

Fyrir hönd ráðherra


Áslaug Arnadóttir


Kjartan Gunnarsson

Skrá yfir áformuð þingmál viðskiptaráðherra á 135. löggjafarþingi.

Vísað er til orðsendingar forsætisráðuneytisins dags, 19. ágúst sl., þar sem óskað er upplýsinga um áformuð þingmál viðskiptaráðherra á komandi þingi.

Gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra leggi eftirfarandi frumvörp fram:

1. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfssemi.

Á hverju hausti er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á þessum lögum, sem er grundvöllur fjármögrunar starfssemi Fjármálaeftirlitsins. Framlagning er fyrirhuguð á haustþingi.

2. Frumvarp til laga um váttryggingarsarfssemi.

Með frumvarpinu verða ákvæði EES tilskipunar um endurtryggingu innleidd í íslenskan rétt, auk lokainnleiðingar á nokkrum ákvæðum eldri Evrópugerða. Að auki kalla ný lög um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004 og lög nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga á heildarendurskoðun á gildandi lögum á sviði váttryggingaréttar. Framlagning er fyrirhuguð á haustþingi.

3. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að kaffi verðbréfavíðskiptalaga um skyldu til að gera yfirtökuþilboð verði endurskoðaður. Framlagning er fyrirhuguð á haustþingi.

4. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði.

Frumvarpið leggur til breytingar á ákvæðum laga um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði um heimildir til að breyta verðbréfasjóði í fjárfestingarsjóði og hámarksfjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða. Með frumvarpinu er einnig ætlunin að innleiða nýlegar breytingar á Evróputilskipun um verðbréfasjóði. Framlagning er fyrirhuguð á haustþingi.

5. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki.

Ráðherra hyggst leggja til nokkrar breytingar á lögum um fjármálaþyrirtæki, þ. e. á ákvæðum laganna um sparisjóði, ákvæðum um stjórnasetu og meðferð virks eignarhluta og um tilhögun prófs í verðbréfavíðskiptum. Framlagning er fyrirhuguð á haustþingi.

6. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Á grundvelli EES-reglna þarf að breyta ákvæðum ofangreindra laga til að einfalda reglur við samruna og skiptingu félaga. Einnig stendur til gera tillögu um lögfestingu á skyldu til handa hlutaðeigandi félagaskrá til að bera fyrirhugað heiti félags saman við skráningu í vörumerkjaskrá hjá Eignaleystofnunni. Loks er gert ráð fyrir að reglur um undanþágur frá skyldu til innköllunar við lækku hlutafjár verði einfaldaðar. Framlagning er fyrirhuguð á haustþingi.

7. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 48/2003 um neytendakaup.

Með frumvarpinu er ætlunin að breyta gildissviði laganna þannig að þau nái einnig til yfirfærslu á raforku. Framlagning er fyrirhuguð á haustþingi.

8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 56/2007 um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

Breyta þarf ofangreindum lögum á grundvelli tilskipunar nr. 2005/29/EB, sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn. Framlagning er fyrirhuguð á haustþingi.

9. Frumvarp til laga um sölu fasteigna, þyrirtækja og skipa.

Frumvarp til nýrra heildarlaga um sölu fasteigna, þyrirtækja og skipa var lagt fram á Alþingi sl. vetur, en var ekki afgreitt. Það verður lagt fram að nýju, með minniháttar breytingum, á haustþingi.

10. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Á vegum ráðuneytisins starfar vinnuhópur sem hefur það verkefni með höndum að yfirfara heildstætt ákvæði laga nr. 98/1999. Framlagning fyrirhuguð á haustþingi.

11. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar.

Viðskiptaráðherra hefur skipað nefnd sem hefur það hlutverk að fara heildstætt yfir kosti og galla þess að afnema skylduvátryggingu vegna brunna húseigna. Nefndinni er ætlað að skila viðskiptaráðherra skýrslu og eftir atvikum drögum að lagafrumvarpi fyrir 1. desember. Framlagning, eftir atvikum, fyrirhuguð á vorþingi.

12. Frumvarp til laga um ökutækjatriggingar.

Í XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 er að finna ákvæði um ökutækjatriggingar. Samgönguráðuneyti vinnur nú að samningu frumvarps til nýrra umferðarlaga. Á vegum viðskiptaráðuneytis, ráðuneytis vátryggingamála, er liins vegar unnið að sjálfstæðu frumvarpi um lögmæltar ökutækjatriggingar. Framlagning er fyrirhuguð á vorþingi.

13. Frumvarp til laga um hamfaratryggingar.

Yfirstandandi er vinna við endurskoðun laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992. Framlagning fyrirhuguð á vorþingi.

14. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Frumvarp þetta mun taka á þeim athugasemdum sem Eftirlifstofnun EFTA hefur gert við gildandi lög. Framlagning er fyrirhuguð á vorþingi.

15. Frumvarp til laga um greiðslumiðlanir og/eða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæld.

Ráðherra skipaði á vordögum nefnd til að yfirfara lagaumbhverfi um rafræna greiðslumiðla og rafræn greiðslukerfi og meta hvort tilefni sé til frekari lagasetningar á þessu sviði. Meðal þess sem nefndin hefur nú til skoðunar er Evróputilskipun um greiðslumiðlanir, nr. 2007/64/EB. Framlagning frumvarps, er fyrirhuguð á vorþingi.

16. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Starfandi er nefnd sem ætlað er að gera tillögur að breytingum á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Framlagning frumvarps er fyrirhuguð á vorþingi.

17. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 45/1997 um vörumerki.

Breyta þarf ákvæðum laga um vörumerki þannig að svæðisbundin tæming réttinda gildi á Íslandi, til þess að samræmi sé milli reglna ESB-rikja og annarra EES-rikja, sbr. bókun 28 með EES-samningnum. Gera má ráð fyrir framlagningu á vorþingi.

18. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga að innleiðingu EES-tilskipunar um réttindi hluthafa. Framlagning fyrirhuguð á vorþingi.

19. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Gert er ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 22/1991 um samvinnufélög sem mun geyma ítarlegri reglur um slit samvinnufélaga en eru nú í lögum, auk ákvæða um að ekki verði unnt að stofna nýjar innlánsdeildir samvinnufélaga og að sólarlagsákvæði verði sett varðandi slíkar innlánsdeildir.

DRÖG
 ÁÁ/13. janúar 2008.

Frumvarp til laga
 um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr.
 98/1999, með síðari breytingum.

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Eftirfarandi fjármálafyrirtæki skulu vera aðilar að sjóðnum:

1. Viðskiptabankar og sparisjóðir
2. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu,
3. Önnur fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til að stunda viðskipti með verðbréf á grundvelli laga og hafa staðfestu hér á landi.
4. Útibú þeirra fjármálafyrirtækja sem talin eru upp í 1.-3. tölul. á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita útibúum fjármálafyrirtækja, sem eru aðilar að sjóðnum og hafa staðfestu hér á landi, sem staðsett eru í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum undanþágu frá aðild að sjóðnum.

Aðildarfyrirtæki að sjóðnum bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram lögbundin framlög til sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið skal halda sérstaka skrá um aðildarfyrirtæki að sjóðnum.

2. gr.

Í stað orðanna „viðskiptabanka og sparisjóði“ í 4. mgr. 4. gr. kemur: fjármálafyrirtæki.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur nýr kafli sem hefur fyrirsögnina **Tryggðar innstæður, verðbréf og reiðufé, svohljóðandi:**

a. (5. gr. a)

Tryggðar innstæður, verðbréf og reiðufé.

Með innstæðu er í lögum þessum átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa.

Með verðbréfum er í lögum þessum átt við verðbréf sem eru í vörslu, umisjón eða umsýslu aðildarfyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækis og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum.

Með reiðufé er átt við innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis í tengslum við viðskipti með verðbréf.

b. (5. gr. b)

Undanþágur frá tryggingaskyldu.

Undanskilin tryggingu skv. 5. gr. a eru:

1. innstæður, verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning og innstæður,
2. verðbréf og reiðufé sem tengjast málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningaþvætti,
3. innstæður, verðbréf og reiðufé frá fyrirtæki tengdu fjármálasviði, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um fjármálafyrirtæki,¹
4. innstæður, verðbréf og reiðufé frá váttryggingafélögum,
5. innstæður, verðbréf og reiðufé frá ríki, sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum,
6. innstæður, verðbréf og reiðufé frá fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu,
7. innstæður, verðbréf og reiðufé frá lífeyris- og eftirlaunasjóðum, ???
8. innstæður, verðbréf og reiðufé frá forstjórum, framkvæmdastjórum og öðrum stjórnendum lánastofnunar, frá félagsmönnum sem eru persónulega ábyrgir, frá eigendum minnst 5% af eigin fé lánastofnunar, frá aðilum sem bera ábyrgð á löglegri endurskoðun reikninga lánastofnunar, og frá innstæðueigendum með svipaða stöðu í öðrum félögum í sömu samsteypu.
9. innstæður, verðbréf og reiðufé frá öðrum félögum í sömu samsteypu,
10. innstæður, verðbréf og reiðufé sem innstæðueigandi hefur persónulega fengið fjárhagslegan ávinning sem hefur átt þátt í að rýra fjárhagsstöðu lánastofnunarinnar.
11. skuldaréf útgefin af lánastofnuninni og skuldbindingar sem varða eigin víxla og skuldaviðurkenningar,
12. innstæður, verðbréf og reiðufé frá félögum sem eru af þeirri stærð að þeim er ekki heimilt að semja styttn efnahagsreikning²

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „100 millj.“ í 1. mgr. kemur: xxx.
2. Í stað orðanna „20 millj.“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: xxx.
3. Í stað orðanna „50.000 kr.“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: xxx kr.
4. Í stað orðanna „1,7 millj. króna“ í 4. másl. 2. tölul. 2. mgr. kemur: xxx millj. króna.
5. Í stað orðanna „20 millj. króna“ í 6. mgr. kemur: xxx millj. króna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

1. Orðin „ráðherra og“ í 1. másl. 1. mgr. falla brott.
2. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Orðin „að fengnu álití Fjármálaeftirlitsins“ í 2. másl. 1. mgr. falla brott.
4. Í stað orðanna „50-500 þús.“ í 5. másl. 1. mgr. kemur xxx.
5. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
6. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
7. Orðin „að fengnu álití Fjármálaeftirlitsins“ í 3. mgr. falla brott.

¹ 1. mgr. 28. gr. laga um fjármálafyrirtæki

Hámark virkra eignarhluta.

Fjármálafyrirtæki mega ekki eiga virka eignarhluti í einstökum fyrirtækjum, sem ekki eru fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði, sem nema hærri fjárhæð en 15% af eiginfjárgrunni hlutadeigandi fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr. Með fyrirtæki tengdu fjármálasviði er átt við fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 2.–12. tölul. 1. mgr. 20. gr.

² Sbr. ákvæði sem innleiðir 11. gr. tilskipunar ráðsins 78/660/EBE – finna það í íslenskum lögum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „andvirði innstæðu úr innstæðudeild og andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf úr verðbréfadeild” í 1. mgr. kemur: í samræmi við ákvæði 10. gr.

3., 4., 5. og 6. mgr. 9. gr. falla brott.

7. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Greiðslur úr sjóðnum skulu nema heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum, þó skal einstaklingur aldrei fá greidda hærri fjárhæð en xxx krónur æu hvorri deild. Sjóðurinn verður ekki krafinn um frekari greiðslu þótt tjón kröfuhafa hafi ekki verið bætt að fullu.

8. gr.

. Í stað orðanna „50 millj.” í 11. gr. laganna kemur xxx.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þingflokksfundur 11. febrúar 2008 – úr fundargerð**Efnahags- og kjaramál**

ISG: Ríkisstjórnin mun koma með útspil vegna stöðunnar í efnahagsmálum í vikunni. Staðan á fjármálamörkuðum er alvarleg vegna ástandsins á alþjóðlegum mörkuðum og skuldetningar íslensku bankanna. Við þurfum að senda út þau skilaboð að við getum ráðið við vandann. Bankarnir munu standa af sér a.m.k. næstu 9 mánuði en spurningin er hvað ríkið getur gert hafi markaðir ekki opnast þá. Því þarf að svara. Moody's mat stöðu ríkisins neikvæða og lausnir á því gætu verið aukið aðhald og að Íbúðalánasjóður starfi í samræmi við stefnu Seðlabankans. Nýtt mat er væntanlegt þar sem lánshæfismat ríkis og banka lækkar enn frekar. Samtök fjármálafyrirtækja hafa sent ISG og GHH tillögur – eins konar bænaskjal.

Jón Þór Sturluson aðstoðarmaður viðskiptaráðherra og Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri voru settir í að skoða lausnir og hugmyndir þeirra eru t.d.:

- draga til baka reglugerð fjármálaráðherra um gjaldeyri og Seðlabanka – gæti verið sterkur leikur
- fjármögnun og skráning hlutafjár í erlendri mynt auðvelduð
- styrkja Tryggingasjóð innistæðueigenda
- auka gjaldeyrisforða með lántöku (ekki hagstætt núna – gert síðar er aðstæður batna)
- ríkið fari með bönkunum í kynningu erlendis á íslenskri fjármálastarfsemi

Þingflokksfundur 18. febrúar 2008 – úr fundargerð**Staðan á lausafjarmörkuðum**

ISG: Stöðuna á fjármálamörkuðum þarf að taka alvarlega og menn þurfa að passa sig á að tala ekki óvarlega því slíkt tal getur verið skaðlegt berist það út. Aðilar á markaði vilja helst ekki að talað sé hátt um þessi mál. Það þarf að styrkja gjaldeyrisforða og lausafjástöðu en hagstæðara að gera það án þess að mikið beri á. Það er líka mikilvægt að kynna styrkleikana, sterka stöðu ríkissjóðs og góða eiginfjástöðu bankanna án þess þó að gera of mikið úr því.

-----Original Message-----

From: CN=Geir H. Haarde/OU=FOR/O=NotesSTJR
Sent: 20. ágúst 2008 11:29
To: CN=Baldur Guðlaugsson/OU=FJR/O=NotesSTJR@NotesSTJR; "Bolli Þór Bollason" <bolli.thor.bollason@for.stjr.is>; "Björgvin G. Sigurðsson" <bjorgvin.g.sigurdsson@vrn.stjr.is>
Subject: Re: Áriðandi : Svar til breska fjármálaráðuneytisins v. Tryggingasjóðs innistæðueigenda

Eg tel að þetta svarbref sé orðið mjög fint. Við fjármálaráðgjaf herra höfum ekki athugasemdir.

Kveðja úr Reykholti.

Geir

----- Original Message -----

From: Baldur Guðlaugsson
Sent: 20.08.2008 10:36 GMT
To: Geir H. Haarde; Árni Mathiesen
Cc: Bolli Þór Bollason
Subject: Áriðandi : Svar til breska fjármálaráðuneytisins v. Tryggingasjóðs innistæðueigenda
Sælir

Sendi ykkur hér með drög að svari við bréfi sem viðskiptaráðuneytinu barst frá breska fjármálaráðuneytinu (sem fer með fjármálastöðugleikamál) þar sem spurt er hnitmiðaðra spurninga um stöðu Tryggingasjóðs innistæðueigenda og óskað staðfestingar stjórnvalda á því að ríkið muni sjá til þess að tryggingasjóðurinn geti staðið við greiðslur lögbundinnar lágmarkstryggingar til innistæðueigenda, ef á reynir. Viðskipta- fjármála- og forsætisráðuneytið höfðu samstarf um gerð svardraganna. Til viðmiðunar var haft að segja ekki meira en óhjákvæmilegt var talið um aðkomu ríkisins.

Stjórnarformaður íslenska tryggingasjóðsins á fund í London í fyrramálið með breska tryggingasjóðnum. Æskilegt er talið að svarbréf verði sent í dag. Það færi frá viðskiptaráðuneytinu.

Getið þið samþykkt að bréfið verði sent í dag ?

Baldur

--

[attachment "svar - maxwell - 18 agust - 4 - aths BB 190808.doc" deleted by Geir H. Haarde/FOR/NotesSTJR]